

Mie Schröder

Ellen M. Tudor Edwards, Tone Omland, Isabelle Royer, Victoria Armstrong Solli

Yes we can 6

Teacher's Book



Mie Schröder

Ellen M. Tudor Edwards, Tone Omland, Isabelle Royer, Victoria Armstrong Solli

Yes we can 6

Teacher's Book

Prentað efni

Nemendabók

- tekur til umfjöllunar mikilvæg og hvetjandi efni sem og alþjóðlegan vanda
- kynnir nemendur fyrir mismunandi tegundum texta
- hvetur nemendur til að vinna með námsmat á skapandi hátt
- tryggir kerfisbundið tungumálanám með hlustun, lestri og málnotkun nemenda

Verkefnabók

- inniheldur munnleg og skrifleg verkefni
- setur málfræði í skýrt samhengi við texta
- inniheldur matsverkefni
- hvetur til upprifjunar og samtals um eigið nám

Vefsvæði

Yes we can til nemenda

- inniheldur krækjur við allar kveikjumyndir til að hlusta
- hefur að geyma allar hljóðskrár, þ.á.m. texta og söngva
- gagnvirk verkefni
- krækjur sem snerta námsefnið

Kennsluleiðbeiningar

- innihalda tillögur um hvernig leggja má fram efni kaflanna
- fela í sér yfirlit yfir alla hlustunartexta
- innihalda tillögur um vinnu með námsmat
- tillögur að heimanámi

Yes we can til kennarans

- inniheldur aðgang að nemendasvæði
- aðgang að nemenda- og verkefna- bók og kennsluleiðbeiningum á rafbókarformi
- aðgang að viðbótarefni til útprentunar, yfirlit yfir útprentanlegt efni er aftast í bókinni
- lausnir við verkefni

Efnisyfirlit

Til kennarans 3

Uppbygging kennsluleiðbeininga 4

Að gera kennsluna sem besta 8

Talaðu ensku og haltu samræðum gangandi 8

The 100 magic words 9

Málfræðilegt samhengi 9

Samvinnunám 9

Áhersla á leiðsagnarmat 10

English at home 11

Kennslufræðilegar hugleiðingar 12

Að uppgötva enskuna 12

Málörvun og framfarir 12

Hljóðkerfisvitund og lestrarfærni 13

Námsaðferðir 13

Málfar í Yes we can 14

Yfirlit yfir orðaforða 15

1 Together Again 16

2 Me, Myself and I 26

3 Our Mysterious World 36

4 Time Off 45

5 Four Takes on the UK 54

6 Take It to the Extreme 61

Yfirlit yfir efni til útprentunar
og spil fyrir samvinnunám 71

Til kennara

Kennsluleiðbeiningum þessum er ætlað að gefa yfirlit yfir hvernig vinna má með kennslu-efnið *Yes we can 6*. Efnið samanstendur af nemendabók, verkefnabók og stafrænu efni á vef. Í efniinu er boðið upp á fjölbreytta texta hvað varðar efnisval, lengd og þyngd. Nemendur takast á við úrval munnlegra og skriflegra verkefna sem reyna á orðaforða, mál og málnotkun auk sjálfsmats.

Endurtekning og gagnsæ orð

Í *Yes we can 6* er, sem fyrr, lögð áhersla á endurtekningu orða og setningamynda. Unnið er markvisst með orðaforða hvers kafla og athygli vakin á gagnsæjum orðum, þ.e. orðum sem eru lík á íslensku og ensku, þar sem við á. Nemendum gefast stöðugt tækifæri til að tjá sig munnlega og skriflega og um leið verða þau meðvitaðri um hvaða hlustunar- og lestraraðferðir nýtast best við námið. Vangaveltur um eigin námstækni eru gagnlegur liður í sjálfsmati.

Nærumhverfið og heimsmálin

Áhersla er lögð á viðfangsefni sem standa nemendum nærri, svo sem íþróttir, menningu, listir, ferðalög og fleira. Námsefnið gefur innsýn í hvað börn og unglingar í enskumælandi löndum taka sér fyrir hendur í og utan skóla. Í hæfniviðmiðum aðalnámskrár er menningarlæsi eitt af áhersluatriðum í tungumálakennslu. Með umfjöllun um aðrar þjóðir og menningarheima opnast gáttir að fjölbreyttri menningu, aukinni víðsýni, skilningi, umburðarlyndi og virðingu gagnvart ólíkum háttum. Þannig má einnig stuðla að auknum skilningi á eigin menningu. Mikilvægt er einnig að vekja nemendur til umhugsunar um hvers vegna enska er alheimstungumál og hvers vegna það er gagnlegt að tileinka sér hana.

Málfræði

Í *Yes we can* er unnið með málfræði út frá innihaldi textanna. Hver kafli hefst á kynningu á málfræðiáherslum kaflans sem farið er yfir í sameiningu. Í kjölfarið vinna nemendur sjálfstætt að verkefnum bæði í verkefnabók og á vef. Málfræðiáherslur hvers kafla koma svo fyrir jafnt og þétt í kaflanum, þar sem nemendur mæta þeim, og vinna með, í eðlilegu samhengi. Með dæmum og verkefnum komast nemendur í kynni við orð og setningamyndir sem þeir mæta svo síðar í textum og verkefnum kaflans. Í námsmatshlutanum, *Let's go* er metið hvort nemandi hafi náð að tileinka sér málfræðihluta kaflans.

Námsmat

Nemendur vinna markvisst að mati á eigin námi og eru hvattir til að íhuga og ræða námsaðferðir og áskoranir sem þeir mæta í textum og verkefnum. Leiðsagnarmat fer fram samhliða náminu sjálfu og er liður í vinnu nemenda með skapandi verkefnum, matssiðum, samvinnunámi, aukaverkefnum og samtölum í kennslustundum. Námsefnið býður upp á skýrt samhengi milli náms, kennslu og námsmats og lagt er upp með að námsmatið sé leiðbeindandi, hvetjandi og upplýsandi. Staða nemandans er metin jafnóðum í samvinnu nemanda og kennara og út frá henni metið hvernig næstu skref í náminu skulu vera.

Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningarnar gefa yfirsýn yfir innihald hvers kafla, þ.m.t. orð og setningagerð, áherslur í töluðu máli og framburðarreglur, auk yfirlits yfir hvaða hæfniviðmiðum er unnið að hverju sinni. Efni kaflans er kynnt og tillögur um hvernig vinna má með hvert viðgangsefni fyrir sig. Tengslum nemendabókar og verkefnabókar eru gerð skil ásamt hlustunar-efni og tillögum að heimanámsverkefnum.

Uppbygging kennsluleiðbeininga

5

Four Takes on the UK

Four Takes on the UK er kafli sem kynnir nemendur fyrir löndunum fjórum sem tilheyra Bretlandi, Írlandi, Hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, auk þess að fjalla um kvikmyndir og tókustaði. Í upphafi er stuttlega unnið með fræðingum um hvert land fyrir sig en þar á eftir snýst um þáttunin fyrst og fremst um kvikmyndir.

Myndir höfðu til flestra nemenda og viðfarið býður upp á gagnleg samtöl um myndandi flokka kvikmynda, kvikmynda-gerð og, eðli málsins samkvæmt, áfram um myndir, ekki bara í samhengi við myndirnar heldur einnig í sambandi við sögu og sögu.

Í lok kaflans kynnumst við Brynna og nýtti einhverfu sína á jákvæðum með þrautseigju, dugnaði og gæmlega stærsta draum verða að veruleika.

Orð og setningamyndir

- castles, buildings, nature, scenery
- The capital city of ... is ...
- It is known for ...
- My favourite type of film is ...

Málfræðiáherslur

Notkun á *Have you got ...?*

Magic Words

more
bear
narrator
things
magic
that's
car
way
has
around
let's
only
thought
still
know

Verkefnabók bls. 70-71

Námsmarkmið

Soon

- I can tell facts about the UK.
- I can compare different film genres.
- I can read and talk about film locations in the UK.
- I can ask questions using the verb *have*.

Hér er almenn kynning á efni kaflans og sjá má hvaða orð, setninga-gerð og málfræðiatríði er unnið með.

er unnið með setningamyndina ...? Nemendur þekkja sagnorðið *have* þegar þau segja frá sjálfum sínum eða svara spurningum: *Do you have a car? I have a car. I was in England. I have a dog. I have two cars. Is Oliver on his way? Yes, he's on his way. Have you visited any English-speaking countries? Yes, I have. I have been to Canada.*

Í þessum kafla eiga nemendur að æfa sig að spyrja spurninga með *Have*. Þau þurfa að gera greinarmun á *Have* og *Has*. Rifjið upp beygingu sagnarinnar, sem þau þekkja frá því fyrr í námsefninu. Lesið dæmin vinstra megin og látið nemendur spyrja og svara til skiptis og ræða orðalagið.

Biðjið nemendur að útskýra hvers vegna sagt er *Has your brother got ...?* En *Have you got ...?* Vekið einnig athygli á úrfellingunum í *I've*, *hasn't*, *haven't*, *It's*. Nemendur lesa í þorum dæmin hægra megin, sem öll eru tekin úr kaflanum.

A Write and ask questions

Skrifaðu 5 spurningar og spurðu bekkjarfélaga. Merktu við eftir því hvernig viðkomandi svarar.

Write information

Skrifaðu fimm setningar um bekkjarfélaga þinn út frá svörum í verkefni A

Write the questions

Skrifaðu spurningar sem eiga við svörin.

Nemendur fara frá því þekktu til hins óþekkta með því að leita að orðum sem líkjast á íslensku og ensku (gagnsæ orð). Orð og hugtök sem nemendur hafa þegar lært koma aftur fyrir og eru notuð í nýju samhengi í öllu efninu.

... Verkefni-
in eru mismunandi en eiga það sameiginlegt
að stýðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðrétt-
ast sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 70-71

Kveikjmynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður á ensku um hvað nemendur telja að kaflinn fjalli um. Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur okkur í hug þegar við skoðum ljósmyndirnar og teikningarnar? Þekkjast nemendur orðið Takes? Ræðið höfuðborgir og biðjið nemendur að nefna dæmi þar sem nota má setningamyndina *The capital city of ... is ...*. Ef þeir þekkjast til borganna má halda áfram með *It is known for ...*.

Skotið ljósmyndir og teikningar inni og látið nemendur kynna kunnuglegt. Lesið kynningu og gerið ráð fyrir hæfileikningarnar:

- What do you know about ...
- What do you know about Scotland and the animated film, Brave?

Látið nemendur að endingu ljúka við þessar hjálparsetningar:

- When I look at the pictures, I think about ...
- I like the intro text about ...
- In this chapter we're going to talk about ...
- The topic in this chapter is ...

Nemendur taka fram verkefnabækur og vinna verkefni 1 á bls. 70. Hlustið á Section 1-4 sameiginlega áður en nemendur leysa verkefnið hver í sínu lagi.

Verkefnabók bls. 72

1 Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svar.

Hlustunartextar með kveikjmynd

Section 1

Read the question for section one. Now listen and choose the right answer.

- Football is the most popular sport in England. There are many famous football clubs there, such as Manchester United, Liverpool Football Club and Arsenal Football Club. Are you interested in football? What is your favourite football club?

- Did you know that the English are famous for drinking tea? They drink the most tea in the world. They usually have milk in their tea. Some people also take sugar.

Section 2

Read the question for section two. Now listen and choose the right answer. I like action films because they are exciting. Drama is often more serious. You can also watch an animated film, a Disney classic or a horror film. My friend John really likes adventure films. He made us watch Harry Potter, real fantasy.

Section 3

Read the question for section three. Now listen and choose the right answer.

- Do you remember reading about the amazing Nessie? The Scots are very proud of the Loch Ness monster.
- Edinburgh is my next stop. I want to listen to bagpipes and go on a hike in the Highlands.

Section 4

Read the question for section four. Now listen and choose the right answer.

- The town with the second longest name in the world is in Wales. It is called Llanfairpwllgwyngyllgogechwyrndrobwlllantysiliogogoch. The name has 58 letters.

Handrit af hlustunarefni í verkefnabók. Enskumælandi börn og fullorðnir lesa textana.



Hugmyndir að spurningum á ensku og verkefnum til að koma af stað samræðum um kveikjmyndina.

Hugmyndir að vinnu með texta, bæði fyrir, á meðan og eftir að hann er lesinn. Bakgrunnsupplýsingar og leiðbeiningar um framburð þegar það á við.

When
Neme
átrúna
af þeir
ur ósk
aðarg
að hann

sína og gefið móður sinni hús með útsýni. Einungis viðlagið er birt hér en þó er mælt með að hlusta á allt lagið og vinna með tónlistarmyndbandið. Nemendur þekkja að öllum líkindum rapparann Dimitri Vegas og út frá honum má beina umræðunni að þeirra eigin tónlistarsmekk. Texta lagsins má sjá hér að neðan fyrir þá sem óska að vinna frekar með lagið:

Yeah
Ground like I do 'em trees
It's true if you believe
You can get anything you want to achieve
And I swear to everything, tatted on my sleeve
It ain't what you see, a G has underneath
I left plenty positions of feelin' comfort
When shit ain't cool, fools rough for it
You gon' remember my name when I'm done with it
And when they sad and done, I'll be at to top
Where the summond is
Ten toes, we the ones who run it
Everything runnin' smooth, there ain't no dysfunction
If we talkin' money, call me that's a good discussion
I'm talkin' motivation with no interruption

Girls game, too and Acting is the best

Hér eru lesnir tveir stuttir textar þar sem jafnaldrar segja frá draumastörfum sínum og lýsa því hvað í þeim felst. Hlustið á og lesið textana. Gerið lista yfir einföld orð sem nemendur þekkja og annan yfir þyngri orð sem erfiðara er að geta sér til um hvað þýða. Spyrjið nemendur hvort þeir hafi líka áhuga á störfunum sem um ræðir og hvers vegna.

Verkefnabók bls. 15-17

19 Watch the video

Horðu á myndbandið á vef Yes We Can. Punkt-aðu hjá þér upplýsingar og skrifaðu í hringina.

- Hlekkur á myndbandið er inni á vef náms-efnisins. Áður en horft er skuluð þið ræða hverju nemendur ættu að hlusta/horfa eftir. Skiptið nemendum í hópa. Horfið aftur á myndbandið eftir þörfum þannig að allir nái að skrifa.

20 Write your own paragraph

Skrifaðu þína eigin útgáfu af *When I grow up*.

- Nemendur þurfa ekki endilega að skrifa um átrúnaðargoð. Það má líka velja einhvern sem maður þekkir, t.d. fjölskyldumeðlim eða vin.

Let's
play

Let's play – Please


Þátttakendur: Allur bekkurinn

- Nemendur leika mismunandi störf með látbragði. Leikurinn virkar eins og *Simon says* ... nema að í stað orðanna *Simon says* er notað orðið *Please*. Þegar kennarinn segir t.d. *Be a singer, please*, leika nemendur söngvara. Þegar kennarinn hins vegar segir bara *Be a singer*, standa allir kyrrir.
- Til að allir nemendur séu sem virkastir bíða þeir bara eina umferð ef þeir verða úr. Svo koma þeir inn í leikinn aftur.
- Það má gjarna hafa hugstorm í bekknum þar sem nefnd eru öll störf sem koma upp í hugann og þau skrifuð á töfluna áður en leikurinn hefst.
- Tillögur: *Be a singer, be a gamer, be a hairdresser, be a chef, be a doctor, be a bus driver, be a tennis player, be a police officer, be a teacher.*

21 Sort and write the words

Lestu orðin og flokkaðu þau í rétta orðflokka.

- Þetta verkefni getur reynst mörgum erfið að leysa, jafnvel þótt mörg orðana hafi komið fyrir áður. Látið nemendur vinna í hópum ef það hentar betur og gefið dæmi með setningum ef einhverjir eru í vafa.



ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu ljóðið *When I grow up* upphátt. Endurtaktu þar til þú hefur lært örfærni með öllum orðin örugg/ur á framburðinum. Þú getur lestrarhraða.
- Skrifaðu niður eins mörg orð og þú getur á 3 mínútur. Finndu þér spilafélaga (til dæmis einhvern á heimilinu eða í skólinum). Skiptist á að leika störf með þessum orðum og giska.
- Finndu út hvaða starfsheiti nokkrir í fjölskyldu þinni hafa. Hvað heita þau á ensku? Segið frá því hver vinnur við hvað.

Í *English at home*-hlutanum eru dæmi um hvernig nemendur geta unnið áfram með ensku í heimanámi. Verkefni byggja á nemendabókinni og gefa nemendum möguleika á að vinna áfram með orðaforða, setningagerðir og ákveðin verkefni. Það er skýrt samhengi á milli verkefnanna og efnisins í nemendabókunum. Hægt er að prenta verkefni út en nemendur geta einnig nálgast þau á vefsvæðinu. Fyrirmæli eru í kennsluleiðbeiningunum.

22 Read and write

Skrifaðu hvað er sérstakt, að mati Ava og Oliver, við draumastörfin þeirra.

23 Who does what?

Skrifaðu rétt starfsheiti í talblöðurnar.

- Bæta mætti við þetta verkefni með myndum af starfsmönnum sem þú fylgst með og metið. Einnig kemur til greina að láta nemendur búa til nýjar setningar við myndirnar.

Let's play



Let's play – Loop

Þátttakendur: Allur bekkurinn
Efni: Spil

- Nemendur fá eitt spil á mann.
- Sá sem fær spilið sem á stendur START, les spurninguna upphátt og leggur spilið á borðið.
- Sá sem hefur spilið með svarinu við viðkomandi spurningu, les það upphátt og spyr spurningarinnar af sama spili. Því næst leggur hann spilið á borðið við hliðina á því síðasta.
- Spilin mynda hring þegar allir hafa spurt og svarað.

Let's do more – Símat

Látið nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér fá þau endurtekningu á orðaforða og innihaldi kaflans. Þetta er gott verkefni til að nota sem lið í símati, þar sem nemendur fylgst með og metið. Þetta er gott verkefni til að nota sem lið í símati, þar sem nemendur fylgst með og metið. Þetta er gott verkefni til að nota sem lið í símati, þar sem nemendur fylgst með og metið.

Í *Let's do more* vinna nemendur í pörum og taka saman þau atriði sem þeir hafa lesið um í hverjum kafla fyrir sig. Þeir skiptast á að kasta teningi sem sýnir þeim hvaða spurningum þeir eiga að svara. Þetta er hluti af símatinu.

Þetta er gott verkefni til að nota sem lið í símati, þar sem nemendur fylgst með og metið. Þetta er gott verkefni til að nota sem lið í símati, þar sem nemendur fylgst með og metið. Þetta er gott verkefni til að nota sem lið í símati, þar sem nemendur fylgst með og metið.

Afbrigði: Vinnið verkefnið í hóp og ræðið hvernig svara má spurningunum á fullnægjandi hátt.

Verkefnabók bls. 19

Námið mitt

Prentið út ljósrit á vef fyrir nemendur eða látið þau skrifa svörin á blað.



Do you remember?

- Together Again!
- What does Harry want to be when he grows up?
 - Where does Zlatan live?
 - What is Denmark trying to be well-known for?
 - Who shows up at school and why?
 - Why does Ava like gaming?
 - Which job would you like to have?



Að gera kennsluna sem besta

Talið ensku og haldið samræðum gangandi við hvert tækifæri.

Enska, í töluðu og rituðu máli, verður á vegi barna og ungs fólks í dag í ómældu magni, til dæmis í bíómyndum, tónlist, þáttum, tölvuleikjum, afþreyingarefni, á ferðalögum og í enskútímum svo eitthvað sé nefnt og verða þau eðlilega fyrir áhrifum af þeirri ensku sem þau heyra. Æskilegt er að kennarar tali ensku við hvert tækifæri í kennslu, aðlagi orðaforðann að getu hvers og eins en séu jafnframt óhræddir við að láta reyna á nemendur sína. Í *Yes we can* læra nemendur einmitt námstækni sem gerir þeim kleift að skilja innihald, þrátt fyrir að sum orðanna séu áður óþekkt.

Notið líkamstjáningu óspart ásamt andlitsshreyfingum og endurtekningu. Þannig þróa nemendur með sér gagnlega hlustunartækni og verða virkir hlustendur. Leggið áherslu á að nemendur séu óhræddir við að spyrja spurninga. How do you say ... in English? What is ... in English? Þegar nemendur svara spurningum á íslensku getur kennari endurtekið svarið á ensku. Það er mikilvægt að flétta munnleg verkefni inn í kennsluna svo nemendur öðlist öryggi við að tjá sig á nýju tungumáli.

Gætið þess að gefa alltaf hverjum og einum kost á að segja að minnsta kosti eina setningu. Þannig eykst sjálfstraustið smám saman og nemendur sem eru feimnir og óöruggir verða frekar virkir.

<p>English every day</p>	<p>Right, let's get started!</p>
<p>Hi/ Hello! Good morning! Nice to see you!</p> <p>How are you? Fine, thanks.</p> <p>How are you feeling?</p> <p>Come in. Sit down, please. Find your chair.</p> <p>Now then, let's see...Who is here today? Anna? Yes! Carla?</p> <p>What month is it? What day is it today? What's the weather like today?</p> <p>Have you had a nice weekend?</p>	<p>I wonder who can find/see/tell me/show us ... See if you can find ... Put your hand up/on your head/nose/Stand up if you can see ... Look carefully!</p> <p>Use your ear and listen carefully! Have a quick think ...</p> <p>Have you found ...? Try again!</p> <p>It's your turn/It's Jacob's turn. Let's all have a go.</p> <p>Are you ready? Ready, steady, go! Open your book on page ...</p>
<p>Approval</p>	<p>Activity words</p>
<p>Well done! Great! Excellent!</p> <p>Super! Fantastic! Lovely Brilliant. Good job! Great work! Good for you!</p> <p>Goodness me, I'm impressed! I agree with you. Lucky you! You're right. Thank you. That's interesting.</p>	<p>Listen Read ... Write ... Count ... Look at ... Find ... Point to ... Find a pencil/your crayons, please. Draw/Colour/Circle ... Sort ...</p> <p>Show me ...</p> <p>Go to ...</p> <p>Let's play/sing/say it!</p>
<p>...and don't forget</p>	<p>Right, tidy-up time!</p>
<p>Please. How do you say ... in English? Thank you. Pardon me/Excuse me!</p> <p>Sorry!</p>	<p>Come on, let's all tidy up. Put your book and your pencil case in your bag. Those of you who like cycling can go out/home. Put your jacket on, please.</p> <p>See you tomorrow! Have a nice day!</p>

Endurtakið þekkt orð og setningamyndir og ræðið til að mynda um uppáhaldsdaga, liti, tómsundur, hluti sem finna má í skólatöskunni eða skólastofunni svo eitthvað sé nefnt.

Hér fyrir neðan má finna dæmi um orð og hugtök sem nýtast til að auka ensku í daglegu tali í skólastofunni.

Í kennsluleiðbeiningunum eru tillögur að því hvernig koma má af stað umræðum í tengslum við kveikjmyndina og þær setningamyndir sem koma fyrir í kaflanum. Í hverjum kafla eru einnig gefin dæmi um hvernig nemendur geta unnið með kveikjmyndina:

Notaðu kveikjmyndina

- Nemendur skoða myndirnar og lesa tilheyrandi kynningatexta. *Well then, let's have a look. What do you think this chapter is about? What comes to your mind when you look at the pictures?*
- Nemendur skoða setningamyndirnar efst á kveikjmyndinni og segja þær upphátt. Gefið dæmi um hvernig hægt er að nota þær með mismunandi endingum og látið nemendur koma með eigin tillögur. Veljið orð úr kynningatextunum og notið þau til að búa til spurningar eða látið nemendur sjálfa búa til setningar með orðunum. Hér er tilvalið að taka með gagnsæ orð og nota tækifærið til að ræða hvað er líkt og ólíkt með ensku og íslensku, eða með ensku og öðrum tungumálum.

Unnið með Magic Words

Að hverjum kafla loknum vinna nemendur námsmatsverkefni. Öll verkefni eru unnin út frá efnisvali og textum hvers kafla og er ætlað að reyna á nemendur, bæði munnlega og skriflega. Nemendur skrásetja nám sitt, öðlast yfirsýn yfir það og takast á við nýja tungumálið og það sem í því felst. Matsverkefni eru á opnu sem merkt er Challenge og neðst á opnunni er yfirlit yfir töfraorðin 100: The 100 magic words. Nemendur sem hafa haft námsefnið *Yes we can 5* munu kannast við þetta fyrirkomulag. Í *Yes we can 6* eru 100 algeng orð til viðbótar tekin fyrir og því munu nemendur að loknum lestri bókar 6 hafa kynnst í allt 200 af algengustu orðunum í ensku máli. Rannsóknir sýna að markviss vinna með algengustu orðin hefur umtalsverða þýðingu fyrir námsframvindu. Þegar nemandi man eftir orði sjónrænt og þekkir orðmyndina mun hann sjálfkrafa þekkja orðið í texta á um 3 sekúndum. Þannig verður verður flæðið meira í lestrinum, kraftarnir nýtast betur í að skilja samhengið fremur en að þýða orð fyrir orð. Þetta nýtist einnig vel í eigin ritun nemenda.

Nemendur geta fylgst með framvindunni, hvernig þeir tileinka sér fleiri og fleiri „magic words“ þar sem orðin verða feitletruð þegar þau koma fyrir í textunum. Hvettu nemendur til að nota orðin, bæði í al-

mennum verkefnum, sem og í Challenge-verkefnunum. Á vefsvæði námsefnisins eru fleiri tillögur að verkefnum þar sem unnið er með þessi orð. Orðakortin eru flokkuð eftir köflum og tilbúin til útprentunar.

Að vinna með málfræði í samhengi

Í *Yes we can 6* vinna nemendur áfram með grundvallaratriði í málfræði. Á sama hátt og gert var í bók 5 er málfræðin sett fram í samhengi í texta og nemendur settir í rannsóknarhlutverk. Þeir skulu, eftir því sem við á, rannsaka, uppgötva og færa í orð hvernig tiltekin málfræðiatríði virka og vinna saman. Þetta er krefjandi ferli sem þarf að gefa rými í enskukennslunni. Því er ekki nóg að gefa nemendum góðan tíma til að leysa tiltekið verkefni heldur þurfa þau einnig tíma og hvatningu til ígrunda vinnuna og nýta vitneskjuna áfram. Málfræði getur vafist fyrir mörgum og því er endurtekning og fjölbreytni nauðsynleg á þessu sviði. Mikilvægast er að þau fái sjálf að þjálfa viðkomandi málfræðiþátt; því meira sem þau æfa sig því fljótar tileinka þau sér hvert atriði, einnig í talmáli. Nemendur vinna hlutbundið með málfræði á eftirfarandi hátt:

Hver kafli nemendabókar hefst með kynningu á málfræðiáherslum kaflans. Með stuðningi frá myndskreyttum dæmum velta nemendur málfræðinni og hlutverki hennar fyrir sér og því næst leysa þau tilheyrandi verkefni í bókinni. Síðan fara þau í Drill sem eru stafræn verkefni sem leiðréttu sig sjálf. Verkefni eru á vefsvæðinu og gefa kost á viðbótarþjálfun. Á námsmatssíðunum *Let's go*, við lok hvers kafla, vinna nemendur enn á ný með verkefni þar sem áhersla er lögð á viðkomandi málfræðiþátt.

Í *Yes we can 6* vinna nemendur með eftirfarandi málfræðiatríði: nútíð og þátíð sagna, persónuformöfn, spurningar með *can ...*, notkun á setningamyndunum *Is there ...?* og *Are there ...?* spurningar með *Do* og *Does*, notkun á setningamyndinni *Have you got...?* stigbeyging lýsingarorða.

Samvinnunám

Í *Yes we can 6* eru sem fyrr fjöldi munnlegra verkefni sem byggja á samvinnunámi. Markmiðið með verkefnunum er að kynna orð og setningar í nýju samhengi og gefa nemendum aukna möguleika á að nota þau á sinn hátt. Verkefni eru öll undir yfirskriftinni *Let's do* og þar undir eru eftirtaldir efnisflokkar: *Mix-N-Match*, *Find someone who*, *Quiz-QuizTrade* og *Inside Outside Circle*. Verkefni eru leyst á eftirfarandi hátt:

• Quiz-Quiz-Trade©

Quiz-Quiz-Trade hentar vel til að virkja nemendur sem annars hafa sig lítið í frammi. Nemendur fara á milli og svara spurningum bekkjarfélaga. Spilið hentar vel til að þjálfa minni, útskýringar eða ákveðna færni.

Aðferð:

- Hver nemandi er með spil með spurningu á. Engar tvær spurningar eru eins.
- Nemendur fara á milli og finna sér viðmælanda
- Nemandi A spyr sinnar spurningar.
- Nemandi B svarar.
- Nemandi A hjálpar til eða hrósar.
- Nemendur skipta um hlutverk þannig að B spyr og A svarar.
- Nemendur skipta um spjald. Þau kveðja, finna nýjan félag og byrja upp á nýtt.

• **Mix-N-Match**©

Í þessu spili fara nemendur um bekkinn og skiptast á spilum hvert við annað. Í hvert skipti sem þau finna „samstæðuna“ sína verða þau að leysa verkefnið sem þeim hefur verið úthlutað. Aðferð:

- Hver þátttakandi fær spjald t.d. með upplýsingum, spurningu eða verkefni. Spjöldin eru samstæð, tvennur eða fernur.
- Kennarinn segir Mix og nemendur ganga á milli og skiptast á spjöldum við þau sem þau hitta.
- Þegar kennarinn segir Match leita nemendurnir að þeim bekkjarfélaga sem hefur spjald sem passar við þeirra.
- Þegar allir hafa fundið sitt „match“ og sannreynt spjöldin segir kennarinn Mix og leikurinn byrjar að nýju.

• **Find someone who ...**©

Nemendur fara á milli og finna bekkjarfélaga til að svara spurningu eða t.d. tjá afstöðu sína. Markmiðið er að tala við sem flesta og þess vegna skal aðeins fá eina kvittun frá hverjum bekkjarfélaga.

Aðferð:

- Hver nemandi fær blað með staðhæfingu eða spurningu.
- Nemendur fara á milli og finna sér viðmælanda.
- Nemendur heilsast kurteislega.
- Nemendur skiptast á að spyrja.
- Nemandur kvitta undir hvert á blaði annars ef þau geta svarað. Ef ekki reyna þau við aðra spurningu.
- Nemendur þakka fyrir sig, kveðja og finna nýjan félag.
- Verkefnið heldur áfram þar til allir eru búnir að fylla út sitt blað. Á eftir geta nemendur og kennari rætt svörin.

• **Inside Outside Circle**©

Þegar margir í einu hafa frá einhverju að segja, eða þegar þarf að rökræða eitthvað, hentar þessi aðferð vel. Hún hentar m.a. til endurtekninga, fyrir vangaveltur og innlögn.

Aðferð:

- Helmingur nemenda býr til hring og snýr bakinu inn að miðju hringins. Hinn helmingurinn býr til annan hring utan um þannig að nemendur standi augliti til auglitis hvert við annað.
- Nemendurnir í ytri hringnum byrja á að segja frá ákveðnu efni eða svara spurningu frá kennara.

Svo er skipt um hlutverk þannig að nemendurnir í innri hringnum segi frá.

- Þegar tíminn er úti þakka nemendur hvort öðru fyrir samtalið og ytri hringurinn færir sig eitt pláss til hægri og samtalið endurtekið með nýjum viðmælanda.
-

Áhersla á leiðsagnarmat og símat

Yes we can byggir á hæfniviðmiðum fyrir erlend tungumál í aðalnámskrá grunnskóla. Unnið er út frá markmiði 1. stigs. Gert er ráð fyrir að við lok 10. bekkjar hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi í ensku. Á vefsvæðinu má finna yfirlit yfir hvaða markmið unnið er með hverju sinni. Þar er líka að finna tillögu um heilsárs kennsluáætlun.

Námsmat skal fyrst og fremst byggja á símati. Markmið námsmatsins er að efla nám og þroska og að gefa kennara og nemanda vitneskju um hvar nemandinn stendur í sínu námi hverju sinni og hvað ber að vinna frekar með. Rannsóknir sýna að sá þáttur kennslunnar sem hefur hvað mest áhrif á nám og hvöt nemandans er gæði endurgjafarinnar sem hann/hún fær fyrir vinnu sína. Matið ætti að byggja á þremur meginspurningum:

- Hvar er ég stödd/staddur?
- Hvert stefni ég?
- Hvernig kemst ég þangað?

Til að geta svarað þessum spurningum verða nemendur að:

- skilja hvað þeir eru að læra og til hvers er ætlast af þeim
- fá viðbrögð/svörun við verkefnum sínum
- fá leiðbeiningar um hvernig best megi undirbúa sig
- vera þátttakendur í eigin námi meðal annars með því að leggja mat á vinnu sína og framfarir.

Í Yes we can er áhersla lögð leiðsagnarmat fremur en lokamat með það að leiðarljósi að gera nemendur meðvitaðri um eigin námsaðferðir og námsferli. Námsfernið býður upp á fjölmarga möguleika á að samþætta vinnuna með mótandi námsmati, bæði með munnlegum og skriflegum verkefnum, m.a. vegna þess að mörg verkefni byggja á því að nemendur sæki í eigin þekkingu og reynslu og þurfi ekki endilega að ná fram ákveðinni niðurstöðu. Hafa ber í huga að þetta snýst ekki um að sannreyna hvort nemandinn hafi leyst ákveðið verkefni eða ekki, heldur frekar um í hvaða mæli hæfniviðmiðum er náð. Um leið er stuðningur kennarans afar mikilvægur – ekki í formi prófa heldur með samtölum, leiðbeiningum og uppbyggilegri endurgjöf. Gera þarf ráð fyrir að nemendur muni komast mislangt í átt að markmiðum sínum. Í slíkum tilfellum þarf að aðlaga markmiðin og/eða gera einstaklingsbundin markmið fyrir ákveðna nemendur. Þegar nemandi tekur virkan þátt í þessu ferli kemur greinilega fram hvaða þætti hann/hún á í erfiðleikum með og hvaða þáttum hann/hún hefur

náð fullnægjandi tökum á. Leiðsagnarmat fer fram á fjölbreyttan hátt í *Yes we can*:

Í upphafi

Byrjið alltaf á að fara vel yfir markmiðin sem koma fram í upphafi hvers kafla í verkefnabókinni. Það hefur mikla þýðingu fyrir það hvernig nemandinn nálgast viðfangsefnið. Þegar hann/hún þekkir til innihalds og umfangs verkefnisins getur hann/hún betur gert sér í hugarlund hvað leggja þarf af mörkum til að ná markmiðunum. Fylgist með því hvaða tækni nemandinn beitir og hvaða orðaforða hann/hún hefur í upphafi, innan hvers viðfangsefnis.

Meðan unnið er með kaflann

Notið samvinnunám sem verkfæri í símati. Það getur gefið góða mynd af því hvernig nemendur vinna með innihald og orðaforða sem þeir hafa þegar lært. Veitið því athygli hvernig nemendur svara hvert öðru. Hvort þau svara með stökum orðum og einföldum setningum eða þrjúna við og nota eigið orðalag, hvort þau svara af öryggi eða stóla á aðra í hópnum að taka frumkvæði og svo framvegis. Áður en nýr texti er tekinn fyrir er mikilvægt að tryggja að nemendur hafi tileinkað sér orðaforðann sem tilheyrir því sem unnið hefur verið með. Þetta má til dæmis gera með stuttum munnlegum verkefnum þar sem nemendur gera samantekt um eða endursegja það sem þau hafa unnið með. Þau geta einnig komið með dæmi um hvernig hægt er að nota lykilorð og setningarmyndir kaflans. Hægt er að búa til munnleg verkefni þar sem nemendur taka saman og endursegja það sem þau hafa unnið með, eða koma með dæmi um hvernig hægt er að nota lykilorð kaflans og setningagerðir.

Við lok kaflans

Í nemendabókinni enda allir kaflar á opnu sem ber yfirskriftina *Challenge* og þar fá nemendur þrjár gerðir verkefna: *Perform*, *Create* og *Find out*. Áfram er unnið út frá textum viðkomandi kafla. Nemendur búa til eigin texta/afurð gjarna með hjálp stafrænna verkfæra. Farið yfir fyrirmæli og upphafssetningar sameiginlega og vekið athygli á *Magic Words*, neðst á síðunni. Hvetjið nemendur til að notfæra sér þau í sínum skrifum.

Gætið þess að nemendur séum meðvitaðir um tilgang verkefnana og gefið þeim ábendingar og hvatningu jöfnum höndum. Þannig hafa þeir betri tilfinningu fyrir því hvort þeir séu á réttri leið og skila þar með betri vinnu.

Í verkefnabókinni enda allir kaflar á *Let's go* verkefnum þar sem námsmarkmiðum er fylgt eftir. Nemendur vinna verkefni út frá þeirri málfræði og þeim orðaforða sem áhersla var á í viðkomandi kafla. Að lokum meta þau sjálf hversu vel þau telja sig hafa náð námsmarkmiðum. Ljúkið þessum hluta með samræðum um Námið mitt. Í hverjum kafla fá nemendur tvær spurningar sem snúa að þeirra eigin námi, t.d. í sam-

bandi við aðferðir, áskoranir innan ákveðinna tegunda verkefna, hvað höfði mest til þeirra og hvernig nýta megi enskt vefefni í náminu. Þetta samtal er mjög mikilvægt þar sem það gerir þau meðvitað um þau mörgu skref sem þau taka í enskunámi sínu til að verða sífellt leiknari í málinu. Þessum spurningum er svarað skriflega og þær má finna á vefsvæðinu.

Let's do more nýtist einnig sem námsmatsverkfæri. Nemendur vinna saman í pörum og keppa hvort við annað. Hverjum kafla fylgir ljósrit með völdum spurningum úr textum og viðfangsefnum. Hlustið og veitið því athygli hvernig nemendur nálgast verkefnið; hvort þau lesa spurningarnar upphátt, hjálpast að, hvort þau svara spurningunum með stökum orðum eða heilum setningum o.s.frv. Aðstoðið með orðaforða og málfar og bætið við spurningum ef þörf er á meira krefjandi verkefnum.

English at home

Líkt og í námsefni fyrri ára má í *Yes we can* ó finna tillögur að heimanámi undir yfirskriftinni *English at home*. Í hverjum kafla fyrir sig eru heimanámsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt eða með aðstoð fullorðins á heimilinu. Þrátt fyrir að þau séu komin á miðstig er alltaf mælt með því að þau hafi hlustanda við upplestrarverkefni. Verkefnunum er ætlað að brúa bilið milli ensku í skólafunni og ensku í daglegu lífi. Þau byggja á því sem unnið hefur verið með í skólanum og eru því hugsuð sem endurtekningar og viðbótarþjálfun. Áhersla er á upplestur, framburð, orðaforða og endurtekningu á orðmyndum og setningamyndum.

Kennslufræðilegar vangaveltur

Þegar nemandi mætir enskri tungu í skóla hefur heilinn þegar mótað námsmynstur fyrir tungumálanám, eftir að hafa tileinkað sér móðurmálið. Þetta mynstur yfirfæra nemendur á enskuna og því er afar brýnt að þeir komist sem fyrst í námsferlinu í kynni við grundvallarsetningamyndir sem festast svo í minninu. Þær lærast fyrst sem heildir og með aldrinum eykst skilningur á að setningamyndir eru samsettar úr pörtum sem hægt er að setja saman á ýmsa vegu. Um leið eykst meðvitund um málfræðilega uppbyggingu og samhengi.

Að uppgötva tungumál

Í *Yes we can* eru nemendur hvattir til að finna orð og hluti á myndum, að hlusta eftir orðum og máhljóðum og til að leita eftir merkingu í þeim orðum og verkefnum sem þeir standa frammi fyrir. Með námsefninu skapast góður grunnur fyrir áframhaldandi nám. Rannsóknir sýna að tungumálanám sem krefst ígrundunar og úrvinnslu, er árangursríkara en verkefni sem eru yfirborðskenndari og byggja fyrst og fremst á minnisnámi. Því meira sem nemandi þarf sjálfur að velja orð og hugtök, því líklegra er að orðin festi sig í sessi og verði tekin í notkun aftur seinna meir. Það er því eðlilegt að byrja á einföldum aðgerðum eins og að hlusta, finna og þekkja orð í textum, fyrst í hinu talaða máli og seinna einnig í ritun. Erfiðari verkefni fylgja í kjölfarið, eins og t.d. að finna orð sem skera sig úr (Odd one out-verkefni), eða að para saman orð og myndir, orð og merkingu þeirra eða samheiti og andheiti. Orðaflökkun er enn meira krefjandi og stærsta áskorunin felst í að flokka orð eftir ákveðnum viðmiðunum eða raða þeim í rétta röð.

Önnur leið til að tryggja dýpra nám og að þekkingin festist í sessi er að gera verkefni þannig úr garði að nemandinn upplifi tengingu við þau og tilgang. Þetta má nálgast með verkefnum þar sem lýst er uppáhaldi innan ákveðins flokks, þar sem valið er milli valmöguleika o.fl. Rannsóknir sýna að persónuleg íhlutun hefur góð áhrif á nám. Það er ekki fyrr en nemandur hafa gert nýju orðin að sínum eigin að þeir hafa virkilega tileinkað sér þau. (Thornbury 2002.)

Nemendur þurfa að sjá og heyra ný orð margoft áður en þau festast í langtímaminninu. Það þarf að rifja upp orðin, nota þau og setja í nýtt samhengi. Á því byggir hringferlið sem er innbyggt í kerfisbundna framvindu *Yes we can* námsefnisins.

Þegar orð eru endurtekin í nýju samhengi styrkist og örvast huglæggt málkerfi nemandans um leið og ný orð rata inn í það kerfi sem fyrir er. Til að byrja með snýst enskukennslan að miklu leyti um að herma eftir en með tímanum verður æ mikilvægara að nemendur uppgötvi og verði meðvitaðri um hvaða námsaðferðir henta þeim best. Mikilvægt er að hlúa vel að þessari vinnu, t.d. með því að leika með rím, þulur og atkvæði. Eftir því sem nemandur eldast má líka gera ráð fyrir því að þeir þrói meðvitaðri vitneskju um það sem er líkt og ólíkt á milli tungumála. Almenn vax-

andi málvitund léttir frekara tungumálanám, bæði í ensku og íslensku.

Í hæfniviðmiðum aðalnámskrár er lögð áhersla á að nemandur geti tjáð sig með eigin orðum um daglegt líf, áhugamál, reynslu, skoðanir og umhverfi sitt svo eitthvað sé nefnt. Eftir því sem tungumál þróast þroskast einnig hæfileikar til að taka með í reikninginn og aðlaga málnotkun sína að samhengi, viðmælanda, viðfangsefni og tilgangi. Þetta er ævilangt ferli. Til að nemandur geti, til lengri tíma litið, aðlagað mál sitt að ákveðnu samhengi verður því hægt en örugglega að byggja upp mikinn orðaforða.

Málörvun og framvinda

Í enskunáminu þarf að gefast svigrúm til að nota sem flest skilningavit. Börn læra á ólíkan hátt og á mismunandi hraða. Þau nota líka ýmiss konar námstækni sem þau eru ekki sjálf meðvituð um í upphafi. Einbeitingarhæfni þeirra er ekki fullmótuð og því þarf að æfa hana upp með stuttum námslotum og miklum tilbrigðum – einnig innan talmálsins. Mikil áhersla er á málörvun í námsefninu. Nemendur öðlast skilning á samhenginu á milli hljóða, bókstafa, samstafa, bókstafsmynda og ríms. Rannsóknir staðfesta að leikur með orð og hljóð á borð við það að finna líkt og ólíkt, eða að taka burtu hljóð úr orði og setja annað í staðinn, gerir nemendum léttara fyrir í lestrarnámi. Þetta á bæði við um fyrsta og annað tungumál.

Áherslan í *Yes we can* þróast frá hlustun, endurtekingu og skilningi til munnlegrar og skriflegrar tjáningar og verkefni í verkefnabókinni eru gerð með þetta í huga. *Yes we can* uppfyllir hæfniviðmið aðalnámskrár fyrir erlend tungumál. Á kennarahluta vefsvæðis efnisins má finna yfirlit yfir hvaða hæfniviðmið er unnið með hverju sinni og undir yfirskriftinni *Soon* í upphafi hvers kafla í nemendabók og kennarahandbók eru listuð upp helstu námsmarkmið kaflans.

Þemu og orðaforði efnisins eru sótt í nærumhverfi nemenda. Efnið reynir á málakunnáttu nemenda, hlustun og lesskilning. Um leið æfast nemandur í töluðu og rituðu máli. Þau læra ensk orð samtímis, og jafnvel áður en, hugtök í móðurmálinu er fulllærð og orðaforði þeirra eykst smám saman, bæði í gegnum námið í skólanum og seinna á ævinni. Líkt og í fyrri námsefni er áhersla lögð á að þjálfva nemandur í þeim orðum enskrar tungu sem við mætum hvað oftast. Þar á meðal er fjöldi smáorða, forsetningar, hjálparsagnir og fornöfn, svo eitthvað sé nefnt. Að vinna kerfisbundið með algengustu orðin frá upphafi gefur tryggnun grunn fyrir lestrar- og ritfærni. Á miðstigi mæta nemandur sífellt lengri og flóknari lestextum, um leið og krafan um innihald í þeirra eigin textum eykst. Í því ferli verða þessi orð að handhægum verkfærum.

Hljóðkerfisvitund og lestrarfærni

Rannsóknir sýna að hljóðkerfisvitund og lestrarfærni eru nátengd. (Wagner, Strömquist og Uppstad, 2008.) Þegar nemendur skilja samhengið á milli hljóða í orðum og bókstafa í texta eru þeir komnir vel á veg. Þetta þekkja flestir úr sínu eigin móðurmáli en þetta getur reynt meira á í ensku þar sem samhengið á milli hljóðs og bókstafs er oft óljóst. Í ensku stafrófi eru 26 bókstafir en 44 kerfisbundin máhljóð. Þessi hljóð eru samanlagt táknuð á 250 mismunandi máta í ritun! Í *Yes we can 4* og *Yes we can 5* er unnið kerfisbundið með að tengja ensk máhljóð við bókstafi og að lesa og skilja setningar samhliða vinnu með stafrófið og þjálfun í að stafa nöfn, orð og einfaldar setningar. Þessi vinna á ekki síður við í *Yes we can 6* þar sem gerð er aukin krafa um að nemendur bæði lesi og framleiði sjálfir sífellt lengri og flóknari texta. Mörg orð eru stafsett næstum á sama hátt og þau eru sögð, t.d. *bed, swim* og *hat*. Önnur hafa augljóst samhengi milli hljóðs og stafsetningar. Þetta á bæði við um sérhljóða og samhljóða, t.d. samstöfunar *-ail, -ain, ack, irl, all*. Nemendur hafa áður kynnst samstöfunum *th-, kn-, wh-, sh-, ch-*, og tvöfölda sérhljóðunum *-ee* og *-oo*. Eftir því sem nemendur læra fleiri af þessum stafapörum þeim mun betri verður lestrarfærni þeirra á ensku. Að lokum má geta þess að algengustu orðin (100 magic words) eiga það mörg hver sameiginlegt að hafa framburð sem er ekki í augljósu samhengi við stafsetningu. Þetta á við orð eins og t.d. *you, your, with, does* og *their*. Þessi orð er best að tileinka sér sem orðmyndir.

Námstækni

Það er á ábyrgð hvers kennara að stuðla að því að nemendur verði, á skólagöngu sinni, meðvitaðir um hvaða námstækni hentar hverjum og einum. Nemendur skulu tileinka sér aðferðir til að finna merkingu í því sem þeir heyra og seinna lesa, og þeir þurfa að geta skilgreint hvað það er sem þeir eiga að læra og ekki síst hvornig þeir læra. Í *Yes we can* draga nemendur ályktanir af efni kaflans með dæmum og verkefnum þar sem þeir eru hvattir til að skoða myndirnar, geta sér til um efni texta út frá fyrirsögnum, nota þekkingu sína úr fyrri köflum og ekki síst að hlusta eftir þekktum, gagnsæum og algengum orðum. Nýtið gjarna hvert tækifæri til að vekja athygli nemenda á því hvaða námstækni þeir beita hverju sinni. Mikilvægt er að tala skýrt um margvíslega færni og að minna nemendur á hvaða aðferðir þeir eru að vinna með.

Hlustunartækni

Hér gildir einkum að hlusta eftir og þekkja tiltekin orð í setningum og samtölum. Nemendur sýna fram á skilning, t.d. með því að stríka yfir eða undir orð. Lestrartextana í nemendabókinni er einnig hægt að nota sem hlustunaræfingar og nemendur geta brugðist við þegar þeir heyra ákveðin orð eða hugtök t.d. með því að klappa, rétta upp hönd, setja talningar-

strík eða þ.h. Ítrekið gjarna mikilvægi þess að túlka líkamstjáningu og hljómfall og að taka aðstæður með í reikninginn. Hvar á samtalið sér stað? Hver talar? Hvað er verið að tala um?

Lestrartækni

Nemendur lesa marga mismunandi texta og hver og einn nálgast efni kaflans á sinn hátt. Ræðið lestrar-tækni í bekknum svo nemendur tileinki sér það við lestur nýrra texta. Gerið einnig ráð fyrir tíma í undirbúningsverkefni First! sem hjálpa til við að setja texta í samhengi og gefa nemendum tækifæri til að stinga upp á nýjum orðum og setningagerðum sem gætu átt við viðkomandi texta. Notfærið ykkur að allir textar eru lesnir upp af enskumælandi fólki m.t.t. hreims, aldurs og aðstæðna. Það er sérlega gagnlegt að geta hlustað á texta og lesið hann um leið. Farið saman yfir glósurar og notið teikningar, fyrirsagnir, efni og lykilorð sem tengjast þeim.

Málfar

Hvetjið nemendur til að tileinka sér kurteisi í málvari og nýta sér hjálparsetningar á borð við *Sorry? Can you say that again, please? One more time, please! How do you say ... in English?*

Rittækni

Í fyrstu er unnið með einfalda rittækni s.s. að afrita orð og einfaldar setningar. Hér er tilvalið að nota valda texta sem fyrirmyndir og e.t.v. ritunaræfingar. Í *Yes we can* er smám saman lögð meiri áhersla á ritun, bæði í tengslum við endurtekningu setningamynda en einnig m.t.t. frjálsrar ritunar nemenda. Ræðið um ritunina við nemendur:

- Hver er móttakandinn og hvert er hlutverk textans?
- Um hvað er verið að skrifa?
- Hverju vilja þau koma á framfæri með textanum?

Ritháttur

Í *Yes we can* er bresk stafsetning notuð. Styttingar eins og *he's, I'm* og *it's* eru notaðar í töluðu máli, t.d. í raunverulegum samræðum, söngvum og vís-um. Til að auðvelda nám þessara orðmynda notum við form án styttinga eins og *he is, I am* og *it is* í öllu öðru samhengi.

Heimildir

Cameron, L. *Teaching language to young learners*. Cambridge. Cambridge University Press, 2001
Thornbury, S. *How to teach vocabulary*. Harlow: Pearson Education Limited, 2002
Wagner, Å.K.H. Strömquist, S. og Uppstad, P.H. *Det flerspråklige menneske*. En grunnbok om skriftspråklæring. Landslaget for norskundervisning. Bergen: Fagbokforlaget, 2008

Yfirlit yfir orðaforða

Kafli	Ný orð og setningagerðir	Máfræðileg áhersla	Algeng orð
1 Together Again	together, English, what, lunch, detective, when, where, lesson It starts at ... It finishes at ... I want to be a ... When I grow up ...	Sagnorð í nútíð og þátíð	live, boy, want, school, think, home, hat, each, other, lots, eat, food, how, first, laugh, I've
2 Me, Myself and I	friendly, kind, uncle, famous, discover, messy, chatty, aunt, irritating Can you ...? Yes, I can. No, I can't. I am good at ... She is good at ...	Persónufornöfn Spurningar með <i>can</i>	water, can't, mother, I'll, cat, did, new, shout, us, work, would, three, town, two, yes, red, didn't, dog, found
3 Our Mysterious World	mystery, ghost, dangerous, remember, scared, strange, alien, horrible, mysterious I am afraid of ... I believe in ... I think ...	Notkun á <i>Is there ...?</i> og <i>Are there ...?</i>	away, again, night, over, long, never, small, where, head, everyone, every, play, something, bed, may, who, door
4 Time Off	meet, spend, enjoy, pocket money, chores, earn, save, spare time, awareness, bored I sometimes ... I never ... I always ...	Spurningar með <i>Do</i> og <i>Does</i>	clothes, find fun, good, next couldn't, need, great, through, baby, river, garden, right, even, any, much
5 Four Takes on the UK	castles, buildings, nature, scenery The capital city of ... is ... It is known for ... My favourite type of film is ...	Notkun á <i>Have you got ...?</i>	more, bear, narrator, things, magic, that's, car, way, has, around, let's, only, thought, still, know
6 Take It to the Extreme	record, risky, world, enormous, get hurt, fast, tiny, extreme, compete as big as ... bigger than ... the biggest ...	Fallbeyging lýsingarorða	soon, round, animals, tree, king, man, after, going, wanted, took, fish, been, stop, take, fast, well, sea

Together Again

Together Again gefur okkur innsýn í skóladag nemenda í nokkrum enskumælandi löndum. Sagt er frá ýmsum venjum og viðfangsefnum er tengjast skólalífinu og munu íslensku nemendurnir að öllum líkindum bera þessar frásagnir saman við eigin veruleika. Í kaflanum er einnig fjallað um hvað nemendur langar að verða þegar þeir verða fullorðnir, meðal annars með útdrætti úr hinu þekktu rapplagi *When I grow up*. Að lokum er lesinn kafli úr bókinni *The Donut Diaries of Dermot Milligan*.

Orð og setningamyndir

- *together*
English
what
lunch
detective
when
where
lesson
- *It starts at ...*
- *It finishes at ...*
- *I want to be a ...*
- *When I grow up ...*

Málfræðiáherslur

Sagnorð í nútíð og þátíð.

Magic Words

live
boy
want
school
think
home
hat
each
other
lots
eat
food
how
first
laugh
I've



Verkefnabók bls. 4-5

Námsmarkmið

Soon

- I can tell others about my school day.
- I can talk about school days in English-speaking countries.
- I can describe myself and a friend.
- I can use verbs in the present tense.

Byrjið á að fara sameiginlega yfir námsmarkmiðin og látið nemendur finna dæmi um sagnorð sem tengjast skólanum eða daglegu lífi. Hér mætti einnig láta nemendur leggja til nafnorð sem tengjast námi og kennslu. Vekjið athygli á merkingu hugtakanna present tense og past tense.

Þegar rætt er um málfræði í námsefninu *Yes we can 6* er gert ráð fyrir að enska og íslenska séu notaðar jöfnum höndum. Íslenska til þess að ganga úr skugga um að nemendur skilji til fulls og enska til að leggja inn orðaforða málfræðinnar. Notið gjarna myndskreytingar og dæmi til að styðja við efnið og látið nemendur lesa setningar upphátt.

Verbs in the present and the past tense

Nemendur hafa áður unnið með ensk sagnorð. Í *Yes we can 5* var höfuðáhersla lögð á nútíð reglulegra sagna og 3. persónu endingar í eintölu, auk þess sem komið var lítils háttar inn á þátíð reglulegra sagnorða. Í enskunnáminu er hins vegar ekki hjá því komið að rekast reglulega á mismunandi þátíðarform óreglulegra sagnorða þó ekki sé unnið með þau sérstaklega að svo stöddu. Í *Yes we can 6* er hvatt til þess að nemendur venjist því að nota sagnorðin í samhengi, svo þau festist frekar í minni. Þannig er búið að byggja grunninn áður en farið er að vinna sérstaklega með afmörkuð málfræðiatriði.

Skoðið myndirnar með málfræðiskýringum á bls. 4 í *Workbook* og lesið textann sem tilheyrir myndunum. Metið hvort á að vinna með öll þrjú dæmin í einu eða hvort henti betur að vinna eingöngu með nútíð til að byrja með. Lesið sagnorðin gjarna með sérstakri áherslu á -s endinguna til að vekja athygli nemenda á hvernig orðið breytist í 3. persónu, eintölu. Lát-ið nemendur greina muninn:

- Look at these two examples. Can you spot the verbs? What's the difference?
- That's right. We add an -s when we talk about Dave.

Skoðið þriðju myndina og lesið setninguna upphátt. Vekið athygli á framburðinum á orðinu *played*. Skoðið listann *More easy verbs* og látið nemendur búa til stuttar setningar með orðunum, annaðhvort sameiginlega í bekknum eða í pörum. Biðjið þau um að koma með tillögur að fleiri sagnorðum sem fylgja þessu beygingarmynstri. Ef þetta verkefni reynist of erfitt má deila út miðum með sagnorðum á, sem nemendur lesa og setja sjálfir inn í setningu.

Lesið að lokum óreglulegu sagnorðin upphátt og gefið dæmi um hvernig þau taka mismunandi form í nútíð og þátíð, t.d.

- Be: I **am** glad to be back after the holidays. I **was** in France for three weeks. What about you?
- Take: I **take** the bus every morning. My sister **takes** her bike.

Látið nemendur segja frá hvort öðru þannig að þau skipti milli 1. og 3. persónu. Notið sagnorðin á bls. 4 en gefið möguleika á að bæta við fleiri sagnorðum eftir því sem við á. Berið saman við beygingu íslenskra sagnorða og leyfið nemendum sjálfum að útskýra í hverju munurinn felst. Ef það eru nemendur í bekknum með annað móðurmál en íslensku, er kjör-ið að bera sagnbeygingu viðkomandi tungumáls við íslensku og ensku.

Í verkefnunum á bls. 5 er unnið með nútíð reglulegra og óreglulegra sagnorða. Í öllum málfræðiverkefnum er unnið með orðaforða og innihald viðkomandi kafla.

A Fill in the right verb

Skrifaðu rétta beygingu á sagnorðinu inn í setninguna.

B Fill in have or has

Skrifaðu *have* eða *has*.

C Fill in am, are or is

Skrifaðu *am*, *are* eða *is*.

Samhliða því sem unnið er með texta kaflans má hvetja nemendur til að veita því athygli þegar sagnorðin sem fjallað hefur verið um birtast í textum og segja þau upphátt. Spyrjið hvort sagnorðin eru í nútíð eða þátíð og biðjið jafnvel nemendur um að rökstyðja svarið.



Drill

Vinnið með verkefni á vefsvæðinu. Verkefni eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að styðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðréttaðast sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 4-5

Kveikjumynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður, á ensku. Hvað telja nemendur kaflann fjalla um? Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur okkur í hug þegar við skoðum ljósmyndirnar og teikningarnar? Gefa setningamyndirnar einhverjar vísbendingar? Geta nemendur notað þær til að búa til eigin setningar?

Lesið textabrotin á opnunni upphátt og gefið nemendum kost á að spyrja eða skjóta inn athugasemdum. Af og til innihalda textabrotin spurningar sem nemendur geta þá svarað. Í öðrum tilfellum geta þau tjáð sig um fullyrðingar eða sagt sína hlið á málum. T.d. *I want to work in a restaurant as a chef. I love cooking. What about you? What do you want to be when you grow up?*

Að lokum má láta nemendur ljúka við þessar setningar:

When I look at the pictures, I think about ...

I like the intro text about ...

In this chapter we're going to talk about ...

The topic in this chapter is ...

Biðjið nemendur um að taka upp *workbook* og leysa verkefni 1, bls. 6. Hlustið í sameiningu á textana en verkefni eru leyst einstaklingsbundið.

Verkefnabók bls. 6

1 Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svar.

Hlustunartextar með kveikjmynd

Section 1

Read the question for section one.

Now listen and choose the right answer.

- *At my school we wear school uniforms. No one gets teased for what they wear. I like the grey trousers and the shirt, but I don't like the sweater.*
- *Florida is a part of the USA. Do you know that most children in the US don't wear school uniforms? Can you find Florida on the map?*

Section 2

Read the question for section two.

Now listen and choose the right answer.

- *We usually get to school at around 8.50. On Mondays and Thursdays, we all go to assembly in the main hall at 9:10. School finishes at 15.30 and I go home, except on Thursdays when I stay at school for computer club.*

Section 3

Read the question for section three.

Now listen and choose the right answer.

- *We had a break-in at our school, and all the computers were stolen. We saw green footprints on the floor. I wonder what happened. I think we need a detective.*
- *We once had a break-in at home. My mom was so sad because they had stolen her ring with the red ruby and her new pink handbag.*

Section 4

Read the question for section four.

Now listen and choose the right answer.

- *My friend Harry wants to be a dentist and my best friend Sarah is thinking about becoming a doctor.*
- *I don't know what I want to be when I grow up. Maybe I will be a pop star. No, I think I want to be a cook. What do you want to be when you grow up?*

Nemendabók bls. 6-7

Me and My School

Nemendur geta að öllum líkindum samsamað sig við krakkana í þessum textum um mismunandi skólamenningu og -hefðir. Við lesturinn munu þeir komast að því að skóladagar nemenda í enskumælandi skólum eru fjölbreyttir líkt og þeirra og gefst þeim tækifæri til að bera saman við eigin skóladag. Textarnir fjórir fjalla um fjölskyldur og skóla en koma einnig inn á spurninguna «Hvað viltu verða þegar þú verður stór?» Setningarmyndin *When I grow up, I ...* kemur fyrir í textanum og unnið verður frekar með hana síðar í kaflanum. Auk þess er unnið með fjölda orða og setningamynda sem tekin voru fyrir í *Yes We Can 5*.

FIRST! Talk about the photos.

Skoðið myndir af nemendum á bls. 6-7 og 8-9. Ræðið um klæðnað þeirra og berið saman við klæðaburð íslenskra nemenda.

- *What are the pupils wearing? What are you wearing today?*
- *Which words for clothes do you know?*
- *What's your favourite clothes?*

Ræðið um hvaðan nemendurnir koma.

- *Where do these pupils come from?*
- *Do you know anything about the school system in these countries?*
- *Have you ever been to any of the countries?*

Textunum í *Me and My School* hefur verið skipt þannig að unnið er með tvo í einu og verkefnið unnið samhliða. Þannig verður viðráðanlegra að meðtaka nýjan orðaforða og nýta hann jafn-óðum í að búa til eigin setningar.

Byrjið á að lesa textann *Did you know?* um hina alþekktu gulu skólabíla. Því næst er lesið um Madison og Harry. Farið gjarna yfir æfingaorðin efst á síðunni áður en hlustað er á textann. Skiptið bekknum upp í pör. Nemendur lesa hvor fyrir annan. Á meðan gengur kennari á milli, hlustar, gefur ábendingar um framburð og spyr spurninga úr textanum.

Þeir nemendur sem eru fyrst búnir að lesa geta búið til eigin spurningar úr textanum og spurt hvor annan.

Think and talk: *What can you tell Harry about your school and your school day?*

Þessa umræðu má taka í minni hópum eða sameiginlega í öllum bekknum. Nemendur geta í raun sagt hvað sem er um sinn skóla en ætlunin er að þeir haldi sig fyrst og fremst við sambærileg atriði og nefnd eru í textanum. Til dæmis:

- *Which school I am in and where*
- *How I get to school*
- *What I wear at school*
- *What I eat for lunch*
- *What my favourite subject are*
- *What I would like to be when I grow up.*

Verkefnabók bls. 7

2 Finish the sentences

Ljúktu við setningarnar.

3 Odd one out

Settu hring utan um orðið sem passar ekki með hinum.



Let's play – Use the circled words and battle

Þátttakendur: 3ja til 4ra manna hópar
Efni: Blöð

- Nemendur fá tiltekinn tíma til að búa til setningar úr orðunum sem þau settu hring utan um í verkefni 3 og lesa svo setningarnar upphátt
- Klippið niður miða, skrifið á þá orðin úr verkefni 3 og setjið í kassa. Nemendur skiptast á að draga miða og nota orðið í setningu, t.d.
 - *Friend. What does the word mean? Can you make a sentence using the word friend?*
 - *I love spending time with my friends.*
 - *Well done!*

Nemendabók bls. 8-9

G'day! Hello!

Textarnir tveir hafa sambærilegt innihald og málfar og textarnir á opnunni á undan. Við kynnumst fleiri þáttum sem eru sameiginlegir eða frábrugðnir í skólalaldi milli landa og þjálfum sambærilega setningabyggingu. Textarnir fjalla um skólalag í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Skólakerfið í þessum löndum á margt sameiginlegt með því breska. Nýja-Sjáland hefur á undanförunum árum lagt aukna áherslu á að bæta menntun frumbyggja og því eykst hlutfall tvítyngdra skóla hratt þar í landi.

FIRST! Who do you live with?

Nemendur segja frá heimilisfólki sínu og skima textann til að finna sambærilegar upplýsingar um Tom og Jessica. Því næst skima þau textann aftur og finna orð sem tengjast skólalaginu. Þetta geta verið orð yfir klæðnað, fög eða skipulag. Ræðið það sem þið finnið.

- *Who do Tom and Jessica live with?*
- *Where do they go to school?*
- *What do they wear?*
- *What do they like at school?*

Lesið fyrst textann *Did you know?* Og hlustið því næst á hina textana. Minnið nemendur á æfingaorðin. Þau lesa í pörum hvort fyrir annað. Gangið á milli, hlustið, aðstoðið með framburð og spyrjið gjarna einfaldra spurninga úr innihaldi textans. Nemendur sem eru fljótir að lesa geta búið til spurningar úr textanum og spurt hvort annað.

Think and talk: *Do you think school uniforms are a good idea?*

Hjálpíð nemendum af stað í umræðunum með því að minna á setningarnar:

- *I think school uniforms are ... because ...*
- *In my opinion, school uniforms are ...*

Verkefnabók bls. 8-9

4 Who says what?

Hver segir hvað? Skrifaðu rétt nafn undir Says.

5 Find information

Lestu setningarnar. Finndu svörin í *Me and My School* á blaðsíðum 6-9 í nemendabók, og skrifaðu þau á línurnar.

- Gefa þarf rúman tíma til að leysa þetta verkefni og minna á að það finnast fleiri en einn svarmöguleiki.



6 What do you have in common?

Hvað átt þú sameiginlegt með krökkunum fjórum. Skrifaðu það sem er líkt og það sem er frábrugðið.

- Notið gjarna þetta verkefni til að fjalla um menningarmun. Verkefnið krefst þess að nemendur hafi lesið og skilið textann auk þess sem þau þurfa að geta borið saman við eigin aðstæður og metið út frá því. Verkefninu er ætlað að vekja áhuga nemenda á að kynna sér frekar aðstæður og áhugamál jafnaldrá í enskumælandi löndum: Hvað hafa þau fyrir stafni? Hvað dreymir þau um? Hvaða lífsskoðanir hafa þau? Og svo framvegis.

Let's do

Let's do – Inside Outside Circle©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

- Helmingur nemenda myndar hring með bakið inn í hringinn. Hinn helmingurinn myndar hring utan um, þannig að nemendur standa andspænis hvert öðru.
- Nemendur í ytri hring byrja á því að lýsa þeim sem þau standa andspænis.
- Þegar tíminn er liðinn er skipt um hlutverk. Því næst færast ytri hringurinn um eitt skref, sem nemur einni manneskju til hægri.

ENGLISH
AT
HOME

English at home

- Veldu einn af textunum úr *Me and My School*, og lestu upphátt.
- Skrifaðu mikilvægustu orðin úr textanum. Æfðu þig að segja frá textanum í 2-3 setningum. Notaðu orðin sem þú fannst þér til stuðnings.
- Skoðaðu myndinar, sem eru úr textanum, og berðu saman við þig og þinn skólalag.

This is ...

His/her school day starts at ...

My school day starts at ...

For lunch he/she has ...

I have ...

He/she wants to be a ...

I want to be ...

Nemendabók bls. 10-11

Cool School Rap

Með rapplaginu gefst tækifæri til að æfa orð og hugtök á fjölbreyttan hátt. Framburður nemenda styrkist við að syngja með og um leið fá þeir endurtekningu á orðum úr kaflanum og æfingu í rími. Skiptið bekknum í hópa sem æfa hver sitt erindi úr laginu eða látið þau skrifa sitt eigið rapplag. Vinnið verkefnið á bls. 10 í Workbook eða haldið áfram í textann á bls. 11.

My School Day

Í textanum *My School Day* er gefin ítarleg mynd af dæmigerðum breskum skólalag. Assembly þýðir samverustund. Í þessu tilfalli er um að ræða stundir þar sem nemendur safnast saman á mánudögum og fimmtudögum, til að syngja og hlusta á tónlist eða sögu svo eitthvað sé nefnt.

FIRST! How long does it take you to get to school?

Ræðið hvernig nemendur í bekknum ferðast til og frá skóla og hversu langa leið þeir þurfa

að fara. Ræðið einnig hvenær frímínúturnar eru og hvað gert er í frímínútum.

- *When is your first break?*
- *What do you do during your break?*

Lesið fyrstu málsgreinina og ræðið:

- *What do we now know about Zaheer?*
- *Which sentence tells us that he lives close to school?*

Hlustið á og lesið restina af textanum. Til að gera hlustunina og lesturinn marvissari má gefa fyrirsmæli um að hlusta eftir ákveðnum atriðum. T.d. hvað Zaheer gerir í frímínútum, hvað gert er í samverustundum eða hvað Zaheer segir um mötuneyti skólans. Nemendur geta þá lesið textann í þörum og stoppað jafnóðum og upplýsingarnar koma fram. Hér má einnig bera saman við eigin aðstæður nemenda, til dæmis þannig að fyrst er sögð ein setning um Zaheer og svo bætir nemandinn við upplýsingum um sig sjálfan.

Think and talk: *When does your school day start and finish? It starts at ..., It finishes at ...*. Mælt er með því að æfa og endurtaka tíma-setningar reglulega til að festa form þeirra í minni. Þannig er til dæmis hægt að ræða hvenær kennslustundir byrja og enda og hvenær nemandur leggja af stað í skólann og koma heim.

Verkefnabók bls. 10-11

7 Jumbled words

Skrifaðu rétt orð á línurnar.

8 Write about your school day

Notaðu orð úr verkefni 7 og skrifaðu um skóladaginn þinn.

9 True or false?

Lestu setningarnar. Skrifaðu T við þær sem eru réttar og F við þær sem eru rangar. Skrifðu röngu setningarnar upp á nýtt þannig að þær verði réttar.

- Hugsanlega þarf að hlusta oft en einu sinni til að tryggja að allir nái að leysa þetta verkefni.

10 Read and match

Hlustaðu og settu strik milli setningahlutana sem eiga saman.



11 Listen and answer

Hlustunaræfing. Hlustaðu og merktu við Yes eða No.

- Þetta síðasta verkefni er hlustunaræfing sem fjallar um Zaheer. Hlustað er á samtali hans og móður hans. Í samtalinu má heyrja dæmigerða orðanotkun úr daglegu lífi, t.d. *hurry up, it's getting late, I'm on my way, getting ready for school, all sorted.* Það er í raun ekki ætlast til þess að nemendur lesi sjáfir þetta samtali en það finnst þó sem ljósrit á vef námssefnisins og getur nýst t.d. sem æfing í leiklestri. Með slíkum verkefnum gefst tækifæri til að skerpa á nýjum orðaforða og festa í minni samtímis sem beitt er líkamstjáningu og áherslum til að koma textanum til skila. Áður en hafist er handa við verkefnið er tilvalið að kasta fram spurningum á borð við:

- *Have you ever been late for school?*
- *How did you feel?*
- *What did you do?*
- *How did your teacher/parents react?*



Let's do – Quiz Quiz Trade©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil

- Hver nemandi er með spil með spurningu á. Nemendur fara á milli og finna sér viðmælanda.
- Nemandi A spyr sinnar spurningar.
- Nemandi B svarar. Nemandur skipta um hlutverk þannig að B spyr og A svarar.
- Nemandi skipta um spjald. Þeir kveðja, finna nýjan félag og byrja upp á nýtt.



Nemendabók bls. 12-13

The Donut Diaries of Dermot Milligan

The Donut Diaries of Dermot Milligan fjallar um 11 ára strák í yfirþyngd sem elskar kleinuhringi. Gegn vilja sínum er hann sendur til næringafræðings til að fá hjálp. Þar er hann þvingaður til að skrifa niður allt sem hann borðar og ræða um tilfinningar sínar. Bókin er skemmtileg en tekur einnig á mikilvægum viðfangsefnum sem snerta börn og unglinga.

Rétt er að geta þess að bókin er skrifuð á amerískri ensku þrátt fyrir að höfundurinn, Anthony McGowan sé breskur. Í því samhengi má vekja athygli á að amerískur ritháttur smitast gjarna yfir í önnur tungumál. Jafnvel breska ensku.

FIRST! Look at the picture. How do you think Dermot feels?

Ræðið myndina og titil bókarinnar (diary/diaries), og látið nemendur útskýra hvað dagbók er.

- What is a diary?
- Describe Dermot. What is he wearing?
- What is special about his clothes?

Lesið fyrstu málsgreinina og ræðið:

- What do we know about Dermot?
- How does Dermot feel and why?

Látið nemendur skima textann og finna orð sem hafa með klæðnað að gera.

- What does the text say about the shirt?
The trousers? The blazer? The shoes?
- What colours can you find in the text?

Hlustið á og lesið textann. Ræðið við nemendur um námstækni. Hvaða aðferðir er hægt að nota þegar maður rekt á eitthvað sem maður ekki skilur? Hvernig nýtist til dæmis það að giska út frá samhenginu? Gefið góðan tíma til að lesa textann vel og farið sameiginlega yfir Note to self, þar sem nemendur eiga sjálfir að búa til sambærilegan texta. Ræðið að lokum spurninguna í *Think and talk*.

Think and talk: *Have you ever had to wear clothes you didn't like?*

Verkefnabók bls. 12-13

12 Circle the questions words

Settu hring utan um spurnarorðin í stafaslöngunni.

13 Write the correct question word

Skrifaðu spurnarorðið sem vantar í setninguna.

14 Answer the questions

Svaraðu spurningunum úr verkefni 13.

15 Read and match the expressions

Lesstu og settu strik milli setningahlutanna sem passa saman.

16 Make your own Note to self

Lesstu Note to self á blaðsíðu 13 í nemendabók, og skrifaðu þína eigin útgáfu af textanum.



Let's play – Question Board

Þátttakendur: 2ja til 3ja manna hópar

Efni: Ljósrit 1, teningar.

- Hver hópur fær eitt ljósrit.
- Skipst er á að kasta teningnum og færa leikmann eftir því sem teningurinn segir til um.
- Þegar leikmaður lendir á reit með spurnarorði, spyr nemandinn spurningar sem inniheldur spurnarorðið.
- Næsti nemandi svarar spurningunni áður en áfram er haldið.

Nemendabók bls. 14-15

A Job for Experts!

Spyrjið bekkinn hvaða spurnarorð nemendur þekki og skrifið þau upp á töflu. Látið nemendur spyrja hver annan spurninga, í þörum eða minni hópum. Þau ákveða sjálf að hverju er spurt, mikilvægast er að öll spurnarorðin séu notuð.

FIRST! What do you think this text is about?

Nemendur munu fljótt átta sig á hvað þessi texti fjallar um. Ræðið fyrirsögn og mynd:

- Look at the title and the picture. What

do you see? What do you think has happened?

- Who are the boys talking to?
- What do you think they're talking about?

Lesið fyrstu málsgreinina og ræðið:

- What do you think the police officer wants to know?

Hlustið á og lesið samtalið. Skiptið bekknum í þrennt og látið hvern hóp fá hlutverk. Hóparnir lesa samtalið í kór. Ef tími vinnst til má láta hvern hóp leikgera samtalið. Notið myndina sem útgangspunkt fyrir talþjálfun, t.d. með því að biðja nemendur um að búa til spurningar út frá myndinni eða segja frá því hvað þau haldi að hafi gerst eða muni gerast. Það má líka láta þau lýsa myndinni með það í huga að æfa forsetningar.

Think and talk: *Have you ever lost something dear to you?*

Hér þarf umræðan ekki endilega að snúast um innbrot. Markmiðið er að nemendur æfist í að lýsa einhverju sem þeir hafa tapað, gjarna með tímasetningum, staðsetningum eða öðrum upplýsingum sem við eiga

Verkefnabók bls. 14-15

17 Ask questions about the break-in

Settu rétt spurnarorð inn í setningarnar.

18 Detective notes

Ímyndaðu þér að þú sért rannsóknarlögreglu- maður. Skrifðu upplýsingar um innbrotið.

- Þegar nemendur hafa fyllt inn upplýsingarnar sem vantar, er tilvalið að láta þau útbúa stuttan leikþátt um atburðinn. Notaðu má textann og myndina í *Textbook* sem innblástur.



Nemendabók bls. 16-17

I Want to Be ...

Flest börn hafa einhverja hugmynd um hvað þau langar að verða þegar þau verða stór. Á bls. 16 og 17 kynnst nemendur nokkrum atvinnugreinum í gegnum söng, myndskreytingar og tvo texta. Þetta er auðvitað mjög takmarkað úrval og því gæti verið sniðugt að verja einhverjum tíma í að leita uppi önnur starfsheiti á ensku. Það mun eflaust virka hvetjandi á nemendur, til að vinna áfram með efnið, að hafa tekið þátt í að velja orðin áður.

FIRST! What do you think the words doctor, actor and hairdresser mean?

Ræðið þessi þrjú orð og biðjið nemendur að líta á teikningarnar neðst á síðunni. Líkjast einhver af orðunum íslensku starfsheitunum? Þekkið nemendur einhver starfsheiti sem eru lík á ensku og íslensku?

Ræðið fyrirsögnina.

- Look at the title! How can you finish the sentence?
- What can you see in the photos?

Börnin velja fyrir sér hvað þau vilja verða í framtíðinni. Biðjið þau að skrifa niðurstöðurnar með stuttum rökstuðningi. Því næst skiptast þau á að spyrja hvert annað:

- What do you want to be when you grow up?
- I want to be a pop star when I grow up, because I like singing and writing my own songs.
- I want to be a vet because I love animals.

Think and talk: *What do you want to be when you grow up? Find out what your dream job is called in English.*

When I grow up

Nemendur á miðstigi eru oft hugfangnir af átrúnaðargoðum sínum og verða fyrir áhrifum af þeim. Í þessu lagi er greinilegt hvers höfundur óskar sér, nefnilega að verða eins og átrúnaðargoð sitt. Í laginu kemur meðal annars fram að hann óskar sér að geta borgað reikningana sína og gefið móður sinni hús með útsýni. Einingis viðlagið er birt hér en þó er mælt með að hlusta á allt lagið og vinna með tónlistarmyndbandið. Nemendur þekkja að öllum líkindum rapparann Dimitri Vegas og út frá honum má beina umræðunni að þeirra eigin tónlistarsmekk. Texta lagsins má sjá hér að neðan fyrir þá sem óska að vinna frekar með lagið:

Yeah
Ground like I do 'em trees
It's true if you believe
You can get anything you want to achieve
And I swear to everything, tatted on my sleeve
It ain't what you see, a G has underneath
I left plenty positions of feelin' comfort
When shit ain't cool, fools rough for it
You gon' remember my name when I'm done with it
And when they sad and done, I'll be at to top
Where the summond is
Ten toes, we the ones who run it
Everything runnin' smooth, there ain't no dysfunction
If we talkin' money, call me that's a good discussion
I'm talkin' motivation with no interruption

Girls game, too og Acting is the best

Hér eru lesnir tveir stuttir textar þar sem jafnaldrar segja frá draumastörfum sínum og lýsa því hvað í þeim felst. Hlustið á og lesið textana. Gerið lista yfir einföld orð sem nemendur þekkja og annan yfir þyngri orð sem erfiðara er að geta sér til um hvað þýða. Spyrjið nemendur hvort þeir hafi líka áhuga á störfunum sem um ræðir og hvers vegna.

Verkefnabók bls. 15-17

19 Watch the video

Horfðu á myndbandið á vef Yes We Can. Punktadu hjá þér upplýsingar og skrifaðu í hringina.

- Hlekkur á myndbandið er inni á vef náms-efnisins. Áður en horft er skuluð þið ræða hverju nemendur ættu að hlusta/horfa eftir. Skiptið nemendum í hópa. Horfið aftur á myndbandið eftir þörfum þannig að allir nái að skrifa.

20 Write your own paragraph

Skrifaðu þína eigin útgáfu af *When I grow up*.

- Nemendur þurfa ekki endilega að skrifa um átrúnaðargoð. Það má líka velja einhvern sem maður þekkir, t.d. fjölskyldumeðlim eða vin.



Let's play – Please


Þátttakendur: Allur bekkurinn

- Nemendur leika mismunandi störf með látbragði. Leikurinn virkar eins og *Simon says* ... nema að í stað orðanna *Simon says* er notað orðið *Please*. Þegar kennarinn segir t.d. *Be a singer, please*, leika nemendur söngvara. Þegar kennarinn hins vegar segir bara *Be a singer*, standa allir kyrrir.
- Til að allir nemendur séu sem virkastir bíða þeir bara eina umferð ef þeir verða úr. Svo koma þeir inn í leikinn aftur.
- Það má gjarna hafa hugstorm í bekknum þar sem nefnd eru öll störf sem koma upp í hugann og þau skrifuð á töfluna áður en leikurinn hefst.
- Tillögur: *Be a singer, be a gamer, be a hairdresser, be a chef, be a doctor, be a bus driver, be a tennis player, be a police officer, be a teacher.*

21 Sort and write the words

Lestu orðin og flokkaðu þau í rétta orðflokka.

- Þetta verkefni getur reynst mörgum erfið að leysa, jafnvel þótt mörg orðana hafi komið fyrir áður. Látið nemendur vinna í hópum ef það hentar betur og gefið dæmi með setningum ef einhverjir eru í vafa.



ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu ljóðið *When I grow up* upphátt. Endurtaktu þar til þú ert orðin örugg/ur á framburði og lestrarhraða.
- Skrifaðu niður eins mörg starfsheiti og þú getur á 3 mínútum. Finndu þér spilafélaga (til dæmis einhvern á heimilinu eða vin). Skiptist á að leika störf með látbragði og giska.
- Finndu út hvaða starfsheiti nokkrir í fjölskyldu þinni hafa. Hvað heita þau á ensku? Segið frá því hver vinnur við hvað.

22 Read and write


Skrifaðu hvað er sérstakt, að mati Ava og Oliver, við draumastörfin þeirra.

23 Who does what?

Skrifaðu rétt starfsheiti í talblöðurnar.

- Bæta mætti við þetta verkefni með því að láta nemendur búa til fleiri slíkar gátur. Einnig kemur til greina að láta nemendur búa til nýjar setningar við myndirnar.

Let's play



Let's play – Loop

Þátttakendur: Allur bekkurinn
Efni: Spil

- Nemendur fá eitt spil á mann.
- Sá sem fær spilið sem á stendur START, les spurninguna upphátt og leggur spilið á borðið.
- Sá sem hefur spilið með svarinu við viðkomandi spurningu, les það upphátt og spyr spurningarinnar af sama spili. Því næst leggur hann spilið á borðið við hliðina á því síðasta.
- Spilin mynda hring þegar allir hafa spurt og svarað.

Let's do more – Símat

Látið nemendur vinna saman í pörum með verkefnið *Do you remember?* Hér fá þau endurtekningu á orðaforða og innihaldi kaflans. Þetta verkefni er tilvalið að nota sem lið í símati, þar sem þú sem kennari getur fylgst með og metið hvernig nemendur nálgast spurningarnar og hvað námstækni þeir nýta sér.

Aðferð:

- Nemendur skiptast á að kasta teningi sem segir til um hvaða spurningu skal vinna með. Einn les spurninguna upphátt en annar svarar. Einnig má vinna þetta verkefni í sameiningu og koma sér saman um hvernig spurningunum er svarað á sem bestan hátt.

Afbrigði: Vinnið verkefnið í hóp og ræðið hvernig svara má spurningunum á fullnægjandi hátt.

Verkefnabók bls. 19

Námið mitt

Prentið út ljósrit á vef fyrir nemendur eða látið þau skrifa svörin á blað.



Do you remember?

- Together Again!**
- What does Harry want to be when he grows up?
 - When does Zahara live?
 - When is Dennis trying on his uniform?
 - Who shakes up at school and why?
 - Why does Ava like gaming?
 - Which job would you like to have?



Me, Myself and I

Í kaflanum *Me, Myself and I* eru umræður um fjölskyldur og fjölskyldutengsl. Nemendur kynnast *Dungeons and Dragons* hlutverkaspilinu og leikið er með tungumálið í þrem mismunandi ljóðum. Í textanum *My Family* lesum við um James og fjölskyldu hans. Komið er inn á systkinatengsl, mismunandi samsettar fjölskyldur, áhugamál og heimili og gefst þar með tækifæri til sambærilegra umræðna í bekknum út frá nemendum sjálfum. Síðar í kaflanum er sjónum beint að áhugamálum og frítíma en þá sérstaklega því sem snýr að sameiginlegum frístundum fjölskyldunnar, enda er fjölskyldan aðal viðfangsefni kaflans.

Orð og setningamyndir

- *friendly, kind, uncle, famous, discover, messy, chatty, aunt, irritating*
- *Can you ...?*
- *Yes, I can.*
- *No, I can't.*
- *I am good at ...*
- *She is good at ...*

Málfræðiáherslur

Persónuformöfn, spurningar sem innihalda *can*

Magic Words

water
can't
mother
I'll
cat
did
new
shout
us
work
would
three
town
two
yes
red
didn't
dog
found

Verkefnabók bls. 20-21

Námsmarkmið

Soon

- *I can tell others about myself and my family.*
- *I can describe the place I live.*
- *I can use personal pronouns.*
- *I can ask questions using can.*

Í þessum kafla er unnið með persónuformöfn og dæmi gefin um hvernig skipta má nafnorðum út fyrir persónuformöfn. Persónuformöfn segja okkur hvort setningin fjallar um einn eða fleiri og nemendur eiga að geta greint mun á eintölu og fleirtölu. Berið saman við íslensku orðin.

Nemendur æfa einnig spurningar með *Can you ...?* og svör við þeim. *Yes, I can* eða *No, I can't*. Vekjið athygli á að orðið *can* er af sama uppruna og íslenska orðið *kann*, þótt þýðingin sé önnur. Þetta veldur gjarna ruglingi. Ræðið framburð orðanna *can* og *can't* og mismuninn á breskum og amerískum framburði. Í breska framburðinum breytist sérhljóðinn í neituninni, *can't*, og verður /ka:nt/. Hins vegar er sérhljóðinn eins í ameríska framburðinum á *can* og *can't*. Minnið á að þegar spurningum með *can ...?* er svarað, skiptir maður nafnorðinu út fyrir persónuformöfn.: *Can... ?*: *Can James skateboard? Yes, he can.*



Upphitun

Áður en farið er í kveikjumyndina á bls. 20-21 er tilvalið að leika *Fruit basket*. Nemendur standa eða sitja í hring með einn í miðjunni. Sá sem er í miðjunni segir setningu sem byrjar á fornafninu I, he eða she. Setningin á að vera um eitt-hvað sem maður getur gert eða borðað. T.d.

- *I like playing football.*
- *He likes bananas.*
- *She likes pizza.*

Ef setningin byrjar á *I* eiga allir sem hafa gaman af fótbolta að skipta um stað. Ef setningin byrjar á *He* eiga allir strákar sem þykir bananar góðir að skipta um stað og svo framvegis. Einnig er hægt að leika leikinn með því að nota setningamyndina *Can you ...?* Sá sem er í miðjunni spyr spurningar sem hefst á *Can you ...?* og allir sem geta svarað henni játandi skipta um stað t.d.

- *Can you do a handstand?*
- *Can you run faster than your father?*
- *Can you fix a bike?*

Að lokum má láta nemendur nota fornöfnin í setningar. Þú segir t.d. upphátt

- *My friend loves her bike. What can we say instead of my friend? Yes, he or she. Good!*
- *My friend and I run every Thursday. What can we replace My friend and I with? Yes, you're right. We use the pronoun We. Well done!*

Skoðið myndirnar á bls. 20 í verkefnabókinni og lesið textana í talblöðrunum. Flestir munu taka eftir persónufornafninu *She*. Lesið setningarnar vinstra megin við myndirnar og vekið athygli á því að fornafnið *you* er eins í 2. persónu eintölu og fleirtölu. Lesið að lokum spurningarnar með *Can*, neðst á blaðsíðunni.

Vinnið verkefni á bls. 21.

A Write the correct pronoun

Skrifaðu rétt fornafn.

- Nemendur sjá hvaða hluta setningarinnar á að skipta út.

B Read and answer

Lestu spurninguna og skrifaðu svarið. Notaðu *Yes, I/he/she can or No, I/he/she can't*.



Drill

Vinnið með verkefnin á vefsvæðinu. Verkefnin eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að styðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðréttaast sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 20-21

Kveikjumynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður á ensku um hvað nemendur telja að kaflinn fjalli um. Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur ykkur í hug þegar þið skoðið ljósmyndirnar og teikningarnar? Setningamyndirnar er tilvalið að taka fyrir strax, þar sem þegar hefur verið unnið með spurninguna *Can you ...?* í verkefnabókinni. Setningamyndina *I'm good at ...* þekkja nemendur úr *Yes we can 5* og geta nú notað hana til að búa til lengri og fjölbreyttari setningar.

Lesið textana á kveikjumyndinni upphátt og gefið nemendum kost á að tjá sig með spurningum eða athugasemdum. Einhverjir munu líklega tjá eigin skoðanir eða svara spurningunum t.d. *What do you do when you go by train? What do you do with your family? Have you ever tried D&D? Aðrir koma með athugasemdir um ummæli eða tilvitnanir t.d. I like myself. I'm glad I'm me. There's no one else I'd rather be. What do you think about these lines? Do you like yourself?*

Látið að lokum nemendur ljúka við eftirfarandi setningar:

- *When I look at the pictures, I think about ...*
- *I like the intro text about ...*
- *In this chapter we're going to talk about ...*
- *The topic in this chapter is ...*

Biðjið nemendur um að taka fram *Workbook* og leysa verkefni 1 á bls. 22. Hlustið í sameiningu á meðan þau leysa verkefnið hvert fyrir sig.

Verkefnabók bls. 21

Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svar.

Hlustunartextar með kveikjmynd

Section 1

Read the question for section one. Now listen and choose the right answer.

- *I love visiting my grandparents. They live in a little cottage. I have got a friend who lives next door. Sometimes he comes over to play.*
- *Sometimes my cousin gets very irritating. She is an only child and a bit spoilt. Today she is wearing red sweater and grey trousers. What are you wearing today?*
- *My uncle travels by the Underground to work every morning. One day he saw a hidden animal in the map. Can you guess which animal he saw?*

Section 2

Read the question for section two. Now listen and choose the right answer.

- *I am good at jumping on a trampoline and standing on my hands. What are you good at?*
- *I have got a microphone and a mobile phone. I make tutorials for my YouTube channel. Have you got your own YouTube channel?*

Section 3

Read the question for section three. Now listen and choose the right answer.

- *My brother and I just poured a bucket of water over our heads and now we are soaking wet.*

Section 4

Read the question for section four. Now listen and choose the right answer.

- *During our summer holiday, my family and I went on a trip by hot air balloon. We were in the sky, like the birds, above the clouds. Looking down on the Earth was fantastic.*
- *I think I have a normal family. Well, except my brother, who puts his finger up his nose. Or my mother, who sometimes burps. Or my father, who... oh dear. Maybe we are not a normal family after all.*

Nemendabók bls. 22

My Normal Family

Hin ameríska Kathy Kenney-Marshall hefur gefið út fjölmörg ljóðasöfn með skoplegum ljóðum fyrir börn og unglinga. Hún býr í Massachusetts og vinnur sem kennari ásamt því að vera ljóðskáld. Hún sækir innblástur fyrir ljóð sín í samverustundir með nemendum sínum og eigin börnum. Eins og gefur að skilja leggur hún mikið upp úr því að reyna að smita nemendur sína af ritgleðinni.

FIRST! Find animals and colours in the poem.

Látið nemendur skima ljóðið og finna orð yfir dýr og liti. Minnið á mikilvægi þess í námi, að geta skimað texta eftir innihaldi. Bæta má við verkefnið með því að leita einnig eftir orðum yfir fjölskyldumeðlimi. Hlustið því næst á, og lesið, ljóðið í sameiningu. Sum orðanna gætu verið að koma fyrir í fyrsta skipti og þá getur komið sér vel að fara yfir æfingaorðin í sameiningu.

Leitið eftir rímorðum í ljóðinu og skrifið upp á töflu. Látið nemendur leita eftir sagnorðum og athugið hvort þeir sjái eitthvað óvenjulegt við ljóðið:

- What is strange about this poem?
- Is there anything normal in this family?

Æfið upplestur á ljóðinu, t.d. með því að skipta bekknum upp í hópa og láta hvern hóp rappa eitt erindi. Metið hvort tilefni er til að láta nemendur búa til eigin sambærileg ljóð, með eða án ríms. Það væri þá ef til vill hægt að gera í framhaldi af verkefni 2 og 3.

Vinnið með verkefni 2-4 í *Workbook*.

Verkefnabók bls. 23

2 Read and match the rhyming words

Settu strik milli orða sem ríma og skrifaðu rímörin á línurnar.

3 Choose words and rhyme

Veldu einhver af rímorðunum og notaðu þau til að búa til setningar.

4 Read and match

Lestu og settu strik til að tengja orðið sem á við setninguna.



Let's do – Find Someone Who©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Ljósrit 2

- Þjálfun í að lesa og skilja spurningar sem tengjast orðaforða kaflans. Áður en ljósritum er útdelt er mikilvægt að rifja upp spurningamyndirnar *Do you have ...? Are you good at ...? Can you ...? Do you live in ...?* Dreifið ljósritum til nemenda.
- Nemendur fara á milli og spyrja samnemendur spurninganna af ljósritinu.
- Nöfn þeirra er svara spurningu játandi eru skrifuð á ljósritið.
- Ef nemandi getur ekki svarað játandi fær hann aðra spurningu af blaðinu.

Nemendabók bls. 23-25

My Family

FIRST! What does the word family mean to you?

Byrjað er á hugstormi í pörum um orðið *family*. Orð sem koma upp í hugann eru skrifuð niður, flokkuð og að endingu rætt um hvernig nota megi þau í setningar. Ef einhverjir stoppa fljótlega og dettur ekkert í hug má hjálpa þeim áleiðis með eftirfarandi spurningum:

- What do you think about when you hear the word family?
- What does it take to be a family?
- How many different kinds of families do you know?
- What is the best thing about having a family?

Skoðið myndirnar efst á síðunni og ræðið um mismunandi íbúðarhúsnæði. Þýr einhver nemenda í álíka húsum og á myndinni? Hlustið á og lesið textann á bls. 23. Stoppið inn á milli til að ræða spurninguna í *Think and talk* bls. 22..

Think and talk: Tell a friend three things about James. He's ... He's got ... He's good at ...

Hlustið og lesið áfram á bls. 24, þar sem fleiri upplýsingar um James og fjölskyldu hans koma fram. Rifjið setningamyndirnar upp jafnhliða lestrinum svo nemendur venjist því að nota þær og biðjið þau um að hlusta eftir gagnsæum orðum í textanum. Eru nemendur sam-mála um hvaða orð eru gagnsæ? (Gagnsæ orð eru orð sem hljóma mjög líkt eða nánast eins á ensku og íslensku).

Nemendur munu seinna vinna með lýsingar á eigin fjölskyldum og því kemur sér vel að lesa textann vel (t.d. í pörum) og ígrunda, til að meðtaka setningamyndirnar sem nýtast síðar. Gangið á milli meðan nemendur lesa, spyrjið spurninga og hjálpið til við framburð á erfiðum orðum:

- When did Jim's parents split up?
- What does Jim's mother do for a living?
- Why can't Jim tell his mother that his father is going to build him a motorbike?

Talented Family

Þetta ljóð, eftir ameríska ljóðskáldið Kenn Nesbitt, fjallar um hæfileika en lýsir jafnframt fjölskyldunni á nokkuð óvenjulegan hátt. Vinna má meira með Nesbitt á ýmsa vegu. Á vefnum má finna hlekk á *Funny poetry playground of Kenn Nesbitt*.

FIRST! What are your talents?

Hvaða hæfileika getur fólk haft að mati nemenda? Og hvaða hæfileika telja þeir sjálfa sig hafa? Komist að því hvort nemendur telji að hugtakið hæfileikar séu einskorðaðir við ákveðið svið, eins og til dæmis íþróttir eða tónlist.

Skoðið og ræðið æfingaorð og myndir áður en hlustað er á ljóðið. Æfið upplestur á ljóðinu og vekjið athygli á rími og hrynjanda. Spyrjið spurninga:

- *What is the brother good at?*
- *What is the sister's special skill?*
- *Which talent do you think is the most irritating?*
- *What about yourself? Do you have any special talents that might irritate others?*

Think and talk: *What silly and crazy things is your family good at? My brother's good at ... I'm good at ...*

Verkefnabók bls. 24-25

5 Finish the sentences

Ljúkið við setninguna.

6 Read and draw a line

Lestu og settu strik frá spurningu að réttu svari.

7 Who lives where?


Skrifaðu hvar fólkið býr. Notaðu persónufornöfn

- Farðu yfir hvernig nota á persónufornöfnin í þessu verkefni.

8 Write about your own family

Skrifaðu fimm setningar um fjölskylduna þína.

- Nemendur skrifa frjálsan texta um fjölskyldu sína en eru hvattir til að nota eftirfarandi setningamyndir, bæði í eintölu og fleirtölu: *I have got ... I'm good at ... I can ...*



Let's play

Let's play – Guess who lives where

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Pappírsarkir

Í þessu verkefni eiga nemendur að geta sér til um hver býr hvar. Allir skrifa setningar um heimili sitt á miða. Kennarinn safnar miðunum saman, nemendur skiptast á að draga miða og lesa upphátt. Markmiðið er að giska rétt á sem flest heimili. Skrifðu gjarna hjálparsetningar á töfluna.

- *I live in a ...*
- *It has ... floors.*
- *It is an old/a new ...*
- *The colour of my house is ...*
- *The garden is ...*
- *I have a front/back garden.*
- *I have got few/many neighbours.*
- *Who am I?*

9 Write have or has

Skrifaðu *have* eða *has*.

10 My mind map

Skrifaðu fimm staðreyndir um þig sjálfa/n.

11 What can you do?

Svaraðu spurningunum með *Yes, I can ... No, I can't*.

12 Write a poem

Skrifaðu ljóð um hæfileikaríku fjölskylduna þína.

- Nemendur fylla í eyðurnar og byggja ljóðið upp á sama hátt og fyrirmyndin.

Let's
play

Let's play – My special friend

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Einn nemandi fer fram meðan restin af bekknum kemur sér saman um hver á að vera «My special friend».

Þegar nemandinn kemur aftur inn í bekkinn velur hann einhvern úr hópnum og spyr hvort hann sé «my special friend».

Ef hann er ekki sá rétti þarf hann að gefa einhverjar upplýsingar. T.d. að sá sem um ræðir búi í íbúð og eigi 3 systkini. Svona heldur þetta áfram þar til «my special friend» er fundinn.

Ef það reynist erfitt að finna eitthvað sem tengist fjölskyldu eða heimilishögum má nefna eitthvað sem tengist klæðaburði eða útliti.

- Are you my special friend?
- Yes, I am. / No, I'm not. Your special friend lives 3 kilometres from school.
- Your special friend goes by bus every day.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Veldu annan hlutann af textanum *My family* og æfðu þig að lesa hann upphátt.
- Skrifaðu öll orð sem þú þekkir sem tengjast fjölskyldu, t.d. *mother, stepdad*. Segðu eina setningu með hverju orði, t.d. *I haven't got a stepdad, my mother is good at baking*.
- Gerðu fjölskyldutré fyrir fjölskylduna þína og skrifaðu við hvern og einn nafn, aldur og eitthvað sem viðkomandi er góður í. T.d. *Susan, 42 years, good at baking*. Þegar þú ert búin að gera tréð skaltu gera upptöku og senda á kennarann þinn þar sem þú segir frá fjölskyldunni. T.d. *This is my mother. She is 42 years old and she is good at baking*.

Nemendabók bls. 26-27

Við lesum áfram um James en í textanum er komið inn á sannsögulega frásögn um Paul Middlewick, sem fyrir tilviljun uppgötvaði að í leiðarplani neðanjarðarlestarinnar í London leynast hin ýmsu dýr og verur. Lesið titil kaflans saman og skoðið myndirnar. Hvað dettur ykkur í hug? Þekkið nemendur til neðanjarðarlestarkerfisins í London? Látið þau skima textann og leita eftir dýraorðum.

- What do you know about the London Underground?
- Have you travelled by tube?
- What do you think the text is about?
- Skim the text and look for animals.

Hlustið á og lesið kynningatextann saman. Látið nemendur svo lesa áfram, tvo og tvo. Vekjið athygli þeirra á því sem Paul Middlewick sér í kortinu. Lesið áfram, textann *Did you know?* Metið hvort áhugi er fyrir hendi á að vinna áfram með kortið. Prentið þá kortið út og látið nemendur finna fleiri dýr eða önnur form. Bætið við stuttum setningum og setjið upp sýningu í bekknum með afrakstrinum.

Verkefnabók bls. 28-29

13 Choose a heading

Lestu málsgreinarnar og veldu fyrirsagnir sem passa. Þú notar ekki allar fyrirsagnirnar.

14 Word search

Finndu orðin í stafasúpinni og skrifaðu þau á réttan stað í textann.

- Verkefnið má leysa hvort sem er með eða án upprunalega textans. Það er í raun sama hvaða dýr er valið að setja sem það fyrsta sem Paul sá. Aðalatriðið er að setja saman texta í samhengi.

Let's
play

Let's play – The animal game

Þátttakendur: 3ja til 4ra manna hópar

Efni: Pappírsarkir

- Gefið fyrst hópnum 5 mínútur til að skrifa niður öll dýr sem þeim detta í hug. Skrifðu því næst orðin á töfluna.
- Gefið því næst nemendum 3 mínútur til að búa til gátu um eitt af dýrunum, hver fyrir sig.
 - *It has brown fur and lives in Australia. It has very strong back legs and is good at jumping. Which animal is it?*
- Bekkurinn getur glímt við gátunna sam-eiginlega eða hver hópur fyrir sig.

Nemendabók bls. 28-29

Dungeons and Dragons

Þrátt fyrir að nemendur á þessum aldri hafi varla haft mikil kynni af *Dungeons and Dragons* eða sambærilegum hlutverkaleikum, heilla ævintýraheimar og kynjaverur fólk á öllum aldri. Slíkt hefur auk þess verið viðfangsefni í náms-efninu á fyrri árum.

Ræðið í upphafi myndina neðst á síðunni. Hvað sjá nemendur? Er eitthvað sérstakt við leikmennina og teningana á myndinni?

Auk þess:

- *What is a table top game?*
- *What is a role-playing game?*
- *Have you heard of D&D?*
- *Have you played it?*

Textinn er ekki langur en í honum eru mörg framandi orð og því afar mikilvægt að fara vel yfir æfingarorðin í upphafi og á meðan á lestri stendur.

Skrifið hjálparorð og -setningar á töfluna ef við á, samhliða því sem þau koma upp í textanum. Látið nemendur hlusta á og fylgjast með í textanum.

Hér er tilvalið að spyrja spurninga af og til, til að fullvissa sig um að allir hafi meðtekið megin innihald textans.

Verkefnabók bls. 30-31

15 Play the snakes and ladder game

Hópverkefni. Þú þarft eitt spilapeð fyrir hvern þátttakanda og einn tening. Skiptist á að kasta teningnum. Ef þú lendir á neðsta hluta kaðals, á drekahöfði eða á gulum reit lest þú og ferð eftir fyrir mælunum fyrir viðkomandi reit á bls. 30.

Hér er mikilvægt að skipta nemendum í hópa með blandaða getu. Fyrirmælin eru í erfiðari kantinum og er það gert með því markmiði að þau séu lesin upphátt og leikmenn ræði og komi sér saman um innihald þeirra. Þannig geta þau sem eru lengra komin stutt við hin, auk þess sem umræður skapast um orðalag og tungumálið.



Let's do – Mix-N-Match©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil

- Verkefnið gengur út á að finna andheiti.
- Hver nemandi fær spjald með ensku orði.
- Kennarinn segir Mix og nemendur ganga á milli og skiptast á spjöldum við þá sem þeir hitta.
- Þegar kennarinn segir Match leita nemendurnir að þeim bekkjarfélagum sem hefur spjald sem passar við þeirra. Þeir sem finna félag sinn stíga til hliðar svo léttara sé fyrir þá sem eftir eru að finnast.
- Þegar allir hafa fundið sitt „match“ og sannreynt spjöldin segir kennarinn Mix og leikurinn byrjar að nýju.

Nemendabók bls. 30-31

Five Fun Family Activities

FIRST! What do you like to do with your family?

Þessi kveikjuspurning ætti að gefa öllum tækifæri til þess að taka þátt í umræðunni en ef kennarinn metur það svo að umræðuefnið sé viðkvæmt fyrir einhverja nemendur má beina umræðunni meira í átt að því hvað nemendum finnst almennt skemmtilegt að gera í frístundum. Varpaðu spurningunni fram í bekknum og gefðu orðið laust, eða stýrðu umræðunni frekar með því að skrifa nokkra flokka upp á töflu sem geta gefið hugmyndir. T.d. Indoor, Outdoor, Weekend, Holiday, Sports, Art and History.

Skoðið myndirnar og hlustið á tillögurnar fimm. Hvaða afþreying þykir nemendum áhugaverðust? Hvað af þessu hafa þeir prófað að gera með sínum fjölskyldum? Gerið lista yfir þar sem tillögnum er raðað í vinsældaröð.

Haldið áfram á bls. 31 með textann um *The Ice Bucket Challenge*. Textinn fjallar um tvo bræður sem taka áskorun. Nemendur lesa samtalið þeirra á milli upphátt í pörum og æfa um leið framburð og áherslur. Gangið á milli og hjálpið til með erfið orð og framburð. Ef til vill má leyfa nemendum að spreyta sig á áskoruninni.

Verkefnabók bls. 32-33

16 Fun family activities

Skrifaðu fimm atriði sem þér finnst gaman að gera með fjölskyldunni.

- Hér má leita í hugstorminn frá því fyrr í kaflanum um afþreyingu með fjölskyldunni. Hvetjið nemendur til að rökstyðja hvers vegna þeim þykir tiltekin afþreying skemmtileg.

17 What is in your time capsule

Skrifaðu um og teiknaðu það sem þú myndir setja í þitt tímahylki.

- Hvaða hlutir skipta nemendurna máli? Hvað gæti gefið öðrum skýrari mynd af því hver þú ert? Ræðið stuttlega um hvaða hlutir eru vinsælir í dag og ef til vill hluti sem þeir sjálfir eiga til minningar um fólk sem stendur þeim nærri.

18 My time capsule

Gerðu þitt eigið tímahylki.

- Nemendur gera yfirlit um hvar þau eru í lífinu og hvað það er sem hefur þýðingu fyrir þau. Til að byrja með er bls. 32 í verkefnabókinni unnin en í framhaldinu má gjarna vinna áfram með viðfangsefnið stafrænt og gera þá stærri og umfangsmeiri umfjöllun. Fjalla má ítarlegar um hvert atriði og bæta við upplýsingum. T.d. hver var með í umræddu ferðalagi eða hvers vegna þeim líkar tiltekin kvikmynd.



Let's
play

Let's play – The noun game

Þátttakendur: 3ja til 4ra manna hópar

Efni: A4 pappírsarkir

- Hver nemandi fær eitt blað og teiknar á það 4x4 reiti.
- Skriðið 4 flokka á töfluna, t.d. *dish*, *sparetime*, *town*, *country* eða hvað sem er.
- Nefndu einn bókstaf og þvínæst eiga nemendur að finna eitt orð í hverjum flokki sem byrjar á þeim staf.

ENGLISH
AT
HOME

English at home

- Lestu textann *The Ice Bucket Challenge* upphátt og taktu upp. Hlustaðu og finndu að lágmarki þrjú atriði sem þú vilt breyta eða bæta við upplesturinn. Lestu aftur.
- Búðu til frétt um *The Ice Bucket Challenge*. Ímyndaðu þér að þú hafir verið viðstaddur og eigir að búa til frétt fyrir fréttavef eða sjónvarp. Reyndu að lýsa atburðinum þannig að þeir sem ekki voru á staðnum geti fengið sem besta mynd af því sem átti sér stað.
- Hvernig er *The Ice Bucket Challenge* tilkomin? Gerðu leit á netinu og reyndu að finna út hvers vegna milljónir manna tóku áskorun um að hella fötu af ísköldu vatni yfir sig. Bættu við fréttina úr verkefni b.



Nemendabók bls. 32-33

I Like Myself

FIRST! What do you like about yourself?

Nemendur fá hver sitt blað þar sem þeir svara spurningunni. Það má skrifa hvað sem er, bara ef það gildir um þau sjálf og eitthvað sem þeim líkar í eigin fari. Safnið saman blöðunum, lesið ljóðið og deilið nemendum í hópa. Gefið hverjum nemanda tölu frá 1-4 sem segir til um í hvaða röð þau lesa hvert sína setningu í ljóðinu.

Samlestur er góð leið til að gera nemendur meðvitaðri um málfar, framburð og áherslur. Til að kynna fyrir þeim nokkur orð sem koma fyrir í ljóðinu má skrifa þau á miða og leggja á borðið fyrir framan hvern hóp. Lestu eitt orð í einu og nemendur eiga að reyna að vera fyrstir til að grípa orðið til sín þegar þau heyra það. Um leið og nemandi nær orðinu hrópar hann Got it! og endurtekur orðið. Þyngja má verkefnið með því að fela orðið inni í setningu eða láta nemandann sem nær orðinu búa til setningu sem inniheldur orðið. Þetta má gera í minni hópum eða skipta nemendum í lið sem keppa hvert á móti öðru.

Nemendur vinna með ljóðið á meðan kennari fer yfir blöðin úr verkefninu *First!* Látið nemendur lesa upphátt, bæði í hópum og yfir bekkinn. Deilið því næst út blöðunum úr verkefninu, handahófskennt og nemendur skiptast á að lesa eina og eina fullyrðingu. Þau bregðast við fullyrðingum sem þau geta samsamað sig við, t.d. með því að kinka kalli, standa upp og skipta um sæti eða gefa til kynna á annan hátt ef þau eru sammála.

- *I like my eyes.*
- *Me too/I like my eyes too.*
- *I don't/I don't like my eyes.*

Think and talk: Describe yourself on the outside and inside.
I've got ... I'm ...

Verkefnabók bls. 34-35



19 Find and write

Lestu ljóðið í *I Like Myself* og finndu lýsingarorð og orð yfir líkamsparta. Skrifðu orðin í viðeigandi kassa. Vinnið með ljósrit 3.

20 Write a body poem

Skrifaðu ljóð um líkama þinn. Ljóðið þarf ekki að ríma. Notaðu nafnorð og lýsingarorð úr verkefni 19.

21 Crossword

Leystu krossgátuna.



Let's play – Can you ...?

Þátttakendur: 2 nemendur
Efni: Ljósrit 4

- Nemendur skiptast á að spyrja hvort annað spurninga. Ef spurningu er svarað með *Yes, I can*, fær viðkomandi 1 stig. Stigin eru skráð neðst á ljósritið.
- Hverja spurningu má einungis nota einu sinni. Sá sem er spurður merkir í reitinn við spurninguna. Sá sem hefur flest stig er leiknum lýkur er sigurvegari.

Let's do more – Símat

Nemendur vinna í pörum með viðfangsefnið *Do you remember?* Hér gefst tækifæri á að skerpa á orðaforða og innihaldi kaflans. Upplagt er að nota þetta verkefni sem lið í símati, þar sem kennari getur metið hvernig nemandi nálgast spurninguna og hvað tækni hann beitir við að svara. Aðferð:



- Nemendur skiptast á að kasta teningi sem segir til um hvaða spurningu skal vinna með. Einn les spurninguna upphátt en annar svarar. Einnig má vinna þetta verkefni í sameiningu og koma sér saman um hvernig spurningunum er svarað á sem bestan hátt.

Afbrigði: Vinnið verkefnið í hóp og ræðið hvernig svara má spurningunum á fullnægjandi hátt.

Verkefnabók bls. 37

Námið mitt

Fyllið út ljósrit á vef.



Our Mysterious World

Our Mysterious World gefur innsýn í heim óútskýranlegra og dularfullra atburða og aðstæðna. Sum hver tengjast náttúrunni, önnur persónulegri reynslu, önnur flökkusögum og þjóðsagnarverum. Í upphafi kaflans er lesið um þekkt undur veraldar á borð við the *Loch Ness Monster*, *Stone Henge* og *Area 51*. Síðar í kaflanum er hinn skoski Cameron kynntur til sögunnar en hann er sannfærður um að hann hafi í sínu fyrra lífi búið á eyjunni Barra. Í kjölfarið er fjallað um flökkusögurnar um *The Lost Girl* og *Count Dracula*. Nemendur kynnst að lokum þrem mismunandi náttúrufyrirbærum í USA og Ástralíu.

Orð og setningamyndir

- *mystery, ghost, dangerous, remember, scared, strange, alien, horrible, mysterious*
- *I am afraid of ...*
- *I believe in ...*
- *I think ...*

Málfræðiáherslur

Notkun á *Is there ...?* og *Are there ...?*

Magic Words

away
again
night
over
long
never
small
where
head
everyone
every
play
something
bed
may
who
door

Verkefnabók bls. 38-39

Námsmarkmið

Soon

- *I can tell what I am afraid of.*
- *I can tell what I believe in.*
- *I can read legends and stories about strange places.*
- *I can ask questions with Is there ...? og Are there ...?*

Í þessum kafla er fjallað um notkun á *Is there ...?* og *Are there ...?*. Uppbygging setninganna er í sjálfu sér ekki flókin en mikilvægt er að nemendur geti skilið á milli eintölu- og fleirtöluformsins hvort sem um er að ræða spurningu eða svar. Ræðið hvernig uppbygging sambærilegra setninga væri í íslensku máli og hvernig skilið er á milli eintölu og fleirtölu.

Skoðið myndina á bls. 38 og fáið nemendur til að segja frá því hvað þau sjá á myndinni, t.d.

- *I can see a cat.*
- *I can see two ghosts.*



Vekið athygli á hvernig skilið er á milli eintölu og fleirtölu. Farið yfir regluna í bláa kassanum og vekið athygli á dæmunum í eintölu og fleirtölu neðst á síðunni. Nemendur æfa sig svo í þörum að spyrja hvort annað spurninga út frá myndinni. T.d.

- *Is there a cat in the picture?*
- *Are there two ghosts in the picture?*

A What do you think?

Svaraðu spurningunum. Veldu eitt af svörum úr talblöðrunum.

- Lesið svarmöguleikana upphátt, svo nemendur séu öruggari á framburðinum. Minnið á að svörin liggi ekki alltaf ljós fyrir og þá sé um að gera að giska. Svörin muni svo koma fram síðar í kaflanum.

B Ask questions

Búðu til spurningar með *Is there* eða *Are there*.

- Nemendur velja sjálfir viðfangsefni til að spyrja um.



Drill

Vinnið með verkefni á vefsvæðinu. Verkefni eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að styðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðréttaðast sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 36-37

Kveikjumynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður á ensku um hvað nemendur telja að kaflinn fjalli um. Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur okkur í hug þegar við skoðum ljósmyndirnar og teikningarnar? Notið eftirfarandi setningamyndir til að fá nemendur til að tjá sig um hvað þeir telja kaflann fjalla um:

- *I think this chapter is about ...*
- *I think we're going to read about ...*



Snúið ykkur því næst að setningamyndum kaflans, efst, hægra megin á kveikjumyndinni og fáið nemendur til að segja frá því hvað þau óttast og hvað þau trú á.

- *I'm afraid of spiders.*
- *I'm afraid of being alone in the dark.*
- *I'm afraid of thunderstorms.*
- *I believe in aliens.*
- *I don't believe in God.*

Lesið inngangstextann upphátt, varpið fram spurningum og leyfið nemendum að svara og leggja sitt í umræðuna.

- *What do you think of when you hear the word mystery?*
- *Do you believe in UFOs?*
- *Have you ever heard of the Loch Ness Monster?*
- *What do you know about Count Dracula?*
- *How would you explain the word legend?*

Að lokum skulu nemendur ljúka eftirfarandi setningum:

- *When I look at the pictures, I think about ...*
- *I like the intro text about ...*
- *In this chapter we're going to talk about ...*
- *The topic in this chapter is ...*

Nemendur taka fram verkefnabækur og leysa verkefni 1 á blaðsíðu 40.

Hlustið á Section 1-4 sameiginlega en leysið verkefni einstaklingsbundið. Haldið áfram með verkefni 2-4.

Verkefnabók bls. 40

1 Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svar.

Hlustunartextar með kveikjmynd

Section 1

Read the question for section one.
Now listen and choose the right answer.

- *Some people believe in aliens. They think aliens visit Earth in UFOs. I don't believe in UFOs. Do you?*
- *My little sister is afraid of monsters. She thinks there are big, hairy and furry monsters under her bed. I am not sure about that. Are you afraid of monsters?*

Section 2

Read the question for section two.
Now listen and choose the right answer.

- *When I grow up, I want to be an astronaut. I want to travel in a spaceship. I can't imagine what Earth looks like from space. Do you want to travel to the moon?*

Section 3

Read the question for section three.
Now listen and choose the right answer.

- *Many people say they have seen the Loch Ness monster, but the truth is that nobody has been able to prove it.*

- *Sometimes strange things happen and nobody can explain why. I don't believe in ghosts and monsters, but I believe there is more than meets the eye. Do you believe in things you can't see?*

Section 4

Read the question for section four.
Now listen and choose the right answer.

- *Nature can be mysterious, and people like to travel to see these places with their own eyes. Lake Hillier in Australia is an example and so is the Eternal Flame Falls in the United States.*

Opgaver 2-4 fungerer som forforståelsesopgaver til kapitlets læsetekster. Lad eventuelt eleverne hjælpe hinanden undervejs, hvis der er ord, de har svært ved at placere i den rigtige kontekst.

2 Read and match

Lestu og gerðu strik frá setningu að orði sem passar við.

3 Think and write

Veldu nokkur orð úr verkefni 2 og skrifaðu það sem kemur upp í hugann í tengslum við orðið.

4 Underline the right word

Gerðu strik undir rétt orð.

Let's
play

Let's play – Active answers

Pátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Tafla

- Kennari les orðskýringu (notaðu orðskýringarnar á bls. 41 í *Workbook*, verkefni 2).
- Ef nemandi þekkir orðið á hann að gefa það til kynna með einhverri hreyfingu. T.d. setjast upp á borð, snúa sér í hring eða hoppa.
- Til að auðvelda verkefnið má skrifa öll orðin upp á töflu áður en leikurinn hefst.

Nemendabók bls. 38-39

World Mysteries

Eins og kunnugt er finnst ótal margar sögur um hið þekktu sjóskrímsli *Lock Ness* en hingað til hefur enginn getað sannað tilurð þess.

Snjómaðurinn ógurlegi, eða *Yeti* eins og hann er kallaður af heimamönnum heldur, samkvæmt sögusögnum, til í fjalllendi Tíbet og Nepal. Hann er talinn tröllvaxinn og hulinn rauðbrúnum feldi. Tilurð goðsagnarinnar er rakin til risastórs fótspors sem fannst þar í fjöllum.

UFO eru fljúgandi furðuhlutir sem ekki finnst þekkt skýring á. Sumir telja þó að fljúgandi furðuhlutir eigi sér eðlilegar skýringar. Að þar sé um að ræða óskráð flugflugvéla, plánetur eða veðurfyrirbrigði.

The Bermuda Triangle er svæðið sem liggur milli Bermuda, Puerto Rico og Florida. Á þessu svæði hefur fjöldi óútskýranlegra atburða átt sér stað. Skip hafa horfið og flugvélar hrapað. Vísindamenn telja að skýringa sé að leita í tíðum ofsaveðrum á svæðinu eða sterku segulsviði sem trufla áttavita og radara og leiði þannig flugvélar af leið með þeim afleiðingum að þær verði eldsneytislausar og hrapa.

Stonehenge er þekktasta mannvirki sögunnar og samanstendur af stórum steinum sem raðað er upp í tvo hringi. Byggingasaga *Stonehenge* hófst seint á miðsteinöld, fyrir um 5000 árum síðan. Steinarnir í innsta hringnum eru ekki upprunalega frá svæðinu og hafa því verið fluttir þangað um langan veg. *Stonehenge* hefur að öllum líkindum verið nýtt til trúariðkunar en það finnst ótal mismunandi kenningar um það meðal fræðimanna.

FIRST! What is a mystery?

Hvernig svara nemendur þessari spurningu? Geta þeir komið sér saman um skilgreiningu? Skoðið kaflaheiti og myndir og innið nemendur eftir því hvort þau kannist við eitthvað á myndunum.

Hlustið á hvern texta fyrir sig og fylgist með í bókunum. Nemendur vinna í hópum og búa til spurningar sem eiga við hvern texta. Spurningarnar eru svo lagðar fyrir hópsfélaga eða keppt milli hópa. Haldið áfram í verkefnabók.

Verkefnabók bls. 42

5 Read and mark

Lestu setningarnar og merktu við *True* eða *False* eftir því sem við á.

6 What's it like?

Settu hring utanum lýsingarorðið sem þér finnst lýsa nafnorðinu best.

7 Write sentences with words from task 6

Skrifaðu setningar og notaðu orðin sem þú valdir í 6. verkefni.

Nemendabók bls. 40-41

Area 51

FIRST! What do you think the text is about?

Nemendur þekkja líklega fæstir til *Area 51*, eða *Crop Circles* svo hér getur komið sér vel að fara yfir æfingaorðin í sameiningu. Mörg þeirra munu líklega vekja athygli og jafnvel forvitni. Hlustið og fylgist með í bókinni. Spyrjið ef til vill lesskilningsspurninga jafn óðum:

- *What is Area 51?*
- *When was it set up?*
- *Where is it located?*
- *Who can enter the area?*
- *Why is it easy to land planes?*
- *How big is the dry lake?*
- *There are many theories about this place. Which of them do you believe in?*
- *Where do you find the crop circles?*
- *When was the first photo taken?*
- *How are the patterns made?*

Think and talk: What do you think goes on at *Area 51*? Who do you think made the crop circles? I think *Area 51* is a place where ... I think the crop circles are made by ...

Vinnið áfram með verkefni 8-9 í verkefnabók, eða haldið áfram með samtalið *Believe It or Not*.



Believe It or Not

Samtalið er tilvalið uppbrot eftir vinnu með fræðitexta. Lesið kynninguna sameiginlega áður en nemendur setjast saman tveir og tveir og leiklesa samtalið. Eftir að lesið er einu sinni er skipt um hlutverk og lesið aftur. Áhersla skal lögð á framburð og áherslur. Hvetjið nemendur til að reyna að láta það koma fram með áherslum í lestrinum að í samtalinu leggur Sara sig fram um að reyna að sannfæra efasemdar-manninn Steve, um upplifun sína í friinu.

Think and talk: *Have you ever heard something you didn't believe?*

Þessi spurning kallar væntanlega á fjörugar um-ræður. Nemendur geta ýmist vísað í dæmi úr eigin veruleika eða fjallað um fyrirbærin sem sagt var frá fyrr í kaflanum. Minnið á orðanotk-unina *I believe in ... / I don't believe in ...*

Verkefnabók bls. 43-44

8 Do they believe in aliens?

Lestu setningarnar og merktu við *YES, believes in aliens* eða *No, doesn't believe in aliens*, eftir því sem við á.

- Þetta er mikilvægt lesskilningsverkefni sem gefur mynd af almennum skilningi nem-andans á efninu. Gættu að því að hér gefist góður tími til að lesa fullyrðingarnar vel.

Let's
play

Let's play – Spaceman

Þátttakendur: Allur bekkurinn
Efni: Tafla

- Leikurinn gengur út á að nemendur reyna að finna út hvaða orð á að standa á töflunni, með því að giska á staf þar til *Spaceman* er fullteiknaður.
- Kennari eða nemandi velur orð úr textanum *World Mysteries* á bls. 38-39 í *Textbook*.
- Á töfluna eru gerð strik fyrir hvern bókstaf í orðinu.
- Nemendur giska á bókstafi. Ef bókstafurinn finnst í orðinu er hann skrifaður á rétt strik. Ef bókstafurinn finnst ekki er hann skrifaður fyrir ofan og einn hluti teiknaður í teikningunni af *spaceman*.

9 Make an acrostic poem

Veldu orð úr fjólubláa reitnum og skrifaðu ljóð þar sem fyrstu bókstafirnir í hverri línu mynda orð ef lesið er lóðrétt. Notaðu orð og upp-lýsingar úr textanum *Area 51* á blaðsíðu 40 í nemendabók.

10 Who says what?

Lestu aftur textann *Believe It or Not* á blaðsíðu 41 í nemendabók. Merktu við hver segir hvað

ENGLISH
AT
HOME

English at home

- Veldu einn af textunum úr *World Mysteries*. Lestu hann upphátt og endurtaktu þar til þú ert sátt/ur við lesturinn. Taktu lesturinn upp og sendu kennaranum.
- Finndu lýsingarorðin í textanum *Area 51* eða textanum um *Crop Circles*. Búðu til eina nýja setningu með hverju lýsingarorði.
- Segðu frá því sem þú veist um og trúir á, varðandi dularfulla staði, verur og atburði. Notaðu setninga-myndir á borð við: *I think ...*, *I believe in ...*, *I don't believe in ...*, *I am afraid of ...*

Nemendabók bls. 42-43

The Boy Who Lived Before

Skoðið uppsetningu og titil textans. Skoðið kortið á bls. 43 og ræðið hvort einhver kannast við eitthvað af örnefnum. Í fimmta kafla verður fjallað nánar um Bretland en stutt kynning væri við hæfi hér. Lesið textann *Did you know?* Skoðið myndina og lesið myndatextann. Þegar hér er komið við sögu ættu nemendur að vera komnir með ágætis mynd af því hvað þau eru að fara að lesa um og hvar í heiminum frásögnin gerist. Til viðbótar mætti þó skima textann í leit að orðum yfir fjölskyldumeðlimi. Það gefur yfirsýn yfir persónurnar í textanum og tengsl þeirra á milli.

Hlustið og fylgist með í bókinni. Til að léttasturinn geta nemendur lesið eina efnisgrein í einu.

Think and talk: *Do you think Cameron's story is true?*

Kannið hvort nemendur trúa sögunni og ræðið rök með eða á móti.

Verkefnabók bls. 45

11 Find and match the opposites

Finndu andstæður.

12 Write the correct sentences

Settu orðin í rétta röð þannig að þau myndi setningu.

- Setningarnar eru ekki myndaðar á sama hátt og í textanum svo nemendur þurfa að rýna í innihaldið.

Let's play

Let's play – Jeopardy

Þátttakendur: 3ja til 4ra manna hópar

Hóparnir keppast um að muna sem flestar staðreyndir úr textunum sem lesnir hafa verið í kaflunum hingað til.

Ákveðið hversu langan tíma hóparnir fá til þess að búa til fullyrðingar sem passa við efni kafl-

ans. Þegar tíminn er liðinn eru fullyrðingarnar lesnar upphátt og ef andstæðingurinn nær að búa til spurningu sem á við fullyrðinguna fær hópurinn 2 stig. Skrifðu stigin á töfluna.

- *It looks like a giant, white gorilla, and smells horrible. Facit: What is a Yeti?*
- *It has a long neck, a small head, and a hump on the back. It is 10 metres long. Facit: What is the Loch Ness Monster?*

Nemendabók bls. 44-46

The Legend of the Lost Girl


FIRST! Talk about the title and the pictures.

Myndirnar með sögunni gefa góða hugmynd um hvað og hvern sagan fjallar um. Biðjið nemendur að lýsa hverri mynd fyrir sig og jafnvel lesa textana í talblöðrunum. Spyrjið hvort einhver geti útskýrt hugtakið flökkusaga. Ræðið það lauslega og lesið svo textann *Did you know?*

Hlustið í sameiningu á söguna. Því næst lesa nemendur upphátt í 3ja manna hópum. Nemendur skipta hlutverkum á milli sín og lesa. Leiðbeinið hópunum með framburð og áherslur. Skiptið um hlutverk svo allir lesi öll hlutverk-in. Ræðið í hópunum hvaða myndir passa best við söguna. Ræðið svo spurninguna í *Think and talk*.

Think and talk: *Do you think this legend is a true story?*

Nemendur leysa verkefni 13 og 14 í verkefnabók, eða lesa fyrst textann um Dracula.





Dracula

Textinn skiptist í tvo hluta. Sá fyrir segir frá því þegar írski rithöfundurinn Bram Stoker gaf út fyrstu bókina um Drakúla árið 1897. Bókin sló í gegn og hefur síðan verið innblástur fyrir fjölda rithöfunda og kvikmyndagerðarfólk. Í seinni hlutanum er teiknuð upp mynd af því hvernig fólk skilgreinir vampírunum og eiginleika þeirra.

Think and talk: *What do you know about vampires?*

Verkefnabók bls. 46-47

13 Read and write

Lestu *The Legend of the Lost Girl* á blaðsíðu 44-46 í nemendabók. Skrifaðu lýsingarorðin sem vantar á línurnar.



14 Sort the sentences

Lestu setningarnar og settu þær í rétta röð frá 1-7. Vinnið með ljósrit 5.

15 Make an interview

Skrifaðu viðtal við Drakúla greifa. Notaðu hugmyndaflugjið.

- Markmiðið með þessu verkefni er að nemendur sleppi ímyndunaraflinu lausu og skáldi upp frumlegt og óhefðbundið viðtal við Drakúla. Lesið spurningarnar í sameiningu og hvetjið nemendur til að koma með eigin tillögur að spurningum ef þeir vilja. Miðið að því að nemendur nái að skapa heilsteypta mynd af Drakúla með því að ígrunda svörin vel.

Let's play

Let's play – Tic-tac-toe

1 mylluspjald

2 x 3 spilapeningar með krossum og hringjum

- Veljið 9 orð úr textanum til að æfa.
- Teiknið mylluspjald á töfluna með 9 reitum (3X3), þar sem orðin 9 eru skrifuð. Eitt orð í hvern reit.
- Spilaspjaldið getur svo hver nemandi teiknað fyrir sig eða að kennarinn getur verið búinn að útbúa og ljósrita. Hver nemandi spilar annaðhvort með kross eða hring. Skipst er á að leggja spilapening á reit á spilaborðinu og segja um leið setningu með orðinu sem stendur í reitnum.
- Þegar báðir leikmenn hafa lagt niður sína spilapeninga, skiptast þeir á að færa einn reit í einu. Þegar annar leikmaður hefur náð 3 í röð (lárétt, lóðrétt eða á ská) hefur hann unnið leikinn.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Leiklestu textann í talblöðrunum í *The Legend of the Lost Girl*. Notaðu mismunandi raddir svo heyra megi hvort það er mammann, Anna, Kate eða gamla konan sem talar.
- Skoðaðu myndirnar og skimaðu textann aftur. Veldu eina mynd og texta sem þú vilt vinna með. Skrifðu niður lykilorð úr textanum. Æfðu þig að segja 2-3 staðreyndir úr textanum með orðin til stuðnings.
- Endursegðu *The Legend of the Lost Girl* með aðstoð myndanna.

Nemendabók bls. 48-49

Mysterious Nature

FIRST! Look at the pictures.

Where would you go?

Skoðið myndirnar þrjár í bókinni eða finnið myndir af stöðunum á netinu og sýnið uppá töflu. Ræðið hvaða áhrif myndirnar hafa og til hvaða staða nemendur gætu hugsað sér að ferðast.

Nemendur skima textana þrjá og finna orð yfir liti og staði. Hlustið á fyrstu tvo textana og fylg-ist með í bókinni. Farið yfir erfið orð eftir því sem þau koma fyrir í textanum. Þriðji textinn skilur sig frá hinum að því leyti að hann inniheldur lista yfir 5 atriði sem hafa ber í huga ef maður vill heimsækja Antelope Canyon. Lesið innganginn í sameiningu áður en nemendur lesa, í pörum, listann með atriðunum 5. Ræðið það sem hafa ber í huga og hvers vegna.

Think and talk: *Have you ever seen or visited a mysterious place? I've been to ... I've watched a documentary about ... I would like to visit ...*

Verkefnabók bls. 48-49

16 Answer the questions

Svaraðu spurningunum. Veldu svör úr talblöðrunum.

- Farið í sameiningu yfir svarmöguleikana og vekið athygli á muninum á eintölu og fleirtölu.

17 Find information

Lestu setningarnar. Finndu svörin í textanum *Mysterious Nature* á blaðsíðu 48-49 í nemendabók og skrifaðu á línurnar.

- Nemendur geta notað litina sem þeir fundu þegar þeir skimðu textann.

18 Write A or An

Skrifaðu A eða An.

- Upprifjun. Rifjið upp hvenær nota skal A og hvenær An. Vekjið athygli á muninum á sérhljóða og sérhljóðahljómi. Notið rununa **An elephant in orange underwear** til að muna sérhljóðahljómana. Minnið á að það er fyrsta hljóðið í viðkomandi orði sem segir til um hvort nota eigi *a* eða *an*. Við segjum til dæmis *an hour* vegna þess að *h* fyrir fram-*an* o er ekki borið fram. Hins vegar segjum við *a yellow bike*, þar sem *y* er borið fram sem */j/*, og það er samhljóðahljómur.

Í lok tíma má grípa tækifærið og æfa þetta. Nemendur búa sér til í huganum setningar um það sem finna má í skólastofunni eða fyrir utan. Kennarinn stendur við dyrnar og hleypir út þeim sem geta sagt setningu með rétttri notkun á *a* og *an*. Nota skal setningamyndirnar *There is a/an ... in our classroom/outside*. T.d.: *There is an alien in our classroom. There is a UFO outside*. Nemendur sem hafa þörf fyrir frekari áskoranir geta gert setningar sem innihalda einnig lýsingarorð, t.d. *There is an enormous Yeti in our classroom*. Orðin þurfa ekki að vera úr textum kaflans.

19 Send a text message

Skrifaðu SMS til vinar eða ættingja. Segðu frá einum af stöðunum í kaflanum.

Nemendur fara aftur til baka í textana og velja hvaða atriði þeir vilja hafa með í sínum smáskilaboðum það er nærtækast að velja einn af stöðunum frá blaðsíðum 48-49 en einnig má nota aðra texta, eins og t.d. *The Boy Who Lived Before* eða *Area 51*. Nemendur skálda sjálfir upp hverjum þeir eru með og hvað þeir gera, en lýsingar á stöðunum þurfa að byggja á textunum.



Let's play – Word chains

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Ljósrit 6, íþróttasalur eða skólalóð

- Prentið ljósritið og gefið hverjum nemanda eitt spil með einu orði.
- Einn nemandi er valinn til að vera setningafangari.
- Þegar setningafangarinn hefur fangað fyrsta nemandann sýna þau hvort öðru spilið sitt. Ef þau telja sig geta notað bæði orðin í einni setningu takast þau í hendur og halda leið sinni áfram til að fanga þann næsta.
- Í hvert sinn er nýr nemandi er fangaður er tekin afstaða um það hvort nota megi orð hans í setninguna.
- Ef ekki er hægt að nota orðið er viðkomandi látinn laus en sá hinn sami er þar með orðinn setningafangari og heldur af stað til að reyna að búa til setningu út frá sínu orði.
- Þegar ein keðja af nemendum hefur búið til heila setningu sýna þau kennaranum og ef setningin er rétt stíga þau til hliðar.

Verkefnabók bls. 50-51

20 Make a top five list

Se igen på teksten om *Stranger Things*. Vælg din yndlingsserie og lav din egen top 5 liste for at vise, hvad der er specielt ved den.

21 Make a fact file

Vælg en skuespiller fra din yndlingsserie, og lav et faktaark. Få inspiration i teksten om Millie Booby Brown.

22 Write a review

Vælg en film eller tv-serie, og skriv en anmeldelse.

Let's
play

Let's do – Inside Outside Circle©

Pátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Tafla


- Skriðið eftirtalin orð á töfluna: *star sign, language, height, spare time activities, favorite singer, biggest fear, favorite sports.*
- Helmingur nemenda býr til hring og snýr bakinu inn í hringinn. Hinn helmingurinn býr til hring utan um þannig að nemendur standa andspænis hver öðrum.
- Nemendur í ytri hring byrja á að segja frá sjálfum sér út frá punktunum á töflunni. Þegar tíminn er búinn er skipt um hlutverk og eftir það tekur ytri hringurinn eitt skref til hægri.

Let's do more – Símat

Nemendur vinna í pörum með viðfangsefnið *Do you remember?* Hér gefst tækifæri til að skerpa á orðaforða og innihaldi kaflans. Upplagt er nota þetta verkefni sem lið í símati, þar sem kennari getur metið hvernig nemandi nálgast spurninguna og hvaða tækni hann beitir við að svara. Aðferð:

- Nemendur skiptast á að kasta teningi sem segir til um hvaða spurningu skal vinna með. Einn les spurninguna upphátt en annar svarar. Einnig má vinna þetta verkefni í sameiningu og koma sér saman um hvernig spurningunum er svarað á sem bestan hátt.

Afbrigði: Vinnið verkefnið í hóp og ræðið hvernig svara má spurningunum á fullnægjandi hátt.



Verkefnabók bls. 53

Námið mitt

Fyllið út ljósrit á vef.



4

Time Off

Time Off er kafli þar sem sjónum er beint að tómstundum og þátttöku í húsvörkum. Komið er inn á hvaða þýðingu peningar hafa fyrir nemendur og fjallað um kosti og galla tölvuleikja. Lesnir eru nokkrir stuttir kaflar um sjálfboðastarf og að síðustu unnið með mataruppskrift. Í kaflanum er að finna brot úr bókunum *Billionaire Boy* eftir David Walliams og *Diary of a Wimpy Kid* eftir Jeff Kinneys, auk ljóðsins *I Don't Know What to Do today* eftir Kenn Nesbitt.

Orð og setningamyndir

- *meet, spend, enjoy, pocket money, chores, earn, save, spare time, awareness, bored*
- *I sometimes ...*
- *I never ...*
- *I always ...*

Málfræðiáherslur

Spurningar með *Do* og *Does*

Magic Words

clothes
find
fun
good
next
couldn't
need
great
through
baby
river
garden
right
even
any
much

Verkefnabók bls. 54-55

Námsmarkmið

Soon

- *I can tell others about my spare time activities.*
- *I can give my opinion on gaming.*

- *I can share my opinion on chores and pocket money.*
- *I can read and talk about children's literature in English.*
- *I can tell the difference between do and does when asking questions.*

Í þessum kafla er unnið með notkun á *Do* og *Does* í spurnarsetningum. Nemendur þekkja nú þegar nokkrar fastar setningamyndir með sögninni *Do*, t.d.

- *On Mondays, I do karate / I do yoga / I do gymnastics.*
- *After school, I do my homework.*
- *I do the dishes twice a week.*

Einnig hefur verið unnið með setningamyndina *Do + ing*, t.d.

- *Do you like swimming?*
- *Do you like reading?*

Í þessum kafla er unnið með *Do* sem hjálpar-sögn og nemendur æfa sig í að spyrja spurninga. Skoðið fyrst dæmin sem gefin eru vinstra megin. Hér ætti nemandinn að taka eftir muninum á *do* og *does*.

Rifjið upp að reglulegar sagnir breytast einnig í 3. persónu, eintölu. Skoðið teikningarnar og lesið dæmin sem gefin eru. Spyrjið nemendahópinn spurningarinnar *Do you do the dishes at home?* Gefið nemendum færi á að svara með *Yes, I do* eða *No, I don't*. Haldið áfram með því að spyrja *Does your sister do the dishes at home*, bætið svo við spurningum á borð við *Does your brother do the dishes at home*, þannig heyra nemendur setningarmyndina endurtekið og fá tækifæri til að æfa sig að nota bæði *He/She does* og *He/She doesn't*. Skoðið dæmin neðst til vinstri og vekið athygli á fleirtölumyndinni, *Do your parents help you with your homework?* Nemendur vinna með verkefnin og rétt er að benda þeim á að þeir þurfi að finna út hver gerir hlutinn áður en form sagnarinnar er valið.

A Ask questions

Skrifaðu *Do* eða *Does*.

B Ask and answer

Skoðaðu teikningarnar. Notaðu *do* eða *does* til að spyrja spurninga og svara þeim.

- Nemendur nota setningarnar úr talblöðrunum til að spyrja og svara.



Drill

Vinnið með verkefni á vefsvæðinu. Verkefni eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að styðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðréttaðast sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 54-55

Kveikjmynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður á ensku um hvað nemendur telja að kaflinn fjalli um. Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur okkur í hug þegar við skoðum ljósmyndirnar og teikningarnar? Setningamyndirnar er tilvalið að taka fyrir strax, þar sem þegar hefur verið unnið með spurninguna *Do you ...?* Ef nemendur eiga erfitt með að komast í gang má hjálpa þeim af stað með því að spyrja spurninga og fá þau til að svara með einhverjum af svarmöguleikunum þremur t.d.

- *Do you read the newspaper? Yes, I sometimes read the newspaper.*
- *Do you play football? No, I never play football.*
- *Do you eat breakfast? Yes, I always eat breakfast.*

Lesið textana á kveikjmyndinni upphátt og gefið nemendum kost á að tjá sig með spurningum eða athugasemdum. Einhverjir munu líklega tjá eigin skoðanir eða svara spurningunum t.d. *Do your parents expect you to help in the house? When was the last time you cooked for someone?*

Aðrir koma líklega með athugasemdir um ummæli eða tilvitnanir t.d. *Football is great fun, but it's important to relax, too. What about you? Do you also like football? / What do you do to relax?*

Látið að lokum nemendur ljúka við eftirfarandi setningar:

- *When I look at the pictures, I think about ...*
- *I like the intro text about ...*
- *In this chapter we're going to talk about ...*
- *The topic in this chapter is ...*

Biðjið nemendur um að taka fram verkefnabók og leysa verkefni 1 bls. 54. Hlustið í sameiningu á Section 1-4 meðan nemendur leysa verkefnið hver fyrir sig.

Verkefnabók bls. 56

1 Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svar.

Hlustunartextar með kveikjmynd

Section 1

Read the question for section one.
Now listen and choose the right answer.

- *In my free time I watch YouTube. I also go hiking with my sister. The best thing is playing video games.*
- *My hobby is singing. I go to singing practice on Mondays and Thursdays, and I always sing in the shower! I want to be a famous pop singer when I grow up.*

Section 2

Read the question for section two.
Now listen and choose the right answer.

- *It must be wonderful to be rich. Some very rich children have miniature versions of cars specially built for them. I would love a red Porsche in just my size.*

Section 3

Read the question for section three.
Now listen and choose the right answer.

- *Do you get pocket money? I get £4 a week if I do my chores. What are your chores? I have to tidy my room every day.*
- *I have to walk my dog every Tuesday to get my pocket money. I get £5 every Saturday and I spend it on sweets. What do you spend your pocket money on?*

Section 4

Read the question for section four.
Now listen and choose the right answer.

- *Video games are popular. There are many different types of games. Some children play a little, and other children play a lot. How often do you play?*
- *It's been proven that playing games can actually make you smarter. Not bad, right?*

Nemendabók bls. 56

Free Time Makes People Happy

FIRST! What do you do when you come home from school?

Spyrjið bekkinn og látið hvert og eitt segja frá því hvað þau gera eftir skóla. Rifjið upp, ef við á, hinar ýmsu tegundir íþróttaiðkunar. Lítið yfir textann Free Time Makes People Happy, og ræðið titilinn. Hvaða skoðanir hafa nemendur á fullyrðingunni? Þykir nemendum þeir hafa nægan frítíma? Lesið fyrirsagnirnar *Tweens need time to think and daydream* og *Tweens need to relax*. Hér má skjóta inn umræðu um hugtakið *Tweens*. (*A tween is a child between the ages of 9 and 12. A tween is no longer a little child, but not quite a teenager. They are in between the two age groups*). Eigum við orð yfir *tween* á íslensku? Hvetjið nemendur til að koma með tillögur að íslensku orði yfir þetta hugtak. Einhverjir nemendur eiga eflaust auðvelt með að skima textann meðan aðrir þurfa á orðskýringum að halda áður.

Hlustið og fylgjst með í bókinni. Notið glósu-orðin jafnóðum og fylgið textanum eftir með spurningum á borð við:

- *Which activities do we hear about in the text?*

- *What's on the top 3 list?*
- *Which of the activities do you like?*
- *Do you sometimes relax and enjoy some downtime?*

Did you know?

Nemendur lesa textann *Did you know?* Í pörum. Því næst endursegja þeir textann með því að styðjast við lykilorðin: bored, creative, solve problems, parents, new studies, stay busy. Sumir nemendur gætu þurft að sjá lykilorðin í samhengi og ljúka hálfgerðum setningum t.d.

- *It's good to be bored because ...*
- *Some parents think that they ...*
- *Studies show that children benefit from ...*

Nemendur vinna með verkefni 2-3 í verkefnabók og lesa því næst ljóðið *I Don't Know What to Do Today*.

Verkefnabók bls. 57

2 Read and answer

Lestu og skrifaðu svörin.

3 My spare time

Hvað gerir þú eftir skóla? Fylltu út í dagatalið.



Let's do – Quiz-Quiz-Trade©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil

- Hver nemandi er með spil með spurningu á. Engar tvær spurningar eru eins.
- Nemendur fara á milli og finna sér viðmælanda.
- Nemandi A spyr sinnar spurningar.
- Nemandi B svarar.
- Nemandi A hjálpar til eða hrósar.
- Nemendur skipta um hlutverk þannig að B spyr og A svarar.
- Nemendur skipta um spil. Þeir kveðja, finna nýjan féлага og byrja upp á nýtt. Þannig hefur hver og einn nýtt spil í hvert sinn sem hann mætir nýjum viðmælanda.

Nemendabók bls. 57

I Don't Know What to Do Today

Skoðið myndina og fáið nemendur til að segja frá því sem þeir sjá á myndinni. Hvetjið þá til að nota orðin í setningar ef kostur er. T.d. *I like to ride my bike, I don't like milk.* Hlustið á ljóðið í sameiningu og ræðið spurninguna í *Think and talk*, fyrst tveir og tveir, svo bekkurinn í heild:

- *Find three things in the poem that you always, sometimes or never do.*
- *I always ..., I sometimes ..., I never ...*

Því næst lesa nemendur ljóðið upphátt.

Gefið ríflegan tíma til að æfa framburð og áherslur svo flutningurinn verði persónulegur. Farið milli nemenda og aðstoðið á meðan þeir æfa. Upplsturinn getur farið fram sameiginlega í bekknum eða í fjögranna hópum.



Verkefnabók bls. 58-59

4 Find and write the rhyming words

Finndu rímorðin í ljóðinu og skrifaðu þau á línurnar.

5 Find the verbs

Lestu ljóðið aftur. Finndu sagnorðin og skrifaðu þau á línurnar.

- Það er tilvalið að senda nemendur af og til í leit eftir ákveðnum orðum í lestextum. Í þessu tilfalli er leitað eftir sagnorðum í ljóðinu. Í kjölfarið má vinna meira með orðin, t.d. æfa nútíðar- og þátíðar- form í fyrstu eða þriðju persónu, eða nota þau í spurnarsetningar með *Do* og þannig skerpa enn frekar á málfræðiáherslu kaflans.

6 What do you do when you're bored?

Veldu 5 atriði sem hægt er að gera þegar manni leiðist. Skrifaðu þau á línurnar. Finndu út hvað nemendur í bekknum gera þegar þeim leiðist.

Spurðu: *Do you ... when you're bored?* Settu strik fyrir hvern sem svarar játandi. Berið saman svörin í bekknum og gerið lista með fimm vinsælustu tegundum afþreyingar.

7 Make chocolate crispies

Skoðaðu myndirnar og settu setningarnar í rétta röð.

- Nemendur baka bollakökur og fara yfir hvað þeim líkar að gera í frístundum sínum.



Let's do – Find Someone Who©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Ljósrit 8

- Æfing í að lesa og svara spurningum sem innihalda orðaforða kaflans. Áður en ljósritið er afhent nemendum er brýnt að rifja upp spurnarformin *Do you always ...? Do you sometimes...? Do you often ...?* Prentið ljósritið og dreifið í bekknum.
- Nemendur fara á milli, finna sér viðmælanda og spyrja spurninga.
- Ef nemandi svarar játandi er nafn hans skrifað á blaðið. Ef svarið er nei, fær hann aðra spurningu.
- Minnið nemendur á að heilsa hvort öðru, og kveðja áður en haldið af stað í leit að næsta viðmælanda. Hver nemandi má aðeins koma einu sinni fyrir á hverju ljósriti, þannig þurfa nemendur að ræða við sem flesta til að ná að fylla blað sitt.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu ljóðið *I don't know what to do today*. Skrifaðu niður allt sem þú hefur gert af því sem kemur fyrir í ljóðinu.
- Skrifaðu lista yfir 5 atriði sem þú gerir gjarna í frítíma þínum.
- Skrifaðu áætlun fyrir eina viku. Veldu eitt atriði úr ljóðinu fyrir hvern dag vikunnar og gerðu áætlun um hvað þig langar að gera hvern dag. T.d. *Monday: Today I wan't to change my socks ...* Notaðu hvert atriði aðeins einu sinni. Þegar dagurinn er liðinn skaltu gera grein fyrir því hvort þú gerðir það sem þú hafðir áætlað. T.d. *Today I have changed my socks*, eða *today I haven't changed my socks*.

Nemendabók bls. 58-59

Play and get smart

FIRST! How often do you play video games?

Gefið orðið laust og leyfið nemendum að ræða sína eigin eða annarra venjur, fordóma, kosti og galla, árekstra eða annað sem tengist tölvuleikjaiðkun. Sumir spila aldrei sjálfir en hafa samt eitt og annað að leggja til umræðunnar. Í textanum er fjallað um ýmsa fordóma sem þeir mæta sem stunda spilamennsku en sjónum er beint að því að mörg spil og tölvuleikir hafa góð áhrif á virkni heilans, t.d. með því að þjálfa rökhugsun og nákvæmni.

Hlustið á textann og fylgist með í bókinni. Biðjið nemendur að skrá hjá sér jafn óðum hvaða leikir eru nefndir og spyrjið í framhaldinu hvort þeir þekki til þessara leikja eða spili þá.

Think and talk: *What do you think about these games?*

Diary of a Wimpy Kid


Margir nemendur þekkja nú þegar *Wimpy Kid* en þá líklega undir nafninu Kiddi klaufi. Kannið hvað þeir vita um hann og hvernig þeim líkar bækurnar. Skoðið myndina og ræðið:

- *Look at the illustration. Do you know this boy?*
- *What is he doing?*
- *How do you think he is feeling?*

Hlustið á brot úr bókinni og fylgist með í textanum. Ræðið ágreininginn sem kemur fram. Er þetta eitthvað sem nemendur kannast við sjálfir?

Think and talk: *What do your parents say when you spend time playing video games?*

Metið hvort þið gefið þessu viðfangsefni frekari gaum, t.d. má láta nemendur skrifa rök sem þeir heyra heima hjá sér, með og á móti tölvunotkun og bera saman dæmigerðar röksemdafærslur foreldra. Einnig má skipta nemendum í tvo hópa sem rökræða sín á milli með og á móti tölvuleikjaiðkun.



Verkefnabók bls. 60-61

8 Search for words and expressions

Finndu 4 sagnorð og 4 lýsingarorð. Skráðu í töfluna.

- Nemendur vinna eins og áður markvisst með orðanotkun í texta og fara á sagnorða- og lýsingarorðaveiðar. Verkefnið gerir þau meðvitaðri um orðaforðann sem unnið er með í tengslum við viðfangsefnið og undirbýr þau þar að auki undir 9. verkefni þar sem ljúka á setningum og þar með verður til samantekt úr textanum *Play and get smart*.

9 Summarize in four sentences

Skoðaðu orðin úr verkefni 8. Ljúktu við setningarnar.

- Ítrekið við nemendur að notast við sagnorð og lýsingarorð sem þau fundu í síðasta verkefni.

10 Do you play too often?

Taktu prófið og finndu út hvort þú spilar of mikið af tölvuleikjum.

11 Write your own diary

Lestu textann um *Wimpy Kid* aftur. Skrifaðu sambærilegan texta sem fjallar um þig og einhvern sem þú þekkir.

- Tilgangur verkefnisins er að nemendur noti eigin dæmi í ritrammann og skapi þannig sambærilegan kafla og í *Diary of a Wimpy Kid*. Hugstormið ef til vill áður en hafist er handa við skriftir þannig að nemendur fái fleiri möguleika að velja úr.

Let's play

Let's play –The ladder game

Þátttakendur: Bekknum er skipt í pör
Efni: Tafla

- Skrifið eftirfarandi atviksorð á töfluna:
always
often
sometimes
never
- Nemandi spyr viðmælanda sinn spurningar. T.d. *How often do you go swimming?* Svarið á að innihalda neðsta atviksorðið á töflunni, *never*.

- Nemandinn spyr annarrar spurningar og nú á svarið að innihalda næstneðsta atviksorðið, *sometimes*.

- Leikurinn heldur áfram þar til nemandinn nær toppi stigans, með því að spyrja spurninga sem svara má með viðkomandi atviksorði.

Pupil 1: *How often do you go swimming?*

Pupil 2: *Never*

Pupil 1: *How often do you play tennis?*

Pupil 2: *Sometimes.*

Pupil 1: *How often do you play football?*

Pupil 2: *Often.*

Pupil 1: *How often do you brush your teeth before you go to bed?*

Pupil 2: *Always.*

Teacher: *Well done! You got to the top of the ladder!*

Nemendabók bls. 60-63

Billionaire Boy


FIRST! Does money make you happy?

Spyrjið nemendur hvað þeim dettur í hug þegar þau heyra orðið peningar og hvaða þýðingu peningar hafi fyrir þau. Lesið inngang textans í sameiningu og spyrjið nemendur hvað þau myndi kaupa ef þau yrðu milljónamæringar.

Hlustið og fylgist með í bókinni. Nemendur telja til allt sem Joe Spud hefur eignast og skipta því í flokka, t.d. raftæki, fatnaður, bílar, dýr, o.s.frv.

Think and talk: *Joe Spud has all the money in the world, but there is one thing he doesn't have. What is that?*

Vinnið með verkefni 12 eða lesið fyrst umfjöllun um höfund *Billionaire Boy*, David Walliams.



Verkefnabók bls. 62

12 Word search

Finndu orðin í stafasúpunni og settu þau inn í setningarnar fyrir neðan.

Nemendabók bls. 63

Portrait: David Walliams

Einhverjir nemendur kannast kannski við *Britain's Got Talent*. Í þessum texta kynnumst við dómara þáttanna og rithöfundinum David Walliams. Dæmin sem gefin eru í *A thing that ...* gefur nemendum hugmyndir til að vinna með í verkefni 14. Tilvitnanirnar tvær neðst í kaflanum er unnið með í verkefni 13.

Verkefnabók bls. 63

13 Work with the text

Finndu upplýsingarnar og skrifaðu svörin á línurnar.

14 Make a fact file

Veldu þér persónu og skrifaðu þitt eigið *Fact file*.

Let's
play

Let's play – Joe Spud has a ...

Þátttakendur: Allur bekkurinn

- Nemendur setjast í hring.
- Einn nemandi byrjar og segir: *Joe Spud has a crocodile*.
- Sá næsti segir *Joe Spud has a crocodile and a robot dog*.

Leikurinn heldur áfram þar til einhver nær ekki að telja upp alla rununa. Þá á viðkomandi að byrja upp á nýtt, t.d. með *Joe Spud has a shark*.

ENGLISH AT HOME

English at home

- Lestu kaflann um David Walliams.
- Skrifaðu lýsingu á Joe Spud.
- Búðu til 5 spurningar til að spyrja Joe Spud. Sendu næsta nemanda á eftir þér í stafrófinu spurningarnar og viðkomandi svarar fyrir hönd Joes. Þú skilar svo til kennarans spurningum þínum og svörum sem þú fékkst frá bekkjarfélaga þínum.



Nemendabók bls. 64-65

Chores

FIRST! Talk about which chores you sometimes do at home.

Skoðið myndirnar, lesið ummælin í talblöðrunni og spyrjið bekkinn, What are your chores at home? Skrifjið ef til vill svör nemendanna á töfluna til að fá yfirsýn yfir mismunandi húsverk.

Hlustið á samtalið milli Philip og Ella, og biðjið nemandur að leiklesa samtalið í pörum. Að því loknu má annaðhvort 1) búa til samtal með eigin dæmum eða 2) skrifa fullyrðingu á borð við þá í talblöðrunni.

Pocket Money

Lesið innganginn í sameiningu og hlustið á ummæli barnanna tveggja. Því næst lesa nemandur textana í pörum hvert fyrir annað. Spyrjið eftirfarandi spurninga:

- *How much does Ella get?*
- *What does her parents buy?*
- *What does Ella buy?*
- *How much does George get?*
- *What does his parents buy?*
- *What does George buy?*
- *Are you like Ella or George?*

Did you know?

Textinn fjallar um hvernig deila má út vasapeningum gegnum smáforrit. Þannig tynast peningarnir ekki og notandinn getur nýtt sér sparnaðarmöguleikana í smáforritinu. Það er líka mögulegt að millifæra peninga í hvert skipti sem tiltekið verk er unnið. Þekkja nemendur til viðlíka smáforrita? Hvernig fá þau vasapeninga og hve oft?

Think and talk: *Do you think it's okay to get pocket money without helping at home?*

- Kannið hvað nemendum finnst um það að fá vasapeninga án þess að leggja neitt af mörkum. Efnið ef til vill til rökræðna og látið nemendur færa rök með og á móti.

Verkefnabók bls. 64-65

15 My chores

Lestu spurningarnar. Merktu við alltaf, oft, stundum eða aldrei, eftir því sem við á.

- í framhaldi af þessu verkefni má láta nemendur segja, í stuttu máli, frá heimilisverku sínum. Gakktu úr skugga um að þau noti alla fjóra svarmöguleikana. Einnig má vinna í hópum og ræða svör hvert annars. T.d.
 - *I always lay the table.*
 - *Me too.*
 - *I don't. I never lay the table, but I often empty the dishwasher.*

16 How much pocket money do they get?

Hversu mikið fá Ella og George í vasapeninga. Skrifðu upphæðirnar.

17 What would you do?

Ímyndaðu þér að þú sért milljónamæringur. Hvað myndirðu nota peningana þína í?

- Hér geta nemendur rifjað upp svör sín frá því unnið var með Billionaire Boy. Flettið ef til vill til baka að textanum og rifjið upp.

18 Read and match

Tengdu saman setningahluta svo setningarnar verði réttar.

19 Choose the best and the worst chore

Skrifaðu um bestu og verstu húsverkin. Skrifðu 3 atriði í hvorn flokk.

- Farið yfir dæmin sameiginlega svo allir nemendur séu meðvitaðir um hvernig leysa á verkefnið.



Let's do – Mix-N-Match©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil

- Verkefnið gengur út á að para íslensk og ensk orð.
- Kennarinn segir *Mix* og nemendur ganga á milli og skiptast á spjöldum við þá sem þau hitta.
- Þegar kennarinn segir *Match* leita nemendurnir að þeim bekkjarfélagaga sem hefur spjald sem passar við þeirra.
- Þegar samstæður hafa náð saman stíga viðkomandi nemendur til hliðar til að gera þeim sem eftir er auðveldara fyrir.
- Þegar allir hafa fundið sitt „match“ og sannreynt spjöldin segir kennarinn *Mix* og leikurinn byrjar að nýju.



English at home

- Lestu kaflann Chores upphátt þar til þú ert ánægð/ur með lesturinn. Gerðu upptöku af lestrinum og sendu kennaranum.
- Finndu 3 dæmi um heimilisverk sem gerð eru úti og 3 dæmi um heimilisverk sem gerð eru inni.
- Segðu hversu oft þú gerir ákveðin verk. Notaðu hverja af þessum setningamyndum að minnsta kosti einu sinni:
 - I always ... , I sometimes ... ,*
 - I never ... , I could do more of ...*

Nemendabók bls. 66-67

Many Families Choose to Volunteer

Lesið kaflaheitið og innganginn og spyrjið nemendur hvort þeir hafi tekið þátt í sjálfböðastarfi eða hvort þeir þekki einhvern sem tekur þátt í slíku starfi. Hlustið á textann og fylgist með í bókinni. Gerið hlé eftir hverja efnisgrein og fáið nemendur til að endursegja það sem lesið var t.d. með því að svara eftirfarandi spurningum:

- What does Ellis tell about her sister?
- How does she help?
- Where does Austin help homeless people?
- What does he think about it?
- What did Amina do during the lockdown in the Corona Crisis?
- Why did she do that?
- What do you think about these examples?

Help out if you can

Ljúkið kaflanum með því að baka smápítstur. Nemendur vinna í pörum með uppskriftina og ganga úr skugga um að sameiginlegur skilningur sé á því hvaða hráefni á að nota og hvaða aðferðum á að beita.

Verkefnabók bls. 66-67

20 Find information

Lestu setningarnar. Finndu svörin í textanum *Many Families Choose to Volunteer* á blaðsíðu 64 í nemendabók. Skrifaðu svörin á línurnar.

21 Make a statement

Skrifaðu um þína afstöðu til sjálfböðastarfs. Byrjaðu með *I think*. Skrifaðu svo að lágmarki fjórar tegundir af rökum og endaðu á hvatningu.

- Farið sameiginlega yfir dæmin hægra megin og leiðbeiningarnar, svo allir skilji hvernig vinna beri verkefnið. Sækið innblástur í textann um Ellis, Austin og Amina.

22 Now, it's your turn!

Skrifaðu um hvernig þú gætir hjálpað með sjálfböðastarfi.

Let's play

Let's play –What's my chore?

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: 2 stólar og tafla

- Skiptið bekknum í tvö lið. Stillið tveim stólum upp við töfluna. Einn nemandi úr hvoru liði sest á stól og snýr andlitinu að bekknum. Skriðið eitt húsverk á töfluna t.d. Take out the rubbish.
- Einn nemandi úr hvoru liði á nú að leika með látbragðsleik það sem stendur á töflunni fyrir þann sem situr á stólnum.
- Sá sem fyrst svarar rétt fær eitt stig fyrir sitt lið. Svára þarf með heilli setningu.

Let's do more – Símat

Nemendur vinna í pörum með viðfangsefnið *Do you remember?* Hér gefst tækifæri á að skerpa á orðaforða og innihaldi kaflans. Upplagt er nota þetta verkefni sem lið í símati, þar sem kennari getur metið hvernig nemandi nálgast spurninguna og hvaða tækni hann beitir við að svara. Aðferð:


- Nemendur skiptast á að kasta teningi sem segir til um hvaða spurningu skal vinna með. Einn les spurninguna upphátt en annar svarar. Einnig má vinna þetta verkefni í sameiningu og koma sér saman um hvernig spurningunum er svarað á sem bestan hátt.

Afbrigði: Vinnið verkefnið í hóp og ræðið hvernig svara má spurningunum á fullnægjandi hátt.

Verkefnabók bls. 69

Námið mitt

Fyllið út ljósrit á vef eða prentið út fyrir nemendur.



Four Takes on the UK

Four Takes on the UK er kafli sem kynnir nemendum fyrir löndunum fjórum sem tilheyra Bretlandi eða Hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, auk þess að fjalla um nokkrar þekktar kvikmyndir og tókustaði þeirra. Í upphafi er stuttlega unnið með fræðitexta um hvert land fyrir sig en þar á eftir snýst umfjöllunin fyrst og fremst um kvikmyndir.

Kvikmyndir höfðu til flestra nemenda og viðfangsefnið býður upp á gagnleg samtöl um mismunandi flokka kvikmynda, kvikmynda-smekk og, eðli málsins samkvæmt, áfram um Bretland, ekki bara í samhengi við kvikmyndirnar heldur einnig í sambandi við náttúru, menningu og sögu.

Í lok kaflans kynnumst við Brynjari Karli sem nýtti einhverfu sína á jákvæðan hátt og lét, með þrautseigju, dugnaði og góðri hjálp, sinn stærsta draum verða að veruleika.

Orð og setningamyndir

- castles, buildings, nature, scenery
- The capital city of ... is ...
- It is known for ...
- My favourite type of film is ...

Málfræðiáherslur

Notkun á *Have you got ...?*

Magic Words

more
bear
narrator
things
magic
that's
car
way
has
around
let's
only
thought
still
know

Verkefnabók bls. 70-71

Námsmarkmið

Soon

- I can tell facts about the UK.
- I can compare different film genres.
- I can read and talk about film locations in the UK.
- I can ask questions using the verb *have*.

Í þessum kafla er unnið með setningamyndina *Have you got ...?* Nemendur þekkja sagnorðið *Have* og nota það þegar þau segja frá sjálfum sér eða öðrum eða svara spurningum:

- *I have a friend in England.*
- *We have a dog.*
- *They don't have two cars.*
- *Have you seen Oliver? Yes, he's on his way.*
- *Have you visited any English-speaking countries? Yes, I have. I have been to Canada.*

Í þessum kafla eiga nemendur að æfa sig að spyrja spurninga með *Have*. Þau þurfa að gera greinarmun á *Have* og *Has*. Rifjið upp beygingu sagnarinnar, sem þau þekkja frá því fyrr í námsefninu. Lesið dæmin vinstra megin og látið nemendur spyrja og svara til skiptis og ræða orðalagið.

Biðjið nemendur að útskýra hvers vegna sagt er *Has your brother got ...?* En *Have you got ...?* Vekið einnig athygli á úrfellingunum í *I've*, *hasn't*, *haven't*, *It's*. Nemendur lesa í þorum dæmin hægra megin, sem öll eru tekin úr kaflanum.

A Write and ask questions

Skriðu 5 spurningar og spurðu bekkjarfélag. Merktu við eftir því hvernig viðkomandi svarar.

Write information

Skriðu fimm setningar um bekkjarfélag þinn út frá svörum í verkefni A

Write the questions

Skriðu spurningar sem eiga við svörin.



Drill

Vinnið með verkefni á vefsvæðinu. Verkefni eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að styðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðréttast sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 70-71

Kveikjmynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður á ensku um hvað nemendur telja að kaflinn fjalli um. Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur okkur í hug þegar við skoðum ljósmyndirnar og teikningarnar? Þekki nemendur orðið *Takes*? Ræðið höfuðborgir og biðjið nemendur að nefna dæmi þar sem nota má setningamyndina *The capital city of ... is ...*. Ef þeir þekki til borganna má halda áfram með *It is known for*

Skoðið ljósmyndir og teikningar í kveikjmyndinni og látið nemendur segja frá ef eitthvað er kunnuglegt. Lesið kynningatextana upphátt og gerið ráð fyrir hæfilegum tíma fyrir spurningarnar:

- *What do you know about the four countries in the United Kingdom?*
- *What do you know about Scotland and the animated film, Brave?*

Látið nemendur að endingu ljúka við þessar hjálparsetningar:

- *When I look at the pictures, I think about ...*
- *I like the intro text about ...*
- *In this chapter we're going to talk about ...*
- *The topic in this chapter is ...*

Nemendur taka fram verkefnabækur og vinna verkefni 1 á bls. 70. Hlustið á Section 1-4 sameiginlega áður en nemendur leysa verkefni hver í sínu lagi.

Verkefnabók bls. 72

1 Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svar.

Hlustunartextar með kveikjmynd

Section 1

Read the question for section one. Now listen and choose the right answer.

- *Football is the most popular sport in England. There are many famous football clubs there, such as Manchester United, Liverpool Football Club and Arsenal Football Club. Are you interested in football? What is your favourite football club?*
- *Did you know that the English are famous for drinking tea? They drink the most tea in the world. They usually have milk in their tea. Some people also take sugar.*



Section 2

Read the question for section two. Now listen and choose the right answer.

- *I like action films because they are exciting. Drama is often more serious. You can also watch an animated film, a Disney classic or how about a horror film? My friend Jaden really likes adventure films. He made us watch Harry Potter, real fantasy.*

Section 3

Read the question for section three. Now listen and choose the right answer.

- *Do you remember reading about the amazing Nessie? The Scots are very proud of the Loch Ness monster.*
- *Edinburgh is my next stop. I want to listen to bagpipes and go on a hike in the Highlands.*

Section 4

Read the question for section four. Now listen and choose the right answer.

- *The town with the second longest name in the world is in Wales. It is called Llanfairpwllgwyngyllgogechwyrndrobwlllantysiliogogoch. The name has 58 letters.*

Nemendabók bls. 72-73

Go UK!

Skoðið myndirnar og hlustið ef til vill sameiginlega á textann til að byrja með. Í framhaldinu vinna nemendur með textann í pörum. Farið því næst yfir það sameiginlega hvaða upplýsingar nemendur hafa meðtekið úr textanum. Þetta má til dæmis gera með minnisleik þar sem lið keppa á móti hvort öðru. Liðin fá eitt tækifæri enn til að líta yfir textann, svo fá þau spurningar um íþróttagreinir, tungumál, bæi eða íbúafjölda. Liðin mega bera saman bækur innbyrðis en ekki gá í textann.

Verkefnabók bls. 73

2 Find the question word

Finndu spurnarorðin sem passa við setningarnar. Það er einu spurnarorði of mikið.

3 Look and find

Finndu löndin 4 sem tilheyra UK. Skrifaðu nöfn höfuðborganna og bættu við upplýsingum um eitt af löndunum

Let's do



Let's do – Find Someone Who©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Ljósrit 9

- Nemendur æfa lestur og skilning spurninga sem með áherslu á orðaforða kaflans. Áður en ljósritin eru afhent er mikilvægt að rifja upp spurnarformin *Do you know ...? Have you been to ...? Can you ...?* Prentið út ljósritið og dreifið í bekknum.
- Nemendur fara á milli og spyrja bekkjarfélaga spurninganna af ljósritinu.
- Nöfn þeirra sem svara játandi eru skrifuð á blaðið.
- Svári einhver neitandi fær viðkomandi aðra spurningu af blaðinu.

Minnið nemendur á að heilsa og kveðja áður en haldið er áfram í leit að nýjum viðmælanda. Einungis má notast við hvern viðmælanda einu sinni. Þannig þurfa nemendur að tala við sem flesta til að fylla út blaðið.

Nemendabók bls. 74-75

Let's Talk About Films

Lesið innganginn sameiginlega. Spyrjið nemendur hvaða kvikmyndaflokka þau þekkja. Hlustið því næst á unglíngana fjóra sem segja frá sínum uppáhalds kvikmyndaflokkum. Biðjið nemendur að veita því athygli hvað einkennir hvern flokk. Þetta má vinna í pörum þegar búið er að hlusta eða lesa yfir a.m.k. einu sinni.

Think and talk: *What is your favourite type of film?*

Hjálpíð nemendum af stað. T.d.

I think I'm like Dylan. I also prefer ...

I'm just like Emma. My favourite genre is ...

Verkefnabók bls. 74

4 Who says what?

Lestu setningarnar og merktu við rétt nafn.

5 Write keywords

Hvað veist þú um þessa flokka kvikmynda? Finndu orð sem eru lýsandi fyrir hvern flokk.

ENGLISH AT HOME

English at home

- a. Veldu einn af textunum um kvikmyndaflokka og lestu upphátt.
- b. Veldu 5 orð úr textanum sem þú valdir og skrifaðu eina setningu sem inniheldur hvert orð.
- c. Taktu viðtöl við fjölskylduna þína. Spurðu þau hvaða kvikmyndaflokka þau velja helst að horfa á, og hvers vegna. Segðu þeim svo hvaða kvikmyndaflokka þér líkar best við og hvers vegna.
 - *Which film genre is your favourite one?*
 - *Why do you prefer ... films?*
 - *I like ... because ...*

Nemendabók bls. 75-77

Take 1

Ferðalagið um Bretland hefst í Wales og nemendur kynnast nokkrum kvikmyndum sem teknar eru upp þar í landi. Wales er ekki bara þekkt fyrir gamla kastala og sagnir heldur einnig fallegar strendur. Nemendur kannast eflaust við kvikmyndir á borð við *Harry Potter*, *Robin Hood* og *Snow White and the Huntsman*. Þessar myndir er tilvalið að nefna til leiks, þrátt fyrir að í textanum sé sjónum beint að James Bond og Billie Eilish. Með útgáfu sinni á laginu *No time to die*, varð Billie Eilish yngsti listamaðurinn til að syngja titillag í James Bond mynd. Þegar hér er komið sögu má líka minna á *Chitty Chitty Bang Bang*, sem nemendur kynntust í *Yes We Can 5*. Sagan um þann ævintýrlega bíl er einmitt skrifuð af Ian Flemming, líkt og James Bond sögurnar.

Hlustið á fyrsta hluta textans og gerið hlé eftir hverja efnisgrein. Ræðið um kvikmyndir og staði sem koma fyrir í textanum og lesið *Agents and magical cars*. Nemendur skoða svo síður 74-75, þar sem eru ýmsir fróðleiksmolar sem hver getur unnið með á sinn hátt. Þegar nemendur hafa skoðað opnuna er þeim skipt í hópa sem velja sér textabrot til að vinna með, kynna fyrir hinum hópnum og svara spurningum þeirra ef við á.

Að lokum má spyrja nemendur hvað þeir vita um Billie Eilish og James Bond.

Vinna má áfram með efnið á ýmsan hátt. Nemendur geta:

- Leitað að fleiri *Fun Facts*.
- Sagt frá því sem þeir vita um Eilish og Bond og ef til vill lýst áliti sínu á þeim.
- Skrifað ljóð um þau á svipaðan hátt og gert er efst á bls. 74.
- Hlustað á *No time to die* og jafnvel borið saman við titillög Adele og Sam Smith.



Verkefnabók bls. 75

6 Find information

Lestu textann *Take one* á blaðsíðu 73 í nemendabók og finndu upplýsingarnar.

7 Fact file about Billie Eilish

Notaðu rauðu orðin til að búa til þínar eigin setningar um Billie Eilish.

- Hvetjið nemendur til að reyna að skrifa setningar án þess að hafa textann fyrir framan sig.

Let's play

Let's play – Twenty questions

Þátttakendur: Allur bekkurinn

- Skrifið nöfn á þekktum persónum á miða. Eina persónu á hvern miða.
- Skiptið bekknum í tvo hópa.
- Einn nemandi í hvorum hóp dregur miða og hinir spyrja já/nei spurninga til að reyna að finna út hver persónan er.
- Ef hópnum tekst að finna það út á innan við 20 spurningum fær hann stig.
- Sá sem giskar rétt dregur næsta nafn.
- Minnið nemendur á að nota *Do you...?*
Are you ...?
 - *Do you live in Denmark?*
 - *Do you wear glasses?*
 - *Are you English?*
 - *Are you a football player?*

Það má líka breyta til og spyrja spurninga í þriðju persónu *Does he ...? Does she ...? Is he ...? Is she ...?*

- *Does she live in Denmark?*
- *Is he a football player?*



Nemendabók bls. 78-79

Take 2

Skoðið myndir og ræðið. Hvað vita nemendur um London? Ræðið því næst Harry Potter og gefið nemendum tækifæri á að segja frá því sem þau vita um hann.

- *Have you ever been to London?*
- *Who were you with?*
- *What was the best thing about your trip?*
- *What do you think about London?*
- *Have you heard of Harry Potter?*
- *What can you tell me about Harry Potter?*

Textinn er langur og því æskilegt að skipta honum í styttri kafla. Ef til vill hentar sumum nemendum að lesa aðeins hluta af honum. Í öllum tilfellum ættu nemendur að hlusta og fylgjast með í textanum á meðan. Það má gjarna hlusta á allan textann einu sinni sameiginlega til að fá yfirsýn. Því næst geta nemendur lesið með. Skiptið þeim svo í pör eða hópa og látið þau vinna með kafla úr textanum með áherslu á innihaldið. Til dæmis með því að láta þau:

- Vinna með lykilorð og skrifa setningar út frá þeim.
- Lesa upphátt og skiptast á að endursegja.
- Búa til fyrisagnir á kaflana
- Búa til spurningar úr textanum
- Skrifa inngang þar sem dregin eru saman aðalatriði úr textanum.
- Skrifa myndatexta við myndirnar þrjár.

Þegar hóparnir hafa lokið vinnu sinni má deila afrakstrinum með hinum hópunum og bera saman.

Did you know?

Lesið textann um *Oscar* og *Bafta* verðlaunin sameiginlega og aflið upplýsinga um fleiri eftirsóknarverð verðlaun úr kvikmyndaiðnaðinum. Til dæmis verðlaun á kvikmyndahátíðum í Cannes og Berlín.

Think and talk: *What would you like to see in London?*

Ljúkið *Take 2* með umræðum um hvað nemendur gætu hugsað sér að sjá í London. Metið hvort tími gefst til að leita upplýsinga um áhugaverða staði áður en farið er af stað í umræður.

Verkefnabók bls. 76-77

8 Think and write

Lestu og svaraðu spurningunum.

9 Work with expressions

Finndu setningarnar í textanum Reading theatre á blaðsíðu 75 í workbook. Ræðið hvað setningarnar þýða.

- Verkefnið undirbýr nemendur fyrir leiklesturinn í verkefni 10. Látið nemendur vinna saman með setningarnar og hjálpið þeim með þýðingu. Verkefnið má útfæra, til dæmis með því að umskrifa setningarnar og láta nemendur finna setningar sem passa við.

10 Reading theatre

Leiklestur.

- Metið samsetningu lestrarhópanna og aðstoðið við þýðingu orða jafn óðum.



Let's play – Who am I?

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil

- Nemendur fara um í stofnunni með spil í annarri hönd og hina á lofti og leita uppi annan nemanda sem einnig er með hönd á lofti. Þegar nemandi hefur fundið mótspilara gefa þeir hvor öðrum fimmu.
- Annar segir hinum þrjár staðreyndir um sig og spyr svo *Who am I?*
- Mótspilarinn svarar, segir því næst þrjár staðreyndir um sig og hinn giskar á nafnið.
- Áður en haldið er áfram til að finna nýjan mótspilara skiptast þeir á spjöldum og hafa þannig nýja persónu í hvert skipti.



Nemendabók bls. 80-82

Í *Take 3* beinum við sjónum okkar að Skotlandi, skosku hálöndunum og síðast en ekki síst Hálandaleikunum sem spila stórt hlutverk í skoskri menningu. Nemendur kynnast mismunandi keppnisgreinum í stuttum, lýsandi textum. Við lesum þjóðsöguna um skoska þjóðarblómið þistil og að lokum er fjallað um kvikmyndina *Brave*.

Líkt og í *Take 1* er mælt með því að nemendur vinni sjálfstætt með textana um Skotland og velji sjálfir hvað þeir vilja leggja áherslu á. Margir kannast eflaust við kvikmyndina um Merida og vilja vinna með hana. Aðrir sýna kannski myndum frá Hálandaleikunum áhuga og vilja byrja þar. Þegar búið er að hlusta, lesa og ræða um textana er haldið áfram í workbook. Metið hvort tilefni er til að vinna meira með Skotland, t.d. með því að leita uppi þekktu ferðamannastaði, tónlistarfólki, kvikmyndir eða annað.

Did you know?

Hér er fjallað um þjóðarblóm Skotlands, þistilinn. Þetta er skemmtileg frásögn sem vert er að lesa í sameiningu.

Verkefnabók bls. 78-79

11 Write the missing words

Settu orðin sem vantar inn í textann. (Úr textanum *Take 3* á blaðsíðu 78 í textbók)

12 Read and match

Lestu og tengdu saman setningahluta.

13 Ask and answer questions

Skrifaðu spurningar og svör sem passa inn í textann.

14 Write a poem

Skrifaðu ljóð út frá bókstöfunum í orðinu *Brave*. Sjá dæmi á blaðsíðu 74 í nemendabók, James Bond.



Let's play – Crazy questions

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Ljósrit 10

- Deilið út ljósritum til allra nemenda. Fyrsta spurningin er tilbúin. Næstu tvær setningar eiga nemendur að klára og síðustu fimm spurningarnar búa þau til sjálf.
- Því næst spyr hvert og eitt þrjú bekkjarfélaga spurninganna sinna og skrifar svörin.

Nemendabók bls. 83-85

Take 4

Skoðið myndina á bls. 81 og ræðið. Minnir formið á byggingunni á eitthvað? Rýnið í skiltið fyrir framan bygginguna og lesið hvað stendur þar. Þekkja nemendur til Titanic? Skoðið landakort og finnið Norður-Írland og Írland áður en textinn er lesinn. Fyrri hluti textans fjallar fyrst og fremst um Norður-Írland, staðsetningu, höfuðborg, tungumál og safnið Titanic Belfast. Í öðrum hluta er frásögninni um Titanic gerð skil ásamt ýmsum staðreyndum um stuttan feril skipsins.

Hlustið á fyrri hlutann í sameiningu. Gerið hlé og spyrjið nemendur hvaða upplýsingar þeir muna. Hjálpið þeim áleiðis með lykilorðum eins og *Language, Capital city, Location*. Hlustið aftur og látið nemendur fylgjast með í textanum. Biðjið þá ef til vill að skýra nánar eftirfarandi lykilorð:

- *Northern Ireland, Ireland, independant*
- *English, Chinese, Polish*
- *Belfast, Titanic, iceberg*

Haldið áfram í seinni hluta textans á bls. 82 Skimið textann og takið eftir dagsetningum og ártölum. Hlustið á textann og biðjið nemendur að hlusta eftir farþegafjölda, fjölda daga og fjölda eftirlifenda. Að hlustun lokinni gera nemendur grein fyrir tölunum sem þeir tóku eftir. Að því loknu lesa tveir og tveir saman, upphátt.

Did you know?

Í textanum á bls. 81 fáum við frekari upplýsingar um farþega og aðstæður á Titanic. Þessi frásögn mun líklega vekja til umhugsunar og því tilvalið að gefa tækifæri til umræðna. Ræðið t.d. Ellis Island og Ameríska drauminn. Í *Did you know?* á bls. 83 fræðast nemendur um kvikmyndina Titanic og hér væri því kjörið tækifæri til að horfa á brot úr myndinni, lesa viðtöl við leikarana eða fleira í þeim dúr.

How the Titanic Sank

Hér er enn bætt við þekkinguna um Titanic. Gerið hlé annað slagið til þess að ræða innihaldið:

- *What did people say about the Titanic?*
- *What did the Titanic crash into?*
- *Which part of the ship went down first?*
- *What happened when the front of the ship went down?*
- *Who is Carla Jensen?*



Verkefnabók bls. 80-83

15 Listen and insert

Finndu og bættu inn upplýsingum úr textunum *Take 4* og *Did you know* á blaðsíðum 81-82 í Textbook.

- Nemendur hafa þegar unnið með textann munnlega og muna því ef til vill eitthvað af upplýsingunum.

16 Make sentences with information from task 15

Skrifaðu setningar með upplýsingum úr verkefni 15.

- Leysa má verkefnið á mismunandi erfiðleikastigum. Einhverjir geta stuðst við textann meðan aðrir styðjast aðeins við lykilorðin.

17 True or false

Lestu setningarnar og merktu við *True* eða *False* eftir því sem við á. Berið svörin saman við svör sessunautar.

18 Read and circle the adjectives

Lestu og settu hring utan um lýsingarorðin.

19 Write a poem about the Titanic

Skrifaðu ljóð um Titanic. Fylgdu leiðbeiningunum.

- Farið yfir fyrirmælin í sameiningu til að tryggja að allir séu meðvitaðir um hvernig byggja á upp ljóðið. Í orðalistanum eru dæmi um sagnorð. Farið yfir listann og ræðið erfið orð. Gefið ef til vill dæmi um hvernig má nota sagnorðin í þessu samhengi. Látið nemendur hreinskrifa ljóðið og skreyta. Setjið upp sýningu með ljóðum bekkjarins og látið nemendur flytja ljóðin sín.

How the Titanic became a lifeboat

Í þessum kafla er töluvert lesefni og því mikilvægt að skipta því upp og gefa góðan tíma til að ræða innihaldið og glósuorðin.

Skoðið myndina og ræðið. Kannast einhver við strákinn á myndinni? Ef svo er má gjarna gefa viðkomandi færi á því að segja í stuttu máli á

ensku eða íslensku frá væntanlegu viðfangsefni kaflans.

Farið yfir glósuorðin og lesið/ hlustið í sameiningu á textann í heild. Skiptið því næst nemendum í 3 hópa og látið hvern hóp taka fyrir eina af efnisgreininum á blaðsíðu 84, lesa og ræða innihald. Hver hópur velur svo einn fulltrúa sem segir bekknum frá innihaldinu. Þannig ættu þau öll að vera komin með góðan skilning á innihaldinu. Sama fyrirkomulag má hafa á seinni hluta kaflans á bls. 85 að öðrum kosti er hægt að hlusta/ lesa og fjalla um innihaldið í sameiningu.

Í *did you know* er rætt um þröskulda sem Brynjar Karl mætti í ferlinu og hvernig hann yfirsteig þá. Eindregið er mælt með því að nemendur fái tækifæri til að horfa á myndina um Brynjar Karl sem leigja má á heimasíðu hans, <https://www.brynjarkarl.com/>

Um myndina af síðu Brynjars Karls:

„How the Titanic became my lifeboat is based on a true story about an Icelandic boy called Brynjar Karl and how his fascination with the Titanic became his lifeline to independence. Brynjar's story began with an insatiable desire to escape the limitations of autism and become a part of the expressive, vibrant world around him.“



Let's play – The UK game

Þátttakendur: Bekknum er skipt í þör
Efni: Ljósrit 11, teningar og leikmenn

- Nemendur spila í þörum og nota tening og tvo leikmenn.
- Sá sem hefur leikinn kastar teningi, færir leikmanninn og spyr spurningarinnar.
- Ef svarað er rétt heldur viðkomandi stöðu sinni og heldur áfram þaðan í næstu umferð.
- EF svarað er rangt, færir viðkomandi sig til baka þangað sem hann var og heldur áfram þaðan í næstu umferð.
- Sá sem er fyrstur í mark vinnur leikinn.

Verkefnabók bls. 80–81

20 Write 5 things you found interesting while reading about Brynjar Karl

and his lego Titanic, in the column on the left

Skrifaðu 5 atriði í vinstri dálkinn, sem þér þóttu áhugaverð við lestur kaflans.

21 Compare your answers

Find a classmate that wrote the same as you. Write his name on the right side. Give yourself points. You get 1 point for each thing nobody else named.

- Berðu svörin þín saman við svör bekkjarfélaga þinna.
- Skrifaðu nafn bekkjarfélaga í línuna til hægri, ef hann hefur skrifað sama atriði og þú. Gefðu stig. Þú færð eitt stig fyrir hvert atriði sem enginn annar en þú nefndi. Skráðu stigin.

22 Search online for more Lego replicas

Write a list of what you found

- Leitaðu á netinu eftir fleiri Lego kubba líkönum.
- Skrifaðu á línurnar lista yfir það sem þú finnur.

Verkefnabók bls. 82–83

23 Taktu prófið

Let's do more – Símat

Nemendur vinna í þörum með viðfangsefnið *Do you remember?* Hér gefst tækifæri á að skerpa á orðaforða og innihaldi kaflans. Upplagt er nota þetta verkefni sem lið í símati, þar sem kennari getur metið hvernig nemandi nálgast spurninguna og hvaða tækni hann beitir við að svara. Aðferð:

- Nemendur skiptast á að kasta teningi sem segir til um hvaða spurningu skal vinna með. Einn les spurninguna upphátt en annar svarar. Einnig má vinna þetta verkefni í sameiningu og koma sér saman um hvernig spurningunum er svarað á sem bestan hátt.

Afbrigði: Vinnið verkefnið í hóp og ræðið hvernig svara má spurningunum á fullnægjandi hátt.

Verkefnabók bls. 85

Námið mitt

Fyllið út ljósrit á vef eða prentið út fyrir nemendur.



Take It to the Extreme

Í lokakafla námsefnisins, *Take It to the Extreme*, er safn texta sem fjalla um það að fara út fyrir hefðbundin mörk. Til að byrja með eru nokkur met úr heimsmetabók Guinness skoðuð en því næst skyggnumst við inn í heim jaðraríprótta. Nemendur kynnst íþróttagreinunum og lesa um ungt fólk sem hafa tiplað á mörkum hins ómögulega. Viðfangsefnið vekur að öllum líkindum áhuga nemenda og því er kjörið að kafa dýpra í það, til dæmis með því að afla upplýsinga um fleiri sérkennileg heimsmet. Málfræðilegar áherslur kaflans eru á stigbreytingu **lýsingarorða**.

Orð og setningamyndir

- *record, risky, world, enormous, get hurt, fast, tiny, extreme, compete*
- *as big as ...*
- *bigger than ...*
- *the biggest ...*

Málfræðiáherslur

Stigbreyting lýsingarorða

Magic Words

soon
round
animals
tree
king
man
after
going
wanted
took
fish
been
stop
take
fast
well
sea

Verkefnabók bls. 86-87

Námsmarkmið

Soon

- I can read non-fiction and find specific information in the texts.
- I can talk about extreme sports.
- I can describe different actions using adjectives.
- I can use adjectives to compare.

Nemendur þekkja nú þegar mörg lýsingarorð og hafa frá upphafi enskunámsins fengið ófá tækifæri til að nota þau í eigin setningum. Lýsingarorðin hafa mikla þýðingu fyrir tjáningu nemenda og leika stórt hlutverk í vinnu með orðaforða. Oft gengur betur að muna ný nafnorð ef maður hengir lýsingarorð við og býr þannig til myndræna tengingu. Það er því mikilvægt að nemendur öðlist skilning á því að auðveldlega megi auka blæbrigði setninga með því að bæta lýsingarorðum inn í þær. Í kaflanum vinna nemendur með lýsingarorð sem tengjast efni kaflans. Mörg þeirra hafa komið fyrir fyrr í efninu en nú skal unnið með stigbreytingu þeirra.

Nemendur skoða myndirnar og lesa meðfylgjandi texta upphátt, hvert fyrir sig eða tvö og tvö saman. Að því loknu er farið aftur yfir reglurnar í sameiningu. Einnig má biðja nemendur um að búa til eigin setningar með lýsingarorðum í frumstigi, miðstigi og efsta stigi. Vekið athygli á stigbreytingu óreglulegra lýsingarorða.

A Give it a try!

Skrifaðu lýsingarorðin inn í töfluna í réttu stigi.



Drill

Vinnið með verkefni á vefsvæðinu. Verkefni eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að styðjast við orðaforða kaflans. Þau leiðréttað sjálfkrafa.

Nemendabók bls. 88-89

Kveikjumynd

Notið opnuna sem kveikju fyrir umræður á ensku um hvað nemendur telja að kaflinn fjalli um. Segir heiti kaflans okkur eitthvað? Hvað dettur okkur í hug þegar við skoðum myndirnar? Lesið textana upphátt og ræðið saman um myndirnar. Rifjið upp það sem unnið var með í workbook og búið til setningar með setningamyndunum: *as big as ... bigger than ...* og *the biggest*.

Að endingu eiga nemendur að ljúka við þessar hjálparsetningar:

- *When I look at the pictures, I think about ...*
- *I like the intro text about ...*
- *In this chapter we're going to talk about ...*
- *The topic in this chapter is ...*

Nemendur taka fram verkefnabækur og vinna verkefni 1 á bls. 88. Hlustið á Section 1-4 sameiginlega áður en nemendur leysa verkefni hvert í sínu lagi.

Verkefnabók bls. 88

1 Listen and answer

Hlustaðu og merktu við rétt svör.

Hlustunartextar við kveikjumynd

Section 1

Read the question for section one.

Now listen and choose the right answer.

- *Swimming is such fun. Some people like jumping and diving into the water. Do you like diving?*
- *An ironman is a sport where you compete in three sports: swimming, cycling and running. The sport started on Hawaii more than 40 years ago. Do you know where Hawaii is?*

Section 2

Read the question for section two.

Now listen and choose the right answer.

- *A snowmobile is a small motor scooter you use when you travel on snow or ice. It has skis at the front.*
- *When you do a motorcycle wheelie, you balance on one wheel. The world record for the fastest wheelie is 308 kilometres per hour. That is very fast!*

Section 3

Read the question for section three.

Now listen and choose the right answer.

- *A zorb is a big ball. Zorbing is popular all over the world. It was first used on water, then on land, because that was even more fun.*
- *My hobby is slacklining. Slacklining is balancing on a rope. Do you think I have a dangerous hobby?*

Section 4

Read the question for section four.

Now listen and choose the right answer.

- *Mount Everest is the highest mountain in the world. It is more than 50 times higher than the highest place in Denmark.*
- *Some dogs are really big. Others are tiny. Did you know that bloodhounds have very long ears?*



Nemendabók bls. 90-91

Extreme Records

FIRST! Which record would you like to break?

Ræðið um ýmiss konar met og gefið nemendum tækifæri á að nefna met sem þau þekkja til og þykir mikið til koma. Hefur einhver í bekknum gert tilraun til að slá met? Skoðið myndirnar og biðjið nemendur að lýsa þeim, til dæmis með því að segja hverjir eru á myndunum, hvað fer þar fram og hvernig met er verið að reyna að slá. Hlustið og fylgist með textanum í bókinni, á töflu eða skjá. Það má einnig gera í minni hópum eða pörum. Nemendur lesa upphátt og finna lykilorð. Um leið búa þau sig undir að kynna metin hvert fyrir öðru, út frá myndunum fjórum. Spyrjið hvaða met þeim þykir áhugaverðast.

Verkefnabók bls. 89-91

2 Read and circle the words

Lestu og settu hring utan um orðin.

3 Find and write

Lestu orðið og tengdu við réttan ramma. Skrifðu svo orðið.

4 Write sentences with words from task 2 and 3

Veldu 5 orð úr verkefnum 2 og 3. Notaðu þau til búa til eigin setningar.



Let's play – Challenge

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Ljósrit 12

- Klippið út spilin og gefið hverjum nemanda eitt spil. Hafið ríflegan fjölda af spilum.
- Nemendur lesa vandlega það sem stendur á spilunum og fylgja leiðbeiningum.
- Þegar nemandi er búinn að leysa sitt verkefni skilar hann spilinu til kennara, fær nýtt spil og heldur áfram.

Nemendabók bls. 92-93

Extreme Sports

FIRST! Look at the photos. Do you want to try?

Skoðið myndirnar og finnið sem flest lýsingarorð sem lýsa þeim, t.d. dangerous, beautiful, exciting, cool, scary. Hlustið á textana og látið nemendur lesa upphátt tvö og tvö. Minnið á glósuorðin við textana. Gangið á milli nemenda meðan á lestrinum stendur og hjálpið til með framburð á erfiðum orðum eða spyrjið spurninga úr textanum, t.d.

- *Could you walk on a rope?*
- *Have you seen people slackline?*
- *How is your balance?*
- *Would you jump from a cliff?*
- *Have you tried something like this?*



Verkefnabók bls. 92-93

9 Read and match

Skrifaðu setningarnar sem passa við myndina.

- Það eru sex setningar sem passa við myndina.

10 Use the letters and find new words

Hversu mörg ensk orð getur þú búið til úr þessum bókstöfum?

- Það getur oft tekið tíma að finna orð. Gætið þess að allir taki þátt.

11 Read and write

Lestu og skrifaðu viðeigandi orð þar sem þau vantar.

12 Word puzzle

Word puzzle.

Let's
play

Let's play – Slap, clap, snap

Þátttakendur: Bekknum er skipt í þör

- Þörin standa andspænis hvort öðru og fylgja sama takti
Sláið á lærin með báðum höndum.
Klappið saman lófum.
Smellið fingrum beggja handa.

Þegar þið hafið smellt fingrum segir annar nemandinn eitt orð. Endurtakið hreyfingarnar og því næst segir hinn nemandinn eitt orð.

- Kennarinn ákveður hvers konar orð á að finna. Munið að skipta reglulega.
 - *When you hear the words Extreme Sports, what do you think of?*
 - *Things you need if you want to slackline.*
 - *What does cliff diving make you think of?*
 - *Sports you would like to try.*
 - *Activities you think are dangerous.*

Nemendabók bls. 94-95

Zorbing

FIRST! Look at the photos. What's going on?

Skimið textana, einnig *A zorbing record* og *Did you know?* Nemendur eiga að meðtaka eins mikið af upplýsingum og þau geta og eftir það segja frá innihaldinu. Finnið lykilorð í textanum. Sumum hentar að skrifa einstök orð meðan aðrir búa til setningar. Í minni hópum bera nemendur svo saman orðin og setningar sem þau fundu. Þegar skipst hefur verið á upplýsingum velur hópurinn einn fulltrúa sem kynnir niðurstöðurnar fyrir hinum hópunum. Það má jafnvel undirbúa stutta kynningu.



Verkefnabók bls. 94

13 What is a zorb?

Lestu og merktu við réttar setningar.

14 Read and match

Lestu textana og tengdu við rétta mynd.

Nemendabók bls. 96-97

The X Games

FIRST! Look at the photos. Do you know any of the sports?

Einhverjir nemendur kannast eflaust við *The X Games*. Hefjið umræðuna á að spyrja nemendur hvort þau þekki til einhverra keppnisgreina eða íþróttamanna. Leyfið þeim að finna myndskleið á netinu, sem tengjast efni, og horfa á í sameiningu. Ræðið myndirnar þrjár og hlustið á textana hvern fyrir sig. Varpíð fram spurningum um efni textans jafnóðum, eða látið nemendur spyrja hvert annað, í þórum eða minni hópum, t.d.:

- Where and when are *The X Games* held?
- What are the summer sports?
- When were the first *X Games* held?
- Who is *Tony Hawk*?
- What can the athletes win?

Nemendur vinna svo áfram á svipaðan máta í Workbook þar sem þeir fá uppgöfin svör en eiga sjálfir að búa til viðeigandi spurningar. Ef óskað er geta nemendur kafað dýpra í efni tengt völdum íþróttgreinum og búið til spjöld með einföldum staðreyndum.

Verkefnabók bls. 95-96

15 Write the questions

Lestu svörin og skrifaðu viðeigandi spurningar.

Let's
play

Let's play – Smack the word

Þátttakendur: 5-6 manna hópar

Efni:

- Einn flugnaspáði fyrir hvern hóp, eða upp-rúllað dagblað.
- Tvö blöð með orðunum *Extreme* á öðru og *Not extreme* á hinu.
- Tveir stólar. Íþróttasalur eða skólalóð.

Blöðin eru fest á stólana og stólunum stillt upp með tveggja metra millibili. Nemendur stilla sér upp í tvær raðir í hæfilegri fjarlægð (15-20 metra) frá stólunum. Fremstu nemendurnir hafa flugnaspáðann.

- Kennari nefnir íþróttgrein.
- Nemandi sem er með flugnaspáða tekur afstöðu til þess hvort um sé að ræða áhættuþrótt eða ekki, hleypur að viðeigandi stól og slær með spáðanum á blaðið.
- Kennari getur hvenær sem er stöðvað leikinn og beðið nemanda að rökstyðja afstöðu sína.
- Nemandi hleypur því næst til baka og afhendir þeim næsta í röðinni spáðann.

Tillögur að íþróttgreinum: *swimming, cycling, cliff diving, snowmobile, skiing, slacklining, zorbing, motocross, climbing, skateboarding, bungee jumping*

16 Who says what?

Hver segir hvað?





Nemendabók bls. 98-99

Youngest Girl on Mount Everest

FIRST! What do you know about Mount Everest?

Nemendur velta fyrir sér og skrifa niður það sem þau þegar vita um Mount Everest. Því næst lesa þau textann *Did you know?* og bæta við upplýsingum þaðan. Spyrjið svo

- *What did you know before?*
- *What do you know now?*

Hlustið á textann um Malavath Purna. Stoppið af og til og ræðið ný og/eða erfið orð. Að lokinni hlustun geta nemendur fundið fyrir-sagnir eða lykilorð fyrir hverja efnisgrein eða jafnvel skýrt frá innihaldinu í einni eða tveimur setningum.

Think and talk: *What's the highest point you've been to?*

- Nemendur segja frá því hvar þeir hafa verið.

Verkefnabók bls. 96-98

17 Read and choose the right answer

Lestu spurningarnar og merktu við rétt svar.

18 My dream

Hvað dreymir þig um að gera? Gerðu hugarkort.

- Í þessu verkefni vinnum við með bæði stóra og smáa drauma. Nemendur sækja innblástur í textann um Malavath Purna. Notið ef til vill hugarkortið í bókinni og þróið svo verkefnið áfram stafrænt. Kynnið afraksturinn í minni hópum eða með því að setja upp sýningu.

Let's play

Let's play – Guess what I like doing

Þátttakendur: Allur bekkurinn eða 4-5 í hóp

Efni: Tafla

Einn nemandi leikur með látbragði íþrótt eða afþreyingu. Aðrir spyrja spurninga og reyna að giska á hvað verið er að leika. Skrifðu orð og setningar á töfluna til hjálpar:

- *Do you like swimming? Yes, I do.*
- *Do you climb? No, I don't.*
- *Do you like to jump from something? Yes, I do.*
- *Do you do something dangerous? No, I don't.*

19 What gives you a good feeling?

Hvaða aðstæður gleðja þig? Hvað er best að gera? Skemmtilegast? Mest krefjandi? Veldu eitt atriði og segðu frá því í stuttri kynningu.

- Í þessu verkefni er lagt upp með að nemendur vinni sjálfstætt og á skapandi hátt. Vekið athygli á hjálparsetningunum neðst á síðunni og minnið á að verkefninu lýkur með kynningu.

Nemendabók bls. 100-101

More Than an Athlete

FIRST! Do you like to swim, cycle and run?

Spyrjið bekkinn, hverjir hafa gaman af sundi, hjólreiðum eða hlaupi? Einnig hvort einhverjir þekki fólk sem tekur þátt í keppnum eða hleypur t.d. maraþon. Spyrjið loks hvort einhverjir af nemendum gætu hugsað sér að taka þátt í slíkum keppnum. Beinið sjónum að gula kassanum hægra megin á bls. 101, Supersprint triathlon distance, og ræðið hvort einhver myndi leggja í slíka þriðprauf.

Lesið innganginn að kaflanum upphátt og látið nemendur svo lesa samtalið upphátt í þörum, skipta svo um hlutverk og lesa aftur. Þegar öll hafa lesið bæði hlutverkin og eru örugg á orðaforðanum er *Did you know* textinn á bls. 100 lesinn. Kannast nemendur við sambærileg göðgerðarhlaup á Íslandi eða í öðrum löndum?

Think and talk: Do you look up to or admire an athlete?

- Ræðið um fyrirmyndir úr heimi íþróttanna. Hvaða eiginleika þarf að hafa til að geta talist fyrirmynd? Er afreksfólk alltaf fyrirmyndir?

Verkefnabók bls. 99-101

20 Read and match

Lestu og tengdu saman setningahluta.

21 Share facts about Hunter Lussi

Skrifaðu upplýsingar um Hunter Lussi

- Í þessu verkefni eiga nemendur að segja stuttlega frá Hunter Lussi út frá samtalinu í Textbook bls. 100-101 og verkefni 20. Sumum gæti reynst erfitt að mynda setningar en minnið á að það má gjarna nýta orð og setningar úr textanum.



22 Circle the words

Hvaða eiginleika þarf til að geta klárað Ironman? Settu hring utan um rétt orð.

- Hér munu nemendur líklega velja mismunandi eiginleika. Látið ef til vill hvert og eitt rökstyðja val sitt.



Let's do – Quiz-Quiz-Trade©

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil

Aðferð:

- Hver nemandi er með spil með spurningu á. Engar tvær spurningar eru eins.
- Nemendur fara á milli og finna sér viðmælanda
- Nemandi A spyr sinnar spurningar.
- Nemandi B svarar.
- Nemandi A hjálpar til eða hrósar.
- Nemendur skipta um hlutverk þannig að B spyr og A svarar.
- Nemendur skipta um spjald. Þeir kveðja, finna nýjan félag og byrja upp á nýtt. Þannig hefur hver og einn nýtt spjald í hvert sinn sem hann mætir nýjum viðmælanda.
- arið yfir mismunandi svarmöguleika í upphafi.
 - Yes, it does because I like ...
 - No, it doesn't because I don't like ...
 - Yes, very much.
 - No, not at all.

23 Read and circle the right words

Lestu textann. Settu hring utan um rétt orð.

24 True or false

Skoðaðu Fun Run veggspjaldið. Merktu við True eða False eftir því sem við á.

Let's
play

Let's play – Chain Reaction

Þátttakendur: Allur bekkurinn

Efni: Spil


- Hver nemandi fær eitt spjald. Ef það eru einhver spjöld afgangar er þeim deilt út til þeirra nemenda sem ráða við að hafa tvö.
- Nemandi les spjald sitt ítarlega. Ef einhver á í erfiðleikum með að skilja fyrirmælin útskýrir kennari fyrir viðkomandi.
- Leikurinn hefst þegar kennari segir hátt og skýrt: *Hello*. Þá fer ákveðið ferli í gang samkvæmt spjöldunum.
- Leiknum lýkur þegar einn af nemendum skrifar *THE END* á töfluna.

Let's do more – Símat

Nemendur vinna í pörum með viðfangsefnið *Do you remember?* Hér gefst tækifæri á að skerpa á orðaforða og innihaldi kaflans. Upplagt er að nota þetta verkefni sem lið í símati, þar sem kennari getur metið hvernig nemandi nálgast spurninguna og hvaða tækni hann beitir við að svara.

Aðferð:

- Nemendur skiptast á að kasta teningi sem segir til um hvaða spurningu skal vinna með. Einn les spurninguna upphátt en annar svarar. Einnig má vinna þetta verkefni í sameiningu og koma sér saman um hvernig spurningunum er svarað á sem bestan hátt.



Verkefnabók bls. 103

Námið mitt

Fyllið út ljósrit á vef.



Yfirlit yfir efni til útprentunar og spil fyrir samvinnunám

Kafli	Ljósrit	Spil fyrir samvinnunám
1 Together Again	<p>1 Question board WB bls. 13</p> <p>Magic words TB bls. 18-19</p> <p>Leiðsagnarmat: Do you remember? WB bls. 17</p>	Quiz-Quiz-Trade© WB bls. 11
2 Me, Myself and I	<p>2 Find Someone Who© WB bls. 23</p> <p>3 Body parts WB bls. 35</p> <p>4 Can you ...? WB bls. 35</p> <p>Magic words TB bls. 34-35</p> <p>Leiðsagnarmat: Do you remember? WB bls. 35</p>	Mix-N-Match© WB bls. 31
3 Our Mysterious World	<p>5 The Legend of the Lost Girl WB bls. 46</p> <p>6 Word chains WB bls. 49</p> <p>7 Create a cootie catcher</p> <p>Magic words TB bls. 52-53</p> <p>Leiðsagnarmat: Do you remember? WB bls. 51</p>	
4 Time Off	<p>8 Find Someone Who© WB bls. 59</p> <p>Magic words TB bls. 68-69</p> <p>Leiðsagnarmat: Do you remember? WB bls. 67</p>	Quiz-Quiz-Trade© WB bls. 57
5 Four Takes on the UK	<p>9 Find Someone Who© WB bls. 73</p> <p>10 Crazy questions WB bls. 79</p> <p>11 The UK game WB bls. 81</p> <p>Magic words TB bls. 86-87</p> <p>Leiðsagnarmat: Do you remember? WB bls. 81</p>	Mix-N-Match© WB bls. 65
6 Take It to the Extreme	<p>12 Challenge WB bls. 89</p> <p>Magic words TB bls. 102-103</p> <p>Leiðsagnarmat: Do you remember? WB bls. 101</p>	Quiz-Quiz-Trade© WB bls. 99

Yes we can 6 – Teacher's Book

ISBN 978-9979-0-2664-8

Bókin er hluti af heildstæðu enskuefni fyrir yngsta- og miðstig.

© Alinea

Höfundar danskrar og norskrar útgáfu:

Louise Holst Tollan og Lena Smith Boysen

Ellen M. Tudor Edwards, Tone Omland, Isabelle Royer,

Victoria Armstrong Solli

Ritstjórn danskrar útgáfu: Mie Schröder

Hönnun: Sysser Bengtson

Teikningar: Ana Gram

Ljósmyndir

Shutterstock bls. 5, 37, 42, 55, 58, 66, 67, 69

Alamy bls. 20, 57, 59, 60

Guinness World of Records 64

Getty 67

Birt með leyfi Malavath Poorna bls. 68

Ritstjóri íslenskrar útgáfu: Arna Guðríður S. Sigurðardóttir

Þýðandi: Ástríður Einarsdóttir

Staðfæring: Ástríður Einarsdóttir, Erna Jessen

Yfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2022

Menntamálastofnun

Kópavogi

Bókin er gefin út á Íslandi með leyfi Alinea.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefenda.

Vefsíða: yeswecan.is

Yes we can er heildstætt námsefni í ensku fyrir yngsta og miðstig. Efnið byggir á grunnþáttum aðalnámskrár grunnskóla og hæfni-
viðmiðum fyrir erlend tungumál. Því er ætlað að auka hæfni
nemenda til þess að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í
fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Efnistökur eru fyrst
og fremst úr hversdagslífi nemenda og miða að því að víkka
þekkingu og skilning á daglegu lífi og menningarheimi ensku-
mælandi þjóða og hlutverki einstaklingsins í alþjóðasamfélagi.

Áhersla er á samfelldan texta sem höfðar til nemenda og
fjölbreytt verkefni sem byggja á textunum. Hlustun og
málnotkun eru í fyrirrúmi en áhersla á lestur og ritun eykst
markvisst eftir því sem líður á námið.

Námsmat er hluti af námsefninu og áhersla er lögð á þátttöku
nemenda í mati á eigin námsstöðu og aukinni meðvitund um
eigin námsaðferðir og vinnulag.

Yes we can 6 samanstendur af

- nemendabók (einnig rafbók)
- verkefnabók (einnig rafbók)
- kennsluleiðbeiningar
- vefefni fyrir nemendur og kennara

Í **Yes we can 6** fá nemendur ríkuleg tækifæri til að

- þjálfá hlustun og tal
- lesa og vinna með mismunandi texta
- þjálfá mismunandi tegundir ritunar
- vinna fjölbreytt skapandi verkefni á eigin forsendum
- fá innsýn í hnattræn málefni